

# VARÐMENN KVÓTANS

FISKISAGA AF EINELTI

GUDJÓN E. HREINBERG



# VARÐMENN KVÓTANS

FISKISAGA AF EINELTI

**GUÐJÓN E. HREINBERG**

© 2013 Guðjón Elías Hreinberg Ívarsson. Efni bókarinnar er verndað af höfundarétti og öll réttindi áskilin. Óheimilt er án endurgjalds að vista efni þessarar bókar á rafrænan hátt, prenta það, fjölfalda og dreifa. Sérstaka heimild þarf til breytingar eða þýðingar á efni hennar og skyldi þá í öllum tilfellum getið heimildar og vísað í upprunaefnið.

ISBN 978-9979-72-362-2

[www.not.is](http://www.not.is)

## Efnisyfirlit

Formáli, Játning þolanda . . . . .	5
1. Kafli. Tónninn settur . . . . .	12
2. Kafli. Draumastarf . . . . .	17
3. Kafli. Hin faglega nálgun . . . . .	24
4. Kafli. Stolt forritarans . . . . .	32
5. Kafli. Tæknivæddur heimur . . . . .	36
6. Kafli. Breiðsíða kerfisins . . . . .	46
7. Kafli. Ærulaus að ósekju . . . . .	61
8. Kafli. Varðmenn kvótans . . . . .	74
9. Kafli. Einelti og ótti . . . . .	90

## **Varðmenn kvótans - Fiskisaga af einelti**

Þetta er sagan af því þegar kvótakerfi Íslands var opið fyrir tölvuárásu árum saman. Hvernig maðurinn sem lokaði holunum var látinn víkja. Hvernig góðborgarar Fiskistofu, Varðmenn kvótans, eyðilögðu frama samstarfsmanns og fór þar fremstur Árni Múli Jónasson þáverandi Fiskistofustjóri.

Allar myndir í bókinni tengjast Fiskistofu með beinum eða óbeinum hætti.

## Formáli, Játning þolanda

Ég heiti Guðjón Elías Hreinberg Ívarsson og hef starfað í upplýsingatækni síðan 1993. Ég gaf út fagtímarit um tölvur frá árunum 1993 til 1997. Frá 1997 til 2005 var mitt aðalstarf að kenna á tölvur og frá 2006 til 2009 starfaði ég eingöngu við forritun. Frá áramótum 2010 hef ég verið atvinnulaus en sótt um hundruðir starfa á tímabilinu.



Sú saga sem hér verður sögð er eðlis síns vegna dálítið löng og partar af henni eru tæknilegir. Það sem gerir hana áhugaverða er að hún sýnir afbrigði af einelti sem er beitt þöggun í okkar samfélagi.

Einelti er fyrirbæri sem við almennt viljum útrýma. Einelti er þó ekki einfalt. Vissulega er það einfalt mál ef við erum vitni að því að krakki í skóla verður fyrir einelti. Dæmi eru um að börn sem skipti um skóla vegna eineltis blómstri í nýju umhverfi.

Einn kunningi minn var mjög virkur á Facebook fyrir nokkru síðan í baráttu gegn einelti. Hann tók þó síðar þátt í einelti á Facebook og var sannfærður um að hann gerði rétt. Þegar honum var bent á að hann hefði aðila fyrir rangri sök fjarlægði hann eineltis færslurnar en þaðst þó ekki afsökunar.

Þessi mál er viðkvæm og oft ill skilgreinanleg. Til að mynda er einelti ekki bannað með lögum á Íslandi né heldur skilgreint nákvæmlega hvað það er. Ef þú vilt fjalla um einelti á ensku þá er sama uppi á teningnum því hvernig er einelti skilgreint á ensku? Það heitir ýmist *Mobbing* eða *Bullying* á ensku og til eru nánari faglegar skilgreiningar á því hvað einelti er og hvaða afleiðingar það hefur.

Sum erlend ríki hafa bannað einelti með lögum. Ég mæli með lesningu á enska hluta Wikipedia um þetta efni og þá út frá orðum á borð við bullying eða *mobbing*. Það er ekki mitt að fara nánar út í faglegar skilgreiningar eineltis. Sjálfur missti ég farveg míns frama í kjölfar eineltis og þessi bók snýst um mína persónulegu sýn á þá sögu.

Þeir sem stóðu á bak við eineltið geta falið sig á bak við það orðalag að útkoman sé mér sjálfum að kenna og að skrif mín nú stafi af sárindum. Svo er þó ekki enda lýsi ég opinskátt eigin þætti og axla á honum ábyrgð.

Þeir sem lögðu mig í einelti, gerðu mig að skótspón vegna atburðar úr minni fortíð. Mér varð á í messunni í liðinni fortíð, svo ég mildi orðalagið. Ég hins vegar vann úr þeim atburði, bæði að eigin frumkvæði og með dyggri hvatningu úr eigin félagsneti og með stuðningi Félagsþjónustu í formi styrks til viðtala hjá sálfræðingi.

Ég tók þá ákvörðun að segja upp störfum í kjölfar eineltis en það var ekki minn vilji. Minn nánasti yfirmaður var gerður að milliliði í að þrýsta mér til uppsagnar og þráfallega leitaðist við að sannfæra mig um að mér væri best á að segja upp. Benti hann ítrekað á að atvinnumál í mínu fagi, og mín sérþekking, væri þannig fallin að ég yrði fljótur að finna sambærilegt starf og fengi næg meðmæli. Á þeim tíma var ég undir miklu álagi úr ýmsum áttum, sem skýrast mun í sögunni, og áttaði mig á því um seinan að þetta var orðagjálfur ætlað til að auðvelda yfirstjórn að ýta mér úr starfi.

Að þessu sögðu þar umræddur aðeili enga beina ábyrgð á því ofbeldi sem ég var beittur og studdi mig málefnalega að því marki sem honum var unnt. Hans starf var einnig í hættu eins og kemur fram í bókinni.

Markmið mitt með frásögunni vil ég að komi fram áður en lengra er haldið. Sem er að segja frá sérstökri tegund eineltis á Íslandi. Þess vegna nefndi ég skólaeinelti eða einelti á Vefnum sem geta verið óvægin og jafnvel unnin af fljótfærnisástæðum. Slík atvik fá ætíð athygli en karlmenn geta ekki stigið fram og sagt sína sögu, því týpísk karlmennsku ímynd bannar það. Einnig er mjög erfitt fyrir fólk að segja frá hvað gerist í fyrirtækjum og stofnunum hérlendis því vinnumarkaðurinn er lítil og auðvelt að verða horreka sé maður þekktur að því að *rugga bátnum*.

Maðurinn sem ég nefndi að beitti óviljandi einelti á Vefnum gerði það af réttum hvötum en vissi í ekki að hann væri að gera rangt. Hann taldi sig hafa upplýsingar sem síðar reyndust vera rangar. Þekki ég bæði gerandann og þolandann. Sá síðarnefndi beið tjón af völdum eineltis á Netinu, ekki af hendi fyrrgreinds manns heldur af þeim hópi fólks sem ritaði um viðskipti hennar og fór rangt með.

Fljótfærnislegar yfirlýsingar í heyranda hljóði geta unnið skaða í hita leiksins sem daginn eftir er gerandanum gleymdur en þolandinn gæti liðið þjáningar lengi á eftir og jafnvel beðið tjón af.

Segjum að sögusögn komist á kreik í hverfinu mínu. Að einstaklingur sem býr þar hafi flutt inn fíkniefni fyrir mörgum árum. Hann gæti hæglega orðið sniðgenginn af grönnum sínum lesi þeir eldgamla frétt á Vefnum. Kannski var efnið keypt til eigin neyslu, kannsi var þetta fyrir fimm eða tíu árum. Kannski snéri hann við blaðinu og er reglumaður í dag. Það er auðvelt að dæma aðra útaf einhverju sem maður les einhvers staðar, en hver er manneskjan í dag, hverjir voru málavextir?

Kannski er þetta aðili sem lætur gott af sér leiða í samfélaginu, heiðvirður og dugandi einstaklingur. Hver hefur ekki kynnst



óvirkum alkóhólista sem áður hagaði sér eins og svín með víni, skaðaði sjálfan sig og aðra, en snéri við blaðinu og er til fyrirmyndar síðan? Sumir slíkra eru að vinna öflugt forvarnarstarf með yngra fólki.

Ef við trúum ekki að fólk geti axlað ábyrgð á mistökum sínum og ræktað sinn betri mann, hvað með okkur sjálf? Hver hefur ekki gert mistök í lífinu og verið gefið svigrúm til að vaxa frá þeim?

Ég þekki til tollþjóns sem um tíma hafði yfirumsjón með þjálfun og notkun fíkniefnaleitarhunds. Síðar hóf hún sambúð með manni sem hefur afplánað dóm fyrir þáttöku í fíkniefnainnflutningi. Nú veit ég ekki hvort hann flutti inn fíkniefni eða ekki. Hann hefur hins vegar tekið út sína refsingu, er virkur þáttakandi í venjulegu samfélagi og þau hafa stofnað fjölskyldu. Á að treysta tollþjóni þessum til að leita að fíkniefnum og stöðva dópsmygl?

Í þessu tilfelli er um að ræða manneskju sem hefur breitt það út að ég berji hundana mína. Ég er virkur hundþjálfari og þannig skaraðist okkar félagshringur um tíma. Hún veit að ég barði konu mína þegar ég kom að henni *við vafasamar aðstæður*. Því finnst henni ég vera *maður af því tagi að ég hljóti að beita hunda mína ofbeldi*. Þó hefur hún reynslu og þekkingu til að lesa sannleikann í atferli hunda minna. Á ég að sama skapi að tengja hana við fortíð sambýlings síns?

Það er svo auðvelt að sjá flísar í augum annarra!

Ég ætla ekki að leggja neinn í einelti út af einhverjum illa ígrunduðum skoðunum, og alls ekki yfirleitt. Ég gæti í fyrrgreindu dæmi talað við kunningja sem þekkja fyrrgreint þar og komið af stað umtali en það segði meira um mig en þau, og við gerum ekki slíkt. Góðborgarar Fiskistofu sem beittu mig ofbeldi lýstu

sjálfum sér best. Á sama hátt erum við þáttakendur ef við tökum þátt í þöggun.

Við berjumst gegn því að einelti viðgangist í skólum. Við uppfræðum börn okkar á þann veg að þau forðist einelti og láti vita þegar það gerist. Við birtum fréttir af því í fjölmiðlum þegar fólk er lagt í einelti á vinnustað. Það er kannski einhver lagður í einelti fyrir að vera leiðinlegur. Annar fyrir að vera fýlupoki. Enn einn fyrir fortíð sem fréttist í kjaftasögu. Yfirlýsingar á Facebook og samskiptamiðlum draga aðra í svaðið.

Hvarvetna er á því vakin athygli ef einelti gerist og smám saman er fólk meira meðvitað um að hætta þessu. Karlmenntu eru þó hvergi lagðir í einelti, eða geta ekki stigið fram og sagt sína sögu. Karlmenntu gráta ekki. Þeir eru harðir og yfirvegaðir og sterkir. Þeir bera harm sinn í hljóði og halda áfram veginn.

Hvað á karlmaður að gera á miðjum aldri sem er tekinn svo rækilega af lífi sem fagmaður að hann missir það litla sem hann á og fær ekki viðreisn? Hvað á hann að gera þegar hann sér gerandann stíga fram á sjónarhól stjórnmalanna og auglýsa sjálfan sig sem baráttumann mannréttinda og jöfnuðar? Taka þátt í þöggun eða stíga fram?

Ég hef staðið af mér marga erfiða ágjöf í lífinu, allt frá æskudögum. Ég er ekki vanur að ræða slíka hluti og vil það síður en ég hef mínar tilfinningar. Ég hef felld tár og ber virðingu fyrir karlmönnum sem þora því, frekar en þeim sem ekki viðurkenna tilfinningar. Það er bæði mín afstaða og persónulega reynsla að fólk sem viðurkennir tilfinningar sínar kemur yfirleitt sterkara út úr ágjöf.

Ég nefni til gamans frásögu þessu viðhorfi til skýringar.

Ég bjó í sex ár með Ítalskri konu sem er fædd á Sikiley. Hún ólst upp hluta æsku sinnar í hitabeltinu. Þegar hún flutti til Íslands



kvartaði hún í sífellu yfir hverju því sem hún kynntist á Íslandi. Hvernig hitt og þetta væri og fann að öllu. Það er algengt með fólk úr suðurlöndum að það bendir á hlutina.

Hún bjó hér í eitt ár til viðbótar eftir að okkar sambúð lauk. Á öðru sambýlisári segi ég við hana: „Hvers vegna ertu alltaf að kvarta svona mikið? Sættu þig bara við hlutina. Við Íslendingar sættum okkur við veðrið eins og það er og umferðina eins og hún er. Við nöldrum stundum en flestir sætta sig við hlutina og bíta á jaxlinn. Þetta nöldur er hundleiðinlegt.“

Þá sagði hún við mig: „Ég er hérna enn og það á öðru ári. Manstu að þegar ég var nýflutt hingað fór ég á námskeið í Íslensku?“ Ég mundi það og hún minnti mig á að hún kynntist mörgum hinna útlendinganna á þessu námskeiði.

„Manstu að fólkið sem ég kynntist var frá ýmsum löndum á borð við Bandaríkin, Noreg, Tæland, Holland og víðar? Það hafði flest komið hingað af sömu ástæðu og ég. Það ætlaði sér að búa með hér vegna maka en ekki af áhuga. Manstu eftir að ef þú spurðir hvernig þeim líkaði á Íslandi, að öllum nema einum líkaði ágætlega og fannst veðrið vera eitthvað til að sætta sig við og að hér var enginn gróður og allir sátir. Við vorum bara tvær sem settum útá og gagnrýndum.“

Þetta mundi ég mjög vel. Þetta fólk var með rétta viðhorfið.

„Já einmitt, af átta útlendingum sem voru á námskeiðinu erum við tvær eftir. Hin eru öll flutt heim aftur. Hin er sú sem einnig gagnrýndi.“

Ég hef lært í gegnum árin að þetta viðhorf fyrrverandi konu minnar hefur mikið til síns máls. Sá sem er sínöldrandi yfir öllum sköpuðum hlutum er kannski ekki sá skemmtilegasti en sá sem þegir yfir öllu og sættir sig við allt er kannski þægilegri. Vel getur



verið að sá fyrrnefndi hafi meira úthald. Ég ætla þó ekki að fullyrða um það.

Ég er einn af þeim karlmönnum sem hefur orðið fótarskortur í sínu einkalífi. Ég kom að síðari konu minni við aðstæður þar sem ég taldi að hún hefði verið að halda framhjá með manni. Ég orða þetta gætilega því það var ekki látið reyna á það fyrir dómi hvort hún hélt framhjá eða ekki og stóð orð á móti orði með það.

Ég brást rangt við og beitti ofbeldi á þessari ögurstund. Hef ég í kjölfarið hlotið fimm dóma í réttarkerfinu. Það ferli hefur kostað mig rúmlega níu milljónir króna, sem ég er ekki borgunarmaður fyrir og fer sú skuld hækkandi ár frá ári með vöxtum. Ég hef afplánað refsingu fyrir afbrot mitt og átti hana skilið. Ég átti hins vegar ekki skilið að frami minn og lífsafkoma væri rústuð og heimilislíf og félagslegar aðstæður eyðilagðar.

Vil ég alls ekki afsaka ofbeldið sem náði tókum á mér umræddan dag. Réttarhöldin sýndu fram á að ég hafði aldrei fyrr beitt þessa konu ofbeldi. Hafði ég aldrei beitt ofbeldi fyrr, né síðan. Þá langar mig að draga fram að ég var dæmdur fyrir „að snerta konuna ósæmilega“. Þó kom fram fyrir dómi að slíkur gjörningur gerðist ekki. Var dómurinn byggður á framburði sem borinn var fram undir áhrifum áfengis á ögurstundu og síðar dreginn til baka, og sýnt fram á að gerðist ekki. Vekur það áhugaverðar spurningar um sýn dómarsins á karlmenn.

„Fiskisaga af einelti“ er þannig frásaga af því hvernig þessi atburður var notaður sem blóraböggull til að hindra frama minn sem forritara og mun ég leitast við að rökstyðja það. Hvort sem lesandinn er síðar sammála Fiskistofustjóra um réttmæti þess að þyngja dóm minn í samfélaginu, eða ósammála, þá er framangreint hornsteinn að því ofbeldi sem ég var beittur. Því er mikilvægt að átta sig á því að frá fyrsta degi hef ég viðurkennt

fúslega það ofbeldi sem ég beitti, og afneitað því sem ekki var framið. Enda sannfærður um að farvegur heilunar taki fyrsta skrefið í afdráttarlausum heiðarleika.

Ég átti erfitt uppdráttar félagslega í langan tíma í tengslum við áhugamál mitt sem er hundabjálfun. Ýmsir einstaklingar á þeim vettvangi komu af stað þeim orðrómi að ég beitti hunda mína ofbeldi. Í öllum tilfellum var um að ræða fólk sem veit af eigin reynslu hvernig lesa má hvernig uppeldi hundar fá heima við. Slík lesning tekur örfáar mínútur með einföldum prófum og mínir hundar standast próf þetta með glans.

Sumir hafa haldið því blákalt fram að hafa séð til mín við ofbeldisverknað í garð hunda minna. Sá sem kynnst hefur hundum mínum veit hversu fjarstæðukenndur áróður þetta er.

Það er mikill munur á manni sem kemur að maka sínum við ósiðlegt athæfi og missir stjórn á sér í stundarbrjálæði eða fólk sem ítrekað beitir maka sinn ofbeldi. Að dæma mannorð manna segir oft meira um dæmandann en hinn dæmda.

Það er einmitt þess vegna sem ég segi þessa sögu. Það getur vel verið að fólk sem úthrópar mína persónu hafi rétt fyrir sér. Vel má vera að ég sé það illmenni sem ýmsir vilja meina að ég sé. Eins getur verið að vinafólk sem heldur öðru fram hafi rétt fyrir sér. Hvort heldur ég í mínu einkalífi er ærlegur maður eða ekki er málinu óviðkomandi.

Það sem máli skiptir er hvort ég sé fagmaður sem eigi skilið viðurkenningu á þeim störfum sem ég inni af hendi. Einnig hvort hægt sé að umgangast mig sem samstarfsfélaga, hvort ég skila mínum verkum með faglegri nálgun og af þeirri virðingu að verkin tali sínu máli. Geng ég til minna verka af alúð og samviskusemi eins og hver annar?



Vissulega er eitthvað í minni fortíð sem setja má út á en á ég rétt á að geta sinnt mínu fagi og rétt á því að geta unnið mín störf og stundað vinnu og þannig taka þátt í uppbyggingu okkar samfélags eins og hver annar eða ekki?

Ef ég væri tólf ára barn sem varð fyrir skaða af völdum eineltis kæmi það í blöðin. Ef ég væri ómenntuð starfskona sem missti starf vegna eineltis þá myndi samfélagið fyllast vanþóknun á hvernig komið væri fram við hana. Það er minnst á eina slíka frásögu í bókinni sem einnig gerðist á Fiskistofu.

Ég er hins vegar karlmaður og karlmenn eiga að vera sterkir og bera harm sinn í hljóði. Ekki nóg með það heldur karlmaður með blett á sinni fortíð. Þegar ég leitaði til stéttarfélags míns var beiðni minni um stuðning stungið undir stól.

Ég er stoltur af uppruna mínum sem Íslendingur. Ég er stoltur af þeim forréttindum á sviði heimsmála sem það felur í sér að búa á Íslandi. Ég hefði getað flutt úr landi eftir afplánun eins og hafið nýtt líf annarsstaðar. Ég valdi að vera um kyrrt á Íslandi og taka þátt í uppbyggingu Íslands og endurbyggja mína einkatilveru hér og vera sá Íslendingur sem ég gæti borið virðingu fyrir. Ég hef aldrei skilið fólk sem leitar að fegurri og grænni hlíðum handan við lækinn vitandi hve gott er að búa hérna megin.

Þá mun þessi saga leiða í ljós að kvótakerfi Íslendinga var, og er hugsanlega enn, í uppnámi og opið fyrir árás tölvuþrjóta. Var þetta ástand vegna stórfellds skorts á faglegum vinnubrögðum, sem voru enn við lýði þegar ég hvarf frá stofnuninni. Ég leyfi mér að efast um að sérforritaðra og lausnir Fiskistofu þoli nána rýni. Því vakna í kjölfarið spurningar um ástand faglegra vinnubragða í stofnunum ríkisins almennt.

Eftir rúmlega þriggja ára þögn um þessi mál hef ég valið að sýna hugrekki og ganga fram fyrir skjöldu með söguna. Ég mun halda áfram að leita leiða til að endurbyggja mitt líf en það gætu verið fleiri karlmenn sem verið er að mála út í horn og ekki hafa þann kjart. Það er mín einlæga ósk að fólk sem stillt er upp við vegg og fær enga vörn, geti fengið félagslegan stuðning í sínum málum. Breytni og afstaða hvers og eins okkar hefur mótunaráhrif á samfélag okkar.

Breytni og afstaða hvers og eins hefur mótunaráhrif á samfélag okkar. Ef við viljum ekki samfélag eineltis, kvíða og þöggunar, verður hvert og eitt okkar að segja sína sögu. Jafnframt hljótum við að krefja valdafólk um ábyrgð, lýðræði krefst þess.

# 1. Kafli. Tónninn settur

Það er vandlifað í henni veröld. Á hverjum degi lífsins lendum við í uppákomum sem við áttum ekki von á. Jafn fátánlegir hlutir eins og að einhver svínar fyrir í umferðinni og við hugsum „þvílíkur fáviti“.

Á hverjum einasta degi gerist eitthvað í mannlegum samskiptum og tilveru sem við áttum ekki von á. Allt frá neikvæðum atriðum í jákvæð. Það er gott og það er gaman að vera til. Það er gaman að fara í vinnu og mæta fólki sem maður starfar með og vita ekkert hvaða uppákomur munu gerast yfir daginn. Hvað mun verða sagt við mann, hverju mun maður taka þátt í. Yfirleitt vitum við bara aðalatriðin fyrirfram.

Vörubílstjóri veit að hann mun verja deginum í að keyra vörubíl. Hann veit jafnvel leiðirnar sem hann mun fara. Hann veit kannski að hann mun sækja möl í ákveðnar námur þennan daginn og nokkurn veginn hvaða bílstjórar verða á þeirri leið. Hann veit þó ekki hvað mun gerast í umferðinni. Hann veit ekki hvaða samræður fara í gang á kaffistofunni. Hann veit ekki hvaða símtöl hann fær yfir daginn eða hvað kemur út úr þeim.

Sami maður gæti hafa ætlað að vera heima eftir vinnu og horfa á sjónvarpið það kvöldið. Svo hringir vinur hans og biður hann að skreppa með sér að skoða bíl sem hann langar að kaupa. Konan stingur kannski upp á því að skreppa í bíó og lyfta sér á kreik eða gera eitthvað nýtt.

Hver einasti dagur er nýr dagur. Við þekkjum af reynslu að þegar við lendum í aðstæðum sem við ráðum ekki við brýn á okkur. Það er einmitt í aðstæðunum sem við áttum alls ekki von á – sem við áttum síst von á – sem brýna mest og kenna okkur hvernig við erum samsett.



Sum okkar hafa vanist því að þegar aðrir en við lenda í flóknum aðstæðum og ráða ekki við þær, þá eigum við til að dæma hart. „Ferlegur asni er þetta“, eða „þvílíkur fáviti“, eða „meiri druslan“ eða eitthvað slíkt. Það er auðvelt að upphugsa ódýr orð og meirihlutinn hefur vit á að þegja yfir þeim. Hver má þó hugsa það sem honum sýnist.

Maður nokkur býr í grennd við mig ásamt kærustu sinni. Þau eru dálítið óvenjuleg. Hún er ekki mannblendin en þó kurteis og viðfelldin kona þegar nágrannar hennar eiga við hana samskipti. Hann er hins vegar hálfgerður durtur. Ef hann getur ekki lagt bílnum sínum á *réttum stað* í götunni er hann vís til að standa á gægjum allan daginn án þess að nokkur taki eftir og bíða eftir því að sá sem er *í stæðinu hans* færi sig. Bíður svo ekki boðanna að skjótast út og færa sinn bíl ef plássíð losnar. Þegar hann gengur um tuldrar hann í barminn og talar við sjálfan sig. Öllum sem sjá til hans í götunni og hafa heyrt í honum finnast hann vera dálítið kjánalegur, enda auðvelt að hugsa þannig.

Fólk sem í grenndinni hefur kynnst þessum manni segir „hann er skrýtinn þegar þú sérð hann úr fjarlægð, en besta skinn, hann kann ekki á mannleg samskipti. Kann ekki að vera vingjarnlegur.“ Það er svo auðvelt að dæma.

Við lendum öll í aðstæðum sem við ráðum ekki við en vinnum misvel úr þeim. Manstu eftir flugstjóranum sem er af Íslenskum ættum. Hann lenti í því að flugvél bilar sem hann var að fljúga í Bandaríkjunum – mig minnir yfir Washington borg – og það er fyrirsjáanlegt að hún muni hrapa. Hann nær að snúa vélinni og lenda á fljóti í borginni. Bæði náði hann að lenda henni þannig að enginn slasaðist innanborðs og að engin hús skemmdust.

Það var ekki honum að kenna að vélin bilaði. Hann vann því vel úr erfiðum aðstæðum og við dáumst að fólki sem gerir það.

Okkur hættir til að dæma fólk sem vinnur rangt úr aðstæðum. Síðar þegar við kynnumst þeim betur og skiljum hvernig það er samsett lærum við oft að við dæmdum full hart í byrjun. Flest okkar að sá lýsir sjálfum sér best sem aðra dæmir.

Ég lenti í aðstæðum á mjög stuttum tíma og var tilfinningalega vanbúinn til þess að takast á við. Það hófst allt með stórum viðburði. Þannig var að ég kom að konu sem ég var í fjarbúð með, hún var þá í fanginu á giftum manni. Ég tapaði mér gjörsamlega. Ég hafði aldrei gert það áður og aldrei lent í svona aðstæðum áður. Því miður tók ég það út á henni frekar en að bakka út úr aðstæðum og hverfa þegjandi á braut. Svo lærir sem lifir.

Þegar ég var kærður fyrir líkamsárás tók ég þá afstöðu að tryggja skyldi að slíkt myndi aldrei gerast aftur í mínu lífi. Hvorki myndi ég aftur lenda í slíkum aðstæðum og ennfremur tryggja að ég myndi aldrei aftur bregðast rangt við. Hef ég leitað ýmissa úrræða til að standa við þetta heit.

Mig grunaði að nær allir sem myndu komast að því hvað gerðist myndu dæma mig harkalega fyrir. Ekki síst ég sjálfur. Ég hef ævinlega fyrirliðið menn sem bregðast við á þann hátt sem ég gerði þennan dag. Ég hefði aldrei trúað því að ég væri fær um ofbeldi. Við réttarhöldin kom fram að ég hafði aldrei áður beitt ofbeldi.

Ég tók þá afstöðu þegar þetta gerðist að mér bæri af hreinskilni og einlægni viðurkenna athafnir mínar. Þannig gæti ég tekið ábyrgð á mínum verknaði fyrir Guði og mönnum. Það yrði fyrsta skref mitt til að tryggja að slíkt myndi aldrei gerast aftur. Að ég myndi viðurkenna fyrir hverjum þeim sem spyrði út í þessa hluti, minn hlut í atburðum og hvernig ég brást við. Einnig myndi ég geta sýnt hvernig ég hefði unnið úr þessu hverjum þeim sem heyra vildi.

*Þannig markaði ég strax frá upphafi sterk skref til bata og heilunar. Hefur þessi afstaða mín orðið farvegur heilunar, kjarks og styrks.*

Þannig er hreinskilni og jákvæðni mitt aðal og hef ég staðið með þeirri afstöðu alla ævi. Ég ákvað einnig að láta engum steini ósnúið í leit minni að heilun. Enginn vafi er á því að maður sem ekki þolir að finna unnustu sína í fanginu á öðrum manni, að bregðist hann við með ofbeldi þá er eitthvað að hjá honum sjálfum.



Ég ákvað því að ég skyldi fara í gegnum hveja þá hindrun sem yrði á vegi mínum til heilunar. Nú eru mörg ár liðin frá atburðinum og margt á dagana drifið. Markmið þessarar bókar „Fiskisögu af einelti“ er ekki að fara í gegnum uppgjör þess ofbeldisverknaðar, sem ég framdi í óvæntum og slæmum aðstæðum. Hún á sér heldur ekki það markmið að lýsa hvernig ég vann úr því né heldur að sanna hver ég sé í dag. Sá farvegur sem ég fann til heilunar er útskýrður rækilega í bók minni „Ferli hins jákvæða vilja“ og í hljóðbók sem henni fylgir og er það efni aðgengilegt á [www.ferlid.is](http://www.ferlid.is).

Þó vil ég að fram komi í þessu samhengi að ég hef átt í ástarsamböndum síðan þetta gerðist. Ég hef kynnst góðum konum sem hafa lent í ofbeldi af því tagi sem ég beitti umræddan dag. Konum sem bjuggu jafnvel árum saman við ofbeldi en þorðu samt að kynnast mér náið og geta borið því vitni að ofbeldi er ekki beitt sem úrræði í mínu einkalífi.

Sem fyrr segir hef ég gætt þess síðustu ár að vinna úr mínum persónulegu fortíðar og tilfinningamálum. Ég hef horfst í augu við flókin tilfinningamál eins og ég drap á áður og hef þurft að vinna úr erfiðu þunglyndistímabili þar sem ég hugleiddi endanlega lausn á lífi mínu svo vikum og mánuðum skiptir en náði að sigrast





á því án aðstoðar. Ég hef þannig tileinkað mér að rækta bjartsýni og starfsorku þegar öll sund **eru** lokuð.

Ég hef engan áhuga á persónulegri athygli og er alinn upp við það viðhorf að ganga skuli til sinnar starfa og vinna af alúð. Ég er alinn upp af föðurömmu minni í Skorradal, til að lifa í heiðarleika og dugnaði, að vera vinur vina minna og trúr því fólki sem bindst mér. Eitt aðal áhugamál mitt er heimspeki. Slíkir vilja starfa í kyrrð og næði en birta verk sín á vettvangi slíkra.

Í mínum örlögum fólst hins vegar að mín persóna yrði fyrirlitin í augum samfélagsins og að einn dagur í tilveru minnar tekinn og honum umsnúið fyrir úr auga samfélagsins. Ég lifði það af. Ég hef engan áhuga á því að velta mér nánar upp úr því. Ég hef áhuga á að vinna og þrái að komast aftur í gang með minn starfsframa og geta unnið fyrir mér og mínum. Ég þrái að geta sinnt skyldum mínum fjárhagslega, eins og ég hef ávallt gert af alúð og samviskusemi. Ég hef engan áhuga á því að ganga fram fyrir skjöldu og fá þannig meiri athygli, þvert á móti.

Bók þessi er því sagan um eineltið sem ég var beittur á Fiskistofu, vinnustað sem er obinber stofnun. Eineltið var af hálfu yfirmanna þessarar stofnunar. Lýst verður hvernig eineltið var óverðskuldað og persónulegt. Slíkt er alvarlegt mál í ljósi þess að opinberar stofnanir vinna eftir skýrt mótuðum reglum, bæði faglega gagnvart þeim verkefnum sem þeim eru falin, og eins varðandi framkomu við starfsfólk. Téð einelti hafði að skelfilegar afleiðingar fyrir mínar heimilisaðstæður. Afleiðingar sem ég hef ekki fengið neinn réttlætis úrskurð fyrir.

Meirihluta hvers mánaðar lifi ég á fátæklegri og lélegri nærinu því ég hef ekki efni á neinu öðru. Ég er í stórfelldum vanskilum í banka. Er í tvo mánuði á eftir með húsaleigu íbúðar sem ég var að kaupa á þeim tíma sem ég hafði starf. Ég hef misst það

litla sem ég hafði eignast í lífinu og starfsmöguleikar hafa reynst engir. Starfsframi sem ég varði fimmtán árum í að byggja upp er ónýtur.

Það fólk sem vann að því að svona fór, eru góðborgarar sem ekki mega vamm sitt vita. Annar aðal gerandinn er sérfræðingur í mannréttindalögum og gefur sig út fyrir það á pólitískum vettvangi að hann sé varðmaður mannréttinda og velferðar. Maður sem auk þess hefur starfsreynslu hjá Rauða Krossi Íslands, af félagslegum vettvangi og einnig starfað sem lögfræðingur hjá Umboðsmanni Alþingis. Hann veit fullvel hvers kyns örlög hann bjó mér þegar hann með virkum hætti tók þátt í að þyngja minn refsidóm og viðurkenndi hann í samræðum við mig að hann væri meðvitaður um þetta.

Það eru fleiri en ég sem hafa orðið fyrir einelti af þessum toga og hjá sömu stofnun. Það eru fleiri en ég sem hafa misst starf þar í kjölfar eineltis. Aðrir hafa beygt sig eða látið buga sig. Ég finn mig þess knúinn sakir virðingar minnar fyrir heiðarleika og af virðingu fyrir öðru fólki, að segja þessa sögu á þann hátt sem aðrir gætu lært af.

## 2. Kafli. Draumastarf

Þegar ég fékk starfið á Fiskistofu datt ég inn í draumastarfið. Það er mikilvægt frá mínum bæjardyrum séð að þú lesandi góður vitir hvað ég á við. Á þessum tíma hafði ég starfað meira og minna sem verktaki í þrettán ár, sem sjálfstæður maður.

Verktaki lifir á að selja gæði vinnu sinnar en ekki afköst eða *orðanna hljóðan*. Hann er gíraður inn á að vinna vel, að skila góðu og vönduðu starfi, og hann ber ábyrgð á því sem hann gerir. Ég var ráðinn í starf þar sem ljóst var fyrirfram að ég þyrfti að mestu að starfa einsamall og bera ábyrgð á mínum verkum.

Það var því áriðandi að ég er fær um að stjórna sjálfur hvernig ég vinn mín verkefni, að ég sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og sé óhræddur að sýna afrakstur þess sem ég vinn að.

Viss feimni er algengt meðal forritara þegar forritað er í hóp. Þegar margir koma að sama verkinu getur verið feimnismál að sýna öðrum forriturum hvernig maður leysir sínar lausnir, hvernig maður smíðar sinn kóða. Menn eru hikandi gagnvart samanburði á hver sé með gáfulegri lausnir. Þetta er hinn mannlegur þáttur og mjög eðlilegur. Ég hef unnið með og kennt þeim mörgum og þekki því vel til þessa.

Sá sem hefur hæfileika til að vinna einsamall og er ófeiminn að taka ákvarðanir um lausnir býr yfir vissum styrk. Það reynir á þennan styrk þegar hann starfar sem meðlimur í teymi. Þar skiptir máli að hann standi með því sem hann smíðar, að hann sé ófeiminn að taka ákvarðanir um lausnanálgun og að verk hans þoli rýni.

Maður sem gerir forrit þarf að gera þau þannig að virki fyrir notendur. Þegar notandi fer á Facebook, þá er hann í samskiptum



við forrit sem er smíðað af teymi forritara og það er gírað gagnvart því að vera auðvelt í notkun. Það er ekki alltaf gírað gagnvart því hvort honum líki nýjustu nýjungar og þá hvort hann vilji nota gamla eða nýja útlitið heldur hvort hann eigi auðvelt með notkun forritsins.

Flestar tölvur hafa stýrikerfi sem heitir Microsoft Windows, sumir hafa Macintosh og enn færri Linux. Hve margir velja því fyrir sér dags daglega hvaða stýrikerfi þeir hafa, svo fremi að það virki vel?

Ég mun reyna að sníða framhjá tæknilegum atriðum eins og hægt er í bókinni en mun þó ekki komast hjá því að snerta þau. Stór hluti þeirrar ástæðu að þessi bók varð til er sú að yfirmenn eru viljandi að forðast tæknilegar skýringar, jafnvel þær sem starf þeirra krefst að þeir skilji og síðar kenna þeir öðrum um. Það er mannlegur þáttur sem hin faglega nálgun ætti að leitast við að útrýma.

Ég trúí því í einlægni að bókin muni hafa áhrif til góðs á einhverjum stöðum. Kannski ekki varðandi mín mál en ég held að þessi saga þurfi að vera sögð.

Þú sem notandi veist hugsanlega að stýrikerfið á þinni tölvu heitir Windows eða „Mac OS“ en það skiptir þig engu máli. Þú ert ekki að skoða stýrikerfið heldur nota það. Þú opnar tölvupóstinn eða vafrar á Vefinn, opnar spjallforrit eða færir bókhald. Þú ert ekki að spá í hvert umhverfið er.

Ef þú hins vegar hefðir Linux stýrikerfi þyrftirðu að velja því fyrir þér því Linux er ekki hannað með þægindi notanda í huga. Því eru Linux notendur meðvitaðri um hvað þeir nota, enda oft fagfólk í upplýsingatækni. Hluti af starfi forritara er því að spyrja sig hvernig kerfin virka undir húddinu og einnig hvernig notendum

gangi að nota þau. Hvernig þeir geri forrit þannig úr garði að notendur taki helst ekki eftir forritinu sjálfu heldur einblýni á verkefnin sem þeir nota það í.

Það er til dæmis mun fleiri samskiptasíður í boði en Facebook sem er sú lang þægilegasta. Þegar þú notar Facebook ertu að skoða hvað kunningjar eru að skrifa, hver upphlód falletgrei mynd eða skrifaði góða stöðulínu. Þú ert minnst að velja því fyrir þér hvernig þú finnur hluti, því Facebook er þægilegt og þú finnur mjög auðveldlega og hratt það sem þú gætir viljað finna.

Á öðrum samskiptasíðum er notkunin oft þyngri í vöfum og óskýr gagnvart notandanum en yfirleitt *smart*. Windows hefur aldrei verið gírað gagnvart notanda í þá átt að vera sérstaklega flott, heldur fyrst og fremst þægilegt. Við vitum öll hvað það er þægilegt að hafa það þægilegt.

Að vinna með verkfærum sem eru óþægileg er hvorki gott né gaman. Það er ástæða fyrir því að klaufhamar og steikarpanna eru hönnuð fyrir notagildi og þægindi. Annað væri bara vesen og það vill það enginn. Starf forritarans er þannig til helminga fólgin í að gera forrit þægileg fyrir þann sem á að nota þau. Sá sem notar þau hefur engan áhuga né þörf fyrir að vita um tæknilega högun.

Hið sama á við bíla. Mismunandi bílar frá mismunandi framleiðendum bjóða notendum meira og minna sama stýrkerfið, og það er til þæginda. Hver myndi kaupa sér bíl sem hefði stýriþinna í stað stýris, eða talgervil í stað hraðamælis? Hversu algengt er að fólk á erfitt að muna hvort bíllinn sé bensín- eða díselbíll. Margir reiða sig á að það stendur við bensínlokið. Það er flestum slétt sama um hið tæknilega. Þú verður samt að vita hvort bíllinn tekur Bensín eða Dísel, annars eyðileggur þú

vélina. Það er eins með yfirmenn stofnana þar sem sérforritun fer fram.

Þú vilt keyra bílinn og komast á milli staða. Hversu algengt er að sumt fólk með lítinn bílaáhuga veit varla nafnið á bílnum sínum. Maður heyrir oft „bíllinn minn er lítill og rauður, krúttlegur, og eyðir mjög litlu.“

Maður spyr „hvað heitir hann?“

Og er svarað um hæl „æi ég man það ekki, jú, hann heitir Yaris“.

„Hvernig bíl áttirðu á undan?“

„Hann var svipaður, sætur og krúttlegur, blár og ég var ekki alveg eins hrifin af honum.“

„Hvað hét hann?“

„Ég er búin að steingleyma því.“ Allt of tæknilegt!

Það er gott að hafa þetta í huga að þegar forrit eru notuð. Því minna sem þú tekur eftir forritinu því betur hefur smiðurinn unnið sitt starf. Það er líka önnur hlið á starfi forritara sem snýst um að skila tæknilegri útfærslu vel. Það er reyndar bróðurpartur af starfi hvers hugbúnaðarmanns.

Mitt starf var þess eðlis að meiri parturinn snéri að hinu tæknilega. Það gerir smíði þessarar frásögu snúina því segja þarf frá þessu tæknilega án þess að gerast tæknilegur. Ég ætla þó að reyna.

Hér er skal nefna eitt dæmi til gamans.

Ég bjó á Írlandi árið 2002 en hafði einnig verið þar stóran hluta ársins 1998. Mín þáverandi sambýliskona hafði búið þar í átta ár þegar við kynntumst þar árið '98. Þannig höfðum við bæði



sterk tengsl við Írland og prófuðum að búa þar í eitt ár. Meðan ég bjó úti vann ég sem verktaki, sem leiðbeinandi á námskeiðum og einnig í hugbúnaðargerð. Þetta var skemmtilegt tímabil og skapandi.

Meðan ég var að koma mér upp tengslaneti kynnist ég reyndum forritara að nafni Sean. Hann var eldri og reyndari en ég og hafði unnið lengi í faginu. Hann vann mest sjálfstætt og oft með undirverktaka með sér. Eins og oft er með menn af hans tagi gerði hann miklar kröfur til þeirra „freelance“ manna sem hann fékk til verkefna.

saga af því hvernig hans frami hófst. Hann hafði ungur maður fengið sumarstarf í fyrirtæki sem vann við landmælingar. Þetta fyrirtæki setti öll mæligögn sín í tölvu og nýtti sér tölvuna til að vinna myndir út frá mælingunum. Þetta var á þeim tíma þegar tölvur voru langt frá því að vera hraðvirkar. Yfirleitt þurfti að kunna og vélrita skipanir öfugt við að velja með mús eins og gert er í dag. Þá voru þær mjög plássfrekar.

Á þeim tíma var því talsverð vinna að nota tölvur og þær oftast fofdýrar. Nú orðið kostar einstaklingstölva í mesta lagi mánaðarlaun verkamanns en þá kostaði hún jafnvel árslaun eða meir. Fyrirtæki á þessum tíma keyptu því aðeins tölvur að hafa góð efni og einnig efnameiri einstaklingar.

Téð fyrirtæki var stolt af að hafa tölvu með þeirri hugbúnaðarlausn sem hún vann eftir. Sean tók eftir að þegar mælingamenn slóu inn gögn þá var það ávallt í lok dags eða rétt áður en vinnudegi lauk. Mælingar dagsins voru því útbúnar fyrir keyrslu sem tölvan vann úr alla nóttina. Tölvan var allt frá átta til sextán tíma að vinna myndir úr gögnunum, allt eftir umfangi þeirra og flækjustigi.

Mælingamenn voru þannig vanir því að fá niðurstöður mælinga sinna daginn eftir og í einstöku tilfellum daginn þar á eftir. Kæmi upp villa í keyrslu forrits eða í innslætti gagna þurfti að vinna allt upp á nýtt. Þetta var þó fljótvirkara en áður fyrr þegar menn teiknuðu allar myndir á teikniborði. Tölvan var vesen en samt þess virði.

Sean hafði lært forritun sem áhugamaður í sínum frítíma, en mest til að laga til leiki. Leikir á þeim tíma voru þannig að þú þurftir að geta bjargað þér ef upp komu villur eða getað sett upp skriftur til að stýra tölvunni betur.

Ég sjálfur lærði þannig á tölvur. Ég keypti mér fyrstu tölvuna til að vinna ritvinnslu en á þeim tíma þurfti maður að geta bjargað sér. Síðan eru liðin tuttugu ár og ég er ennþá að grúska og vinna með þær.

Sean tók að skoða rúttínurnar í forritinu og fann út hvernig þær unnu téðar myndir. Þetta gerði hann í sínum frítíma eftir vinnu á kvöldin. Hann fékk afrit af forritinu með sér heim til að grúska. Það fóru í þetta fjórar helgar og þegar hallar á sumarið tilkynnir hann mælingamönnum „ég er kominn með nýja útgáfu af forritinu.“

Þeir hlógu að stráknum en leyfðu honum að sýna nýju rúttínurnar. Hann hafði prófað þær heima og var fullviss hver niðurstaðan yrði. Þetta er rétt fyrir hádegi. Hann tekur mælingar dagsins áður og hleður í nýja forritið, styður á Enter, og þrem tímum síðar voru myndirnar komnar. Hann stytta vinnslutíma fyrir þessar tilteknu mælingar úr tólf tímum í rúma þrjá. Það hlutfall hélt í runum upp frá því.

Hér liggur hundurinn grafinn í hugbúnaðar- og tölvuvinnu. Forritari gæti unnið vikum saman að einhverri lausn og allan tímann sjá notendur engar breytingar en allan tímann er hausinn



á forritaranum á yfirsúning við að útfæra og prófa lausnir og leita að bestu högun. Því er oft talað um högun í hugbúnaðargerð, að finna betri útfærslu sem muni spara tíma eða auka aðra skilvirkni svo sem að síður komi upp villur við keyrslu.

Það er oft áberandi hjá fólki eins og okkur Sean að við gerum miklar kröfur um gæði og skilvirkni. Við erum árangurs- og gæðadrifnir og gerum kröfur til okkar sjálfra. Við vitum að það sparar tíma og peninga til lengri tíma lítið. Það er hins vegar algengt í Íslensku viðskiptalífi og úti um allan heim, að geta ekki beðið og liggja mikið á. Sem aftur er mun kostnaðarsamara síðar.

Ég átti nýlega í samskiptum við mann sem rekur fyrirtæki með lítilli yfirbyggingu en fjölda starfsmanna. Átján mánuðum fyrr samdi hann við hugbúnaðarfyrirtæki um ákveðna lausn fyrir sig. Sú lausn átti að skila sterkari samkeppnisstöðu á hans sviði og hann var því reiðubúinn að borga þokkalega upphæð, eitthvað nærri milljón.

Þegar samningurinn var gerður um verkefnið var því lofað að verða tilbúið á tveim til þrem mánuðum. Þarna voru átján mánuðir liðinir og lausnin var tæplega 90% tilbúin, og óprófuð. Engin greið svör komu frá hugbúnaðar fólkinu varðandi hvenær verkefnið yrði klárað.

Þegar ég spurði „hvað segir samningurinn um þetta?“ Þá reyndist samningurinn týndur, hann var til í einhverri möppu en vesen að leita að honum og í honum var einungis tilgreind upphæðin.

Þegar ég spurði „hvernig átti að leysa verkefnið“ þá var engin slík lýsing til. Einungis var rissuð upp einföld teikning á blaði og ákveðið í sameiningu milli málsaðila hvernig ætti að vinna lausnina.

„Hvernig átti að leysa tæknileg vandamál?“

„Þetta er fagmaður, hann veit hvernig á að gera þetta.“

Hversu oft öfum við heyrt svona? Ég fékk að sjá sýnishorn af þessu verkefni og tók strax eftir að lausnin rammaði verkkaupann inni í aðstæðum sem voru dýrari en aðrar og algengari útfærslur.

„Það kom aldrei fram þegar samið var um þetta“ sagði framkvæmdastjórinn.

Enn og aftur: Þarna liggur hundurinn grafinn. Það er erfitt fyrir viðskiptalífið að segja við forritarann „segðu mér frá hinu tæknilega, svo ég eigi auðveldar með að taka ákvörðun um hvort upphæðin sé rétt eða hvort ég sætti mig við tímamörkin sem forritarinn tilgreinir.“


Forritarinn segist geta unnið tiltekið verkefni á tveim mánuðum en veruleiki hugbúnaðargerðar er sá að þegar hugbúnaðarmaðurinn fullyrðir slíkt, er ekki gert ráð fyrir því að eitthvað komi uppá. Það er regla frekar en undantekning. Hann gerir ráð fyrir að ekki komi upp villa eða þörf á skilgreiningu sem fór gleymdist í upphafi og tefur hann síðar. Einnig gleymir hann töfum á borð við símtöl og notendaaðstoð.

Við hugbúnaðargerð kemur alltaf upp eitthvað ófyrirséð og oft tefur það um mislangan tíma. Annar hugbúnaður sem sömu aðilar hafa smíðað áður og bera ábyrgð á er í notkun og bilar óvænt. Þegar villur koma skyndilega upp þarf að leita uppi ástæðuna fyrir þeim. Þessar villur koma upp vegna flækju í grunnhögun forritsins sem leit vel út á sínum tíma en er gleymd, ófullreynd og óskráð.

Þegar forritari vinnur að lausn og er að mestu búinn með hana geta ný atriði komið upp sem gleymdust á hönnunarstigi. Þá fer góður tími í að kafa ofan í fyrstu högun sem gerð var vikum og mánuðum fyrr, rifja hana upp og ekki aðeins að setja nýja

skilgreiningu þar inn heldur rekja breytipörf í gegnum allt forritið. Í þetta fer talsverður tími, sérstaklega hafi upprunaleg hönnun verið óskráð.

Því miður er það venja – í það minnsta hérlendis – að hönnun og greiningar eru óskráðar. Fagmanni er *treyst til að vita hvað hann sé að gera*. Þetta er ginnungagap verktímans. Að rekja upp þætti sem krafist er eftir á – og það kemur alltaf eitthvað upp – er bæði tímafrekt og flækjufrekt.



Tökum frægt dæmi frá því þegar Evrópska geimvísindastofnunin skaut á loft sínum fyrstu geimflugum á braut um jörðu. Þeirra stærsta flaug hét Ariadne 5. Hún sprakk í loft upp fáeinum sekúndum eftir að henni var fyrst skotið upp og var milljarðatjón. Þetta var fimmta útgáfa af geimflugum sem hafði verið árum saman í hönnun og mikið af hugbúnaði hennar var afritaður frá Ariadne 4 og aðlagður nýrri hönnun eftir þörfum.

Það tók sex mánuði að rekja ástæðuna fyrir því að hún sprakk í loft upp. Þá kom í ljós að þar var ein hugbúnaðarvilla á ferð og frekar ómerkileg. Menntu miður sín að finna hana því hún var fátíðlega einföld. Hún fól í sér muninn á því hvort ein breyta í stýribúnaði ynni með átta bita eða sextán bita gildi. Við erum hér að tala um eina litla talnabreytu innan um fáeinar hundruðir.

Forritari kóðar í gríð og erg en er sífellt áminntur um tímamörk. Þá getur ein breyta auðveldlega riðlast til meðan forritarinn stritar með nokkur hundruð línur. Á gefnum tíma er þessi sami maður að upphugsa lausnir, stefjur, gagnahögun og rúttínur sem hann þarf að koma skilmerkilega saman. Skyndilega kemur í ljós að lítil heiltala þarf að vera tvisvar sinnum stærri í bitum talið. Týnd í fimm þúsund línur af kóða.

Maður sem vinnur með slíka hluti á hverjum degi finnst *lítið mál* að hugsa um muninn á átta bita eða sextán bita heiltölu. Hins vegar að útskýra þetta fyrir yfirmanni er ekki öllum gefið. Manni sem er vanur kostnaðartölum, mannastjórnun og fundarstjórnun eða öðrum þáttum sem eru fjarlægir hugbúnaðarþróun. Sá yfirmaður hefur hugsanlega engan vilja til að setja sig inn í tölvubita og vill því treysta fagmanninum fyrir þeim.

Á sama tíma er erfitt að sætta sig við þegar forritari segir á fundi „afsakið ég er búinn að vera í fimm vikur að leita að einni villu, ég er búinn að finna hana og það var lítil heiltala sem átti að vera helmingi stærri.“

Yfirmaðurinn segir „hvers vegna í ósköpunum ertu svona lengi að þessu?“

„Vegna þess að þetta forrit er forritað í ...“

„Þetta er of tæknilegt fyrir mig, segðu þetta á mannamáli, ég vil heyra eitthvað einfalt!“

„Jú, ég er að vinna með 5.000 skrár, hver skrár er að meðaltali 600 línur. Það er að meðaltali 3.000.000 línur af kóða sem ég vinn mig í gegnum. Ég þarf samtímis að sjá í huganum hvernig þær vinna saman í keyrslu. Ég þarf einnig að sjá hvernig þær tengjast innbyrðis og við mismunandi aðstæður forritsins. Ég þarf að rekja hvar flöskuhálsar séu og þegar ég nálgast villur í öllum þessum línum þarf ég að rita nýja lausn og síðan að prófa hana. Þetta tekur tíma. Svo verð ég reglulega fyrir truflunum við að troða öllu þessu inn í hausinn á mér. Það eru símatruflanir, notendaaðstoð og fleira. Auk þess erum við fáir á tölvusviði.“

Yfirmaðurinn vill ekki heyra þetta svar. Hann fær á tilfinninguna að forritarinn sé að búa sér til meiri vinnutíma og tryggja starf sitt. Það er auðvitað hinn mannlegi veruleiki, við viljum öll tryggja

okkar starf. Þarna er flöskuháls í mannlegum samskiptum og þar liggur hundurinn grafinn.



### 3. Kafli. Hin faglega nálgun

Fiskisaga er stórt og viðamikið mál. Þar sem mikil tækni kemur inní og flóknar mannlegar uppákomur þarf ég svigrúm til að segja söguna. Ég vil geta sagt hana þannig að hún skiljist þeim sem hafa þolinmæði til þess að lesa. Ég hef áður nefnt að þegar ég fékk starfið á Fiskistofu var það í vissum skilningi draumastarfið. Mig hafði langað um nokkurt skeið að forrita í teymi. Ég hafði unnið að mestu einsamall í fjórtán ár og þá oftast sem verktaki. Mig langaði mjög til að kynna forritun í teymi í klassískri dagvinnu.

Forriti sem vinnur einsamall forritar á daginn, kvöldin og um helgar og mest heima hjá sér. Honum er ekki alltaf svo ljóst hvenær hann er heima og hvenær hann er í vinnunni. Hann er oft eins klæddur hvort sem hann er að horfa á sjónvarpið, vinna eða elda. Hann er alltaf í sama veruleikanum.

Þetta kann að virðast lítið atriði en forritari sem vinnur dagvinnu er betur klæddur þegar hann mætir í vinnuna og skiptir oft um föt þegar hann kemur heim. Þetta kann að virðast léttvægt en meirihluti fólks stundar útivinnu sem býður upp á annað umhverfi í vinnunni en einkalífið sem er heima, slíkt er þægilegt fyrir huga og sál. Mig langaði að tilheyra andrúmslofti hins venjulega manns.

Mig langaði að komast inn í andrúmsloft manna sem vinna í hóp á skrifstofutíma. Þeir vinna við hugbúnaðarlausnir, bera saman bækur sínar þó þeir vinni e.t.v. hver í sínu horni. Þetta er annað andrúmsloft en að vinna heima að geta átt samskipti við kollega á vinnustað frekar en kunningja í sama fagi í gegnum netið.

Þetta er líflegri vinna sem um leið breiðkar sjóndeildarhringinn. Þegar unnið er í hópum kynnist maður öðrum lausnum og nýjum háttum. Það víkkar sjóndeildarhringinn að kynnast öðrum

útfærslum og viðhorfum. Maður kemst í samkeppnisanda og það er líflegra. Einnig verður tekjuflæði jafnara.

Þetta kann að virðast léttvæg sýn því allt samfélagið keyrir á launþega fyrirkomulagi og flestum er það eðlilegt en fyrir mann sem starfar meira og minna á eigin fótum í þrettán til fjórtán ár – í baráttu frumskógarins – er þetta ákjósanleg tilbreyting. Ég var því að leita mér að skrifstofustarfi sem forritari en líka að því að geta notað þá sérhæfingu sem ég hafði tileinkað mér. Sem forritari hafði ég lagt mig sérstaklega fram við að læra á og nýta gagnagrunns þjóna.

Í mjög stuttu máli er gagnagrunns þjónn forrit sem keyrir á tölvu sem jafnframt er netþjónn og margir notendur geta samtímis sótt í upplýsingar á honum og valdir notendur sett inn nýjar. Símaskráin er gott dæmi um þetta. Öll þjóðin, getur farið samtímis inn á „ja.is“ hver í sinni tölvu, og flett upp símanúmerum. Aðeins starfsmenn símaskrárinnar geta slegið inn ný símanúmer og upplýsingar þeim tengd.

Tveir hópir vinna þannig með sömu upplýsingar á sama tíma en á ólíkan hátt. Einn hópurinn er að fletta og hinn hópurinn að uppfæra en öll gögnin eru hýst á sömu tölvu. Nú er tískuyrði í dag, þessu tengt, þar sem talað er um Cloud. Cloud umhverfi snýst um að símaskráin er ekki lengur geymd á einni tölvu heldur gæti afrit hennar verið á Akureyri, Ísafirði, Egilsstöðum og Selfossi en virkar þó allt á einum stað sem eins konar grunnþjónn.

Þessir aðskildu þjónar samræma gögnin sín á milli og virka gagnvart notendum eins og aðeins sé um einn að ræða. Cloud er ekki viðfangsefni þessarar sögu.

Ég hafði tileinkað mér þessa hluti um skeið. Ég hafði m.a. skrifað kennslubók um gagnagrunns forritun með styrk frá

Menntamálaráðuneytinu. Ég hafði fengið viðbótarstyrk ári síðar til að gera aðra útgáfu og hún hefur verið kennd á námskeiðum með góðum árangri. Einnig hafði ég haldið mörg námskeið í hlutbundinni forritun og margt fleira sem komið verður inná.

Mig hafði því langað til að fá tækifæri til að vinna með þessa hluti í stærra samhengi en ég var vanur. Ég var vanur að nota þekkingu mína í gagnvirka vefsíðuforritun. Ég hafði unnið við að gera lagfæringar á hugbúnaði á stöðum sem voru að nota slíka tækni en langaði að komast í teymi þar sem mín sérhæfing væri notuð.

Mig langaði að auka tökin á þessari tækni en í stærra umfangi og þannig afla meiri reynslu. Þar sem mikið af minni reynslu fólst í smíði og lagfæringum á smærri kerfum eða skrifa um og kenna forritun hafði mig lengi langað til að taka næsta skref.

Þetta er svipað herforingja sem hefur mikla þjálfun að baki og þekkir allar aðferðir og tæknina, vill helst komast í stríð til að láta reyna á þekkinguna og eignast reynslu. Þess vegna fara Bandaríkin í stríð á fimmtán ára fresti. Það þjálfar hverja kynslóð herforingja og lætur reyna á tæknina. Þetta eru heræfingar á stærri skala þó það líti ekki þannig út í fréttum. Ég ætla þó ekki að fara út í mannkynssöguna en það var áhugamál þegar ég var yngri og las mér mikið til um.

Einnig var önnur ástæða fyrir því að mig langaði til að vinna á Fiskistofu. Hún var sú að ég var búinn að vinna mikið með eina tegund forritunar sem er nefnd PHP og mig langaði að færa mig yfir í Java. Bæði þessi mál voru á verkfæraborði þess starfs sem ég sótti um.

Í stuttu máli er PHP þægilegt skriftunarmál sem á uppruna sinn í Linux stýrikerfi og er vinsælt meðal þeirra sem reka netþjóna.

Það er frítt kerfi sem er yfirleitt aðgengilegt á netþjónum sem hýsa vefsíður fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Skrifa má gagnvirkar vefsíður með PHP og það hvorki kostar neitt fyrir notandann né nethýsinguna.

PHP er þannig hagkvæm lausn í vefforritun og hún því útbreidd og virk. Ég hafði unnið mikið við forritun með þessu forritunarmáli. Þetta er mál sem er gaman að vinna með og er bæði einfalt og þægilegt að vinna í því. Ég hafði oft haft aðkomu þar sem sinna þurfti viðhaldi á viðamiklum PHP kerfum og það var ljóst að hjá Fiskistofu yrði hið sama uppi á teningnum.

Á Fiskistofu voru fimm forritarar og var ég sá sjötti auk gagnagrunnstjóra. Gagnagrunnstjóri er ekki beinlínis forritari en hefur snertiflöt við starf þeirra og styður við það. Stofnunin áttu á þessum tíma vefsíðukerfi sem hún var stolt af. Kerfið hafði verið byltingarkennt miðað við stofnanir á þeim tíma sem þróun þess hófst um það bil átta árum fyrr en það var orðið barn síns tíma. Auk þess var kerfið mjög umfangsmikið.

Þegar ég hóf störf var kerfið liðlega þrjátíu þúsund skrár og tveir þriðju þeirra eða rétt um tuttugu og tvöþúsund skrár voru PHP forrit. Sum þeirra lítil og önnur stærri og öll unnu þau saman í einum risastórum flækjubing. Svo það var ljóst að lunginn úr minni vinnu færi í viðhald á þessum forritaskrá, ef það væri vinnandi vegur að greiða úr flækjunni, að leggja þær niður og taka upp nýtt í staðinn.

Hér birtist ein ástæða þess að mig langaði til að vinna þarna. Það var markmið Fiskistofu að leggja niður gömlu PHP forritin og taka upp ný með tækni sem heitir Java. Þá yrði notuð nánari útfærsla á Java sem oft er nefnd JSP og stendur fyrir „Java Server Pages“. Java er forritunarmál sem nýtur mikillar virðingar á þessu sviði

forritunar. JSP er í útfærsla á því sem leyfir að gera samskonar hluti í vefsíðugerð og PHP gerir.

Fyrir fagmann sem vinnur með vefforritun í hinu þægilega PHP að fá tækifæri til að nota eins agaða forritun og Java krefst er svipað og að henda fólksbílnum og fá sér breyttan fjallajappa, sem er mjög freistandi. Sérstaklega í ljósi þess bakgrunns sem mig langar að segja þér frá.

Ég hóf að læra forritun árið 2000 og var að læra fram til 2004. Ég lærði forritun og gagnagrunnshögun af ýmsu tagi frá morgni til kvölds. Ég skrifaði jafnframt um tæknina og kenndi hana og hóf þannig minn farveg sem fagmaður í forritun.

Ég fór að vissulega óhefðbundna leið. Meðan kollegar mínir eyddu fjórum vetrum í háskóla og náðu sér í próf sem tölvunarfræðingar vann ég frá morgni til kvölds við að forrita lausnir og verkefni, gefa þau út og skrifa kennsluefni, kenna á námskeiðum af ýmsu tagi og nota tæknina á breiðum grundvelli.

Þannig séð tilheyrir ég hópi hakkara. Manna sem eru að hluta sjálflærðir en vinna með tæknina sjö daga vikunnar tólf tíma vinnudag. Þar sem ég vissi að óhefðbundin leið yrði torsóttari gætti ég þess að ferilskrá mín væri vel skilgreind afrekaskrá og að allt það kennsluefni sem ég skrifaði um tölvunotkun og forritun væri útgefið með faglegum hætti með formerkjum klassískrar útgáfu, ISBN númerum og til sölu í Bóksölu Stúdenta, sem gerði allt efnið rekjanlegt.

Þegar ég mætti í starfsviðtal þurfti ég ekki að útskýra hvers vegna ég kynni PHP, Java, SQL, Pascal, JavaScript eða grunn í C eða eitthvað slíkt. Þetta var allt í ferilskránni minni og það var allt rekjanlegt. Þetta var ein af ástæðum þess að ég fékk starfið, því fólkíð sem réði mig sá að *ég er maður sem framkvæmi hluti*.





Sást þannig skýrt og rekjanlega á minni ferilskrá að ég stend við mínar yfirlýsingar. Fólk sem hefur unnið með mér bæði á Fiskistofu og áður veit að ég vinn með þessum hætti. Því var jóst að ég var ekki að leita mér að þægilegu ríkisstarfi heldur að því að geta unnið. Það er greinilegt við rýni í minn feril að ég er vinnusamur maður sem stend við orð mín og segi ekki hluti nema ég geti staðið við þá. Þetta er lykillinn að mínum ferli sem fagmaður.

Ég sá á starfslýsingunni að eftir nokkurn tíma í starfi hefði ég ekki bara bætt við mig í gagnagrunnsforritun eða viðhaldið minni kunnáttu. Heldur fengið tækifæri til að vinna með áður nefnttt Java verkfæri sem nýtur mikillar virðingar. Því langar mig að segja þér stuttlega frá hvers vegna Java hefur mikið vægi í þessari sögu. Sú reynsla og þekking sem ég hef í því máli er bæði djúp og óalgeng. Ég mun sneiða hjá tæknilegum lýsingum eins og hægt er og horfa meira á hið mannlega.

Þegar ég fyrst kynnst Java forritun þá var það á námskeiði sem stóð í fjórar vikur. Ég var þá nemandi í námi hjá „Nýja tölvu og viðskiptaskólanum“ í Kópavogi en ég starfaði þar sem tölvukennari um tíma. Þetta var þá tveggja anna námskeið í forritun og kerfisfræði og einn hluti þess fól í sér að læra Java forritun. Kennsla í Java forritun var þá meira hugsuð sem kynning frekar en stíf forritun og aðeins stiklað á stóru í gegnum fræði sem nefnast *Hlutbundin forritun*.

PHP styður hlutbundna forritun en er mjög lítið notað á þeim vettvangi. Java aftur á móti er hugsuð frá grunni sem hlutbundið forritunarmál og hlutbundin forritunarmál er mál málanna þegar kemur að stórri *Enterprise forritun*.

Hvað er Enterprise forritun? Það er mjög einfalt að útskýra og ekkert tæknilegt við það. Cloud forritun sem ég áður nefndi er

Enterprise forritun. Það er að segja forritun sem er stærri og umfangsmeiri heldur en að búa til einn spilakapal fyrir tölvuna. Eða eins og símaskráin sem ég nefndi. Um leið og búið er að smíða forrit sem liggur á netþjóni og margir notendur hafa aðgang að, er komið upp Enterprise forrit. Síðan stækkar skalinn.

Tökum til að mynda Umferðarstofu sem skráir alla bíla landsins og geymir upplýsingar um hvernig þeir séu skráðir. Þaðan má fletta upp hvort búið sé að borga bifreiðagjöldin og slíkt. Allt geymt á miðlægum þjóni sem skoðunarstöðvar, viðgerðastofur, bílasalar og ýmsir aðilar á landinu hafa þröngt skilgreindan aðgang að til að geta flett upp tilteknu mengi upplýsinga.

Sem dæmi gæti bílasali flett upp hver eigi ákveðið bílnúmer, egjum DB-347. Hann sæi kannski hver á bílinn en ekki hver átti hann áður. Umferðarstofa getur þannig skilgreint hver sér hvað. Forritun af þessu tagi er Enterprise forritun.

Skattstofan geymir allar skattaupplýsingar landsmanna á netþjónum og ákveðnir starfsmenn hafa aðgang. Ákveðnar stofnanir hafa einnig aðgang að skilgreindum hluta þessara upplýsinga. Facebook er annað dæmi um Enterprise forritun eða kerfi sem liggur á vefþjónum en þúsund milljón manns getur notað daglega á sama tíma og er mismunandi hve skalanlegt kerfið er eftir fjölda. Til að mynda voru helmingi færri að nota Facebook fyrir tveim árum.

*Hið síðastnefnda er til að mynda mest framleitt í PHP og JavaScript (sem er ekki Java).*

Java forritun var frá upphafi hannað til að styðja Enterprise forritun. PHP var það ekki en hægt er að nota það við Enterprise. Java er hins vegar vel sniðið að þeirri nálgun. Þannig vildi til að ég kynnist Java forritun á fyrrgreindu námskeiði sem stóð í mánuð

innan enn stærra heildarnámskeiðs sem tók tvær annir og var þar áhugi minn vakinn á að læra það til hlýtar.

Til samanburðar var á þessum árum mjög vinsæl forritun meðal atvinnumanna sem heitir Delphi. Delphi er vinnu umhverfi utanum forritunarmál sem heitir Pascal. Á þeim tíma var það mjög vinsælt á markaðnum. Á forritunar og kerfisfræði námskeiðinu sem ég nefndi áður sátu menn í mánuð og lærðu Pascal og síðar aðra tvo mánuði í Delphi, sem er þá meira af Pascal. Í samanburði var því Java hlutinn sem stóð í mánuð frekar eins og létt kynning en strangt nám.

Nú vill þannig til að auðvelt er að læra Pascal en ekki Java. Ástæðan er hin hlutbundna forritun sem getur snúist fyrir byrjendum. Delphi er einnig auðvelt að læra á. Deila má um hvort sé betra en fólki fannst Delphi fyrst og fremst skemmtilegt. Hér kemur mannlegi þátturinn sterkur inn því ef þú ert að læra eitthvað skemmtilegt lærirðu það hraðar og oftast betur.

Reynsla mín af tölvukennslu er sú að þú lærir frekar það sem er skemmtilegt en leiðinlegt. Java er leiðinlegt forritunarmál meðan verið er að læra. Sama vetur voru sex hópar að fara í gegnum þennan kúrs. Útkoman var sú meðal nemenda á þessum námskeiðum að 75% þeirra féllu á Java prófi, að meðaltali.

Ég var í hópi þeirra 25% nemenda sem stóðust próf en fékk að *mínu mati* lélega einkunn og ekki að ástæðulausu. Af þeim fjórum vikum sem námskeiðið var kennt var ég með flensu í eina vikuna og var að auki að vinna kennslubók í frítíma mínum og hafði því lítinn tíma í heimanám. Ég var á þeim tíma svekktur út í sjálfan mig fyrir að fá lélega einkunn.

Reyndar fékk ég ekki lélega einkunn. Ég fékk 7,5 og fattaði síðar að það var ágætt miðað við fyrrgreinda flensu og heimavinnu,

ásamt meðaltali annarra hópa. Kennarar hjá NTV könnuðu hvernig Java kennsla var háttað hjá háskólum á þesum tíma og komust að því að meðal fall var þar hið sama.

Eins og þú sérð, nú meira en tíu árum síðar, er þetta enn tilfinningamál. Ári síðar þegar ég var að kenna Java tók ég samskonar próf um leið og ég hóf að kenna og skoraði fullt hús. Árið eftir að ég sat þennan kúrs bauð skólastjórinn mér tækifæri til að kenna Pascal forritun og ef ég vildi mætti ég einnig kenna Java. Á þeim tíma var búið að þyngja Java hlutann umtalsvert. Ég fékk tækifæri til að kenna einn Java hóp – enda sjálfur nýbúinn að læra – en reynsluboltarnir sem höfðu kennt fagið áður og kunnu það vel kennda hinum fimm hópunum. Þetta ár voru sex hópar að læra „Forritun og kerfisfræði“ við skólann.

Þegar kom að prófum rak fólk í rogastans. Allir hóparnir fóru samtímis í gegnum Java hlutann en þetta ár var að meðaltali 92% fall í öllum hópunum. Níutíu og tvö prósent hlutfall nemenda féll í Java forritun þetta árið. Nema hópurinn minn, þar var hlutfallið 50%. Menn trúðu þessu ekki. Hvað var Guðjón Elías að gera öðruvísi en hinir? Aðeins 8% stóðst að meðaltali hjá hinum en helmingurinn hjá mér.

Munurinn var sá að ég vann annars konar stuðningsefni fyrir kennsluna. Ég tók atriði virkuðu flókin og gerði fyrirlestra efni og útprentanir með útskýringum fyrir hugtökin á Íslensku. Ég notaði Íslensk heiti með skilgreiningum í takt við Íslenska Tölvuorðasafnið, prentaði allt saman út handa nemendum og lét enga útskýringu frá mér fara nema hún væri einnig skrifleg. Þetta auðveldaði nemendum mínum að ná tókum á nýjum og flóknum hugtökum og tengja þau saman.

Vegna þessa árangurs var ég beðinn að kenna tvo hópa árið eftir en þá var búið að þyngja námið mjög. Í það skiptið var

Java hlutinn í „Forritun og kerfisfræði“ lengt úr 12 lotum í 22 og hafður mun ítarlegri. Heildar námskeiðið var þá lengt úr tveim önnum í þrjár.

Ég beitti þarna sömu nálgun og áður og gerði frá grunni ítarlega fyrirlestra, tuttugu og tvo talsins. Hver fyrirlestur tók tæpa tvo tíma í flutningi. Þetta jafnast á við að skrifa sexhundruð síðna bók um Java forritun. Ég flutti þessa fyrirlestra í tveim hópum, einum morgunhóp og einum kvöldhóp. Í þetta sinn stóðust að meðaltali 72% nemenda á prófi.

Sjálfur var ég stoltur af þessum árangri. Að hafa ekki bara lært forritun þar sem almennt var mikið fall heldur sömuleiðis gert námsefni og þróað kennsluleið fyrir sama forritunarmál á þann veg að fall var orðið minniháttar.

Þú sérð lesandi góður að þegar ég fékk tækifæri til að starfa sem virkur atvinnumaður við dags daglega forritun í þessari tækni greip ég tækifærið. Þar sem ég er ekki með háskólapróf skiptir rekjanleiki míns frama miklu og mér þannig mikið umhugað um tólin og verkefni, frekar en vinnustaðinn. Ég tek að mér verkefni til að klára það og ég vinn að því að klára það svo vel að það þurfi ekki að ganga í verkið aftur og vinna það upp á nýtt eða standa í stórfelldum lagfæringum.

*Kannski er það þess vegna sem ég er að gera þessa bók? Ég gefst ekki upp þó móti blási.*

Þetta voru sum sé mínar persónulegu forsendur til að vilja starfið. Ég vildi lifandi starfi sem hluti af teymi, láta reyna á mig á faglegum nótum í stærri verkefnum, vinna að árangursmiðuðum markmiðum og ég vildi fá tækifæri til að vinna með forritunarmál sem ég bæði hef ástríðu fyrir og er fær í.

Ég fékk starfið og ég naut þess að vinna mín verkefni sem ég skilaði fullkomlega. Mér var hins vegar neitað um faglega viðurkenningu á því þegar yfir lauk. Mér var auk þess ýtt úr þessu starfi því *góðborgarar* hjá Fiskistofu litu svo á að *menn af mínu tagi* væru „skemmd epli í körfunni“. Svo ég noti frasa sem ég fyrst heyrði starfsmanastýru nota, en hún kemur hér síðar við sögu. Stéttarfélagið snéri blindu auga og vissi yfirstjórn á þeim tíma að mér yrði örðugt uppdráttar í kjölfarið.



Ég hef nú verið atvinnulaus á fjórða ár og var þvingaður með beinum og óbeinum hætti til að segja upp starfi og get sannað það. Ég fæ ekki vísað í mín störf á Fiskistofu, fæ ekki staðfesta mína faglega kunnáttu eða nálgun né áreiðanleika sem fagmaður. Það er með beinum hætti búið að eyðileggja starfsframa sem tók mig mörg ár að byggja upp og það hefur haft skelfilegar afleiðingar fyrir mína einkahagi.

Ég bý í dag við svo nauman kost að leita má víða að sambærilegu héraendis. Ég hef misst það litla sem ég hafði áunnið mér og samt á þessum tíma sem liðinn er hef ég sigrast á langvinnu og dimmu þunglyndi sem dró mig að ystu brún. Ég hef forritað á hverjum einasta degi til að halda mér við eða skrifað um það sem ég aðhefst, upplifi, hugsa eða læri.

Ég hef hér rakið þér bakgrunn fyrir söguna. Það er óhjákvæmilegt að hún verði örlítið tæknileg á köflum en ég mun leitast við að gera tæknilega hlutann eins þægilegan og hægt er. Hafðu í huga lesandi góður að ástæðan fyrir að ég vil rekja þessa sögu er sú að störf mín voru óaðfinnanleg frá faglegu sjónarhorni og því verður bakgrunnur þess að fljóta með.

Ég var þolandi erfiðs eineltisástands í um það bil ár. Ég reyndi að standa það af mér og ætlaði að klára mínar verkefnaskyldur. Þá var lagst á árarinnar með beinum hætti og mér gert ókleift að halda

áfram störfum og án þess að til þess lægju faglegar forsendur. Einnig var minn næsti yfirmaður beittur þrýstingi til að taka þátt í þessu. Allt þetta skýrist síðar í bókinni.

Á því tímabili sem ég starfaði hjá Fiskistofu var annar starfsmaður beittur samskonar eineltis þrýstingi og sá sér þann kost vænstan að segja upp. Fleira veit ég að gerst hefur á Fiskistofu en er bundinn trúnaði. Hér liggur því ástæðan fyrir að ég kýs að rekja söguna. Það gengur ekki á Íslandi 21. aldar að láta sögu af þessu tagi liggja í þöggun.

Að fólk sé þvingað til að fórna lífsafkomu sinni, andlegri vellíðan og starfsframa vegna þess eins að það hentar góðborgurum í stjórnenda stöðum, fólki sem þvær hendur sínar pílatusarþvotti og forðast ábyrgð með fágúðu orðagjálfri, er mun skaðlegra en í fyrstu kann að hljóma. Hvað er falið hjá hinu opinbera af spillingu, peningasóun og stór hættulegum mistökum öðrum?

Sumir halda því fram að embættismenn séu fólk sem ekki ræður við frama í einkageiranum. Þeir komist upp með að sóa fé skattborgara og ráðskist með annað fólk að vild en starfi sjálft í skugga sem kemur í veg fyrir rýni á þeirra eigin faglegu nálgun né vinnubrögð. Við megum ekki gleyma hve vel hinn opinberi starfsmaður er verndaður. Eins og Fiskisaga mun útskýra er pottur brotinn í tölvukerfi kvótakerfisins og það vekur spurningar um starfshætti og ábyrgð í gegnum alla hina opinbera stjórnsýslu.





## 4. Kafli. Stolt forritarans

Hingað til hef ég rakið hvernig ég lærði Java forritun og áhugi minn á forritunarmálinu vaknaði. Hvernig ég fékk áhuga á þessu tiltekna forritunarmáli þrátt fyrir stutt námskeið, sem var í raun aðeins kynning, og hvernig ég lagði mig fram næstu árin að læra það vel og í kjölfarið fullnuma mig í fræðum hlutbundinnar hönnunar. Að ég kenndi þessi sömu viðfangsefni og með staðfestum árangri. Þá er rétt að tvö atriði komi fram.

Á þessum árum var ég í ekki fyrstu að leitast eftir að verða atvinnumaður í forritun. Ég var fyrst og fremst áhugasamur um tölvunotkun við skapandi verkefni. Ég hóf minn frama í útgáfustarfsemi, s.s. að skrifa um tölvunotkun, brjóta prentgripi á borð við tímarit með umbrotstækni, vinna myndvinnslu og útbúa prentgripi til útgáfu. Ég hafði gefið út tölvublað í fjögur ár og hafði í kjölfarið orðið tölvukennari og vann sem slíkur í átta ár.

Ég fékk áhuga á þessu viðfangsefni og leit ekki á það sem framaveg *í upphafi*. Hvort ég dags daglega notaði þessa þekkingu eða bætti við hana var í upphafi aukaatriði. Ég hef ástríðu fyrir þekkingu og beitingu hennar. Þegar ég hins vegar sá að ég hafði hæfileika á þessu sviði fékk ég áhuga á frama og trú á að ég réði við hlutverkið. Fyrir mig var þetta síðastnefnda mest um vert.

Þegar ég síðar var ráðinn til Fiskistofu var það stórt persónulegt og faglegt skref enda viðurkenning á þeirri vinnu sem ég hafði lagt í árin á undan. Var þetta risastór áfangi á framabraut sem ég hlakkaði til að móta áfram og því mikil vonbrigði þegar fótunum var kippt undan mér.

Oft er sagt um fagmenn að því meiri áhuga sem þeir hafa á faginu því minna virkar það sem leiðigjörn vinna og þeir skila





betri gæðum. Þegar ég lærði Java forritun hafði fyrst og fremst hafði brennandi áhuga. Ég var lítið að velta fyrir mér hvort ég yrði atvinnuforritari. Mín framhaldsskólamenntun var ekki það mikil að mér finndist hún standast samanburð við menntun tölvunarfræðinga. Þó kom síðar á daginn, þegar ég hóf störf við hlið menntaðra tölvunarfræðinga að ég stóð mig jafn vel og þeir og jafnvel betur en margir.

Það var viðsnúningur í minni persónulegu reynslu á þessu sviði í kringum 2002 til 2004. Vorið 2002 tek ég alþjóðlegt próf í Java. Það próf er gefið út af fyrirtæki í Bandaríkjunum sem hét Sun Microsystems. Fyrirtækið varð síðar eign annars fyrirtækis sem heitir Oracle. Samanlagður starfsmannafjöldi þessara tveggja hugbúnaðarrisa er vel á annað hundrað þúsund. Sun Microsystems á heiðurinn af þróun og útgáfu Java málsins.

Þeir bjuggu þannig um hnútana að fólk um allan heim hefði aðgang málinu, frítt. Java reyndist vera vandað og gott forritunarmál og það nýtur mikillar virðingar. Sun Microsystems opnaði fyrir möguleika þess að fólk sem vann við Java forritun gæti tekið próf í notkun þess og staðfest þannig kunnáttu sína fyrir sjálfum sér og öðrum.

Mér fannst viðeigandi bæði sem áhugamaður um Java og einnig sem leiðbeinandi í málinu að taka þetta próf. Ég verð að viðurkenna að það kom dálítið hik í mig að taka prófið þegar ég las fyrst um það frá undirbúnings sjónarmiði. Þegar ég kynnti mér upplýsingar um prófið komi í ljós að mælt er með því að tölvunarfræðingur taki þetta próf. Bent var á að tölvunarfræðingar sem beinlínis vinni við Java forritun og hafi starfsreynslu að lágmarki eitt ár standist það betur. Ég skellti mér þó í prófið og stóðst það með ágætum.



Nú gerist það um tveim árum síðar að haft er samband við mig frá Reiknistofu bankanna. Þar starfa tugir forritara. Þeir voru að leita að kennslu fyrir fimmtán mann starfsmannahóp sem hafði þörf fyrir að grunnkennslu í Java forritun með áherslu á hlutbundna högun. Allt voru þetta atvinnumenn og margir þeirra tölvunarfræðingar. Var umhverfið sem skyldi kenna í gefið út af IBM og nefndist IBM Websphere.

Var ég spurður hvort ég treysti mér til að kenna námskeið sem tæki heilan mánuð og væri kennt þrisvar í viku. Ég var að sjálfsgöðu til í að láta reyna á það. Fór ég því og kenndi atvinnuönnum hlutbundna forritun í Java. Það var gaman að leiðbeina þeim enda í fyrsta sinn sem ég kenndi námshóp sem var jafn dugandi og fær. Að fá þannig tækifæri til að máta eigin þekkingu við þekkingu fólks sem þá þegar voru fagmenn, og sannreyna getu mína til að standa þeim jafnfætis var mjög hvetjandi. Ári síðar bauð sami aðili mér að halda annað samskonar námskeið, sem ég og gerði.

Það segir sig sjálf að í starfsteymi fjörutíu forritara, að hefði fyrri hópurinn verið ósáttur við þekkingu mína eða framsetningu hennar, hefði mér tæplega boðist að kenna þar annað námskeið. Þetta var árin 2005 og 2006, skömmu áður en ég réði mig til Fiskistofu.

Þarna fæ ég því vakningu og samanburð. Þó manneskja eyði fjórum vetrum í stífu námi, sem er þá væntanlega vottað með prófi þess skóla, þá gæti manneskja sem vinnur frá morguni til kvölds í álíka langan tíma haft sambærilega þekkingu og verið faglega fær um að standa þessu fagfólki jafnfætis. Vissulega er þetta umdeilanlegt en þykir almennt viðurkennt í tölvunarfræði.

Þegar ég síðar fór að leita mér tækifæris til að sýna þetta í verki og finna dagvinnu sem fullgildur forritari voru þessi tvö

námskeið mikilvæg fyrir sjálfsálit mitt sem fagmaður. Fagmaður sem áður hafði gefið út fjöldann allan af kennslubókum og nýtt sér þekkingu sína í tölvunarfræði og útgáfumálum. Hafði rekjanlega og formfasta sögu sem bakkaði upp fullyrðingar um eigin þekkingu og reynslu.

Ég hafði staðist próf frá Sun Microsystems sem var ætlað atvinnuforriturum sem hefðu starfað við forritun í lágmark ár. Ég hafði tekið þetta próf og staðist það. Ég hafði líka kennt kollegum mínum þessa sömu þekkingu.

Sú framaganga, sem tók mörg ár, að verða viðurkenndur fagmaður á sviði forritunar var mér augljóslega mikils virði. Ég hafði tamið mér og kennt öðrum öguð vinnubrögð hugbúnaðarhögunar og þekking mín var óvæfengjanleg. Því er ég eðlilega leiður yfir að virtir góðborgarar hafi átt virkan þátt í að eyðileggja þessa siglingu starfsframa míns .

Mínar fullyrðingar um faglega nálgun standast enn rýni. Við ferilskrá mína bætast ólaunuð verkefni sem ég hef smiðað í atvinnuleysinu. Verkefni sem ég hef búið til á Vefnum og hef notað til að halda mér við á mínu sviði. Ég er stoltur af verkum mínum og get vísað á þau.

Minn óslitni frami frá árinu 1993, á sviði miðlunar og tölvunarfræði, hefur orðið fyrir árás sem hefur haft slæmar afleiðingar og ég fullyrði að voru óverðskuldaðar. En áfram með söguna, þetta er ekki frásaga um hvort ég sé forritari eða ekki heldur er þetta frásaga um einelti og gróflega misbeitingu valds sem fótumtreður virðingu og mannréttindi.

Það er mikilvægt að gera sér ljóst, að þeir góðborgarar sem síðar koma fram, beittu ofbeldi gegn manni sem ekki gat borið hönd fyrir höfuð sér, bæði því hann var kominn með þess konar

mannorð félagslega og vegna þess að hans starfsframi er mjög háður meðmælum og viðurkenningu vinnustaðar. Þess vegna hef ég hér dregið fram hluta þeirrar löngu göngu sem leiddi til frama míns í forritun og sýni hví frami minn var mér svo mikils virði.

## 5. Kafli. Tæknivæddur heimur

Fyrstu kaflarnir voru kynning á forsendum þess að ég sóttist eftir vinnu hjá Fiskistofu og útskýring á því hvers vegna starfið var mér mikils virði. Það er óhjákvæmilegt fyrir framhaldið að ég snerti á hinu tæknilega. Það er margt sem ég þarf að drepa á en það er gott lesandi góður hafir þú innsýn í starf mitt á Fiskistofu og hvert eðli þess var.



Eins og fram hefur komið vann ég aðallega með tvö forritunarmál. Annað þeirra nefnist PHP og hitt Java. Nú hef ég áður komið stuttlega inn á hvers eðlis þau eru. Ég hef einnig minnst á að ég notaði mál sem heitir SQL sem er notað fyrir hönnun og meðhöndlun gagnagrunna.

Strangt til tekið er rangt að halda því fram að SQL sé hrein og klár forritun, frekar mætti segja það vera á mörkum þess. Þetta er aðferð til að skilgreina hvernig gögnum eða upplýsingum er hagað í mynstur og það veitir farveg til meðhöndlunar þeirra. SQL er víða notað og segja má að það sé notað hvarvetna þar sem geyma þarf upplýsingar.

SQL er í notkun á ýmsum verkvöngum (Platform) eða gagnagrunnsþjónum. Nefna má Oracle, Microsoft SQL Server, MySQL og Postgres sem eru vinsælastir á markaðnum. Þeir eiga það allir sameiginlegt að gegna sams konar hlutverki. Þeir eru uppsettir á miðlægum netþjónum og hleypa notendum að sér, til þess að annað hvort vinna með gögn eða fletta þeim upp.

Samanber dæmið sem ég hef áður lýst um „ja.is“ eða símaskrána á netinu. Það er kannski lítill hluti notenda sem vinnur beint með gögnin sjálf, setja þau inn eða breyta þeim en stærri hluti notenda sem skoðar þau.

Nú er það svo að högun í gagnagrunna getur orðið flókin, í það minnsta fyrir byrjendur. Sem dæmi um þetta flækjustig skal taka hér einfalt dæmi.

Tökum dæmi um „Albert tamningamann.“ Hann vill geyma upplýsingar í persónulegri símaskrá. Segjum að hann sé tamningamaður sem temur hesta og vill gera einfaldan lista yfir alla hesta sem hann temur. Hann vill geyma símanúmer eigenda og hannar símaskrá í gagnagrunnsþjóni. Þannig geta aðrir tamningamenn á tamningastöðinni flett upp á gögnum í spjalddölvum.

*Það væri gaman að sjá tamningamenn í útreiðartúr að meðhöndla upplýsingar úr gagnagrunni. Tæknin nýtist víða.*

„Gulli Jóns“ sem er venjulegur tölvunotandi myndi líklega nota töflureikni á borð við Excel og gera einfaldan lista yfir alla hesta og eigendur. Reglulega gæti hann síðan flett upp í listanum og viðhaldið honum.

Gagnagrunns forritari nálgast þetta á annan veg. Nú er Albert lærður forritari og velur að nota gagnagrunnsþjón í verkið. Hann hagar því gögnum sínum eftir kúnstarinnar reglum.

Hann smíðar fyrst einfaldan lista yfir hestana þar sem eingöngu koma fram hesturinn, nafn hans, litur og fæðingarár og einnig foreldrar. Þetta væri einfaldur listi geymdur í töflu. Síðan gerir hann aðra töflu yfir eigendur og í henni koma fram nafn eigandans, hvar hann á heima s.s. gata og húsnúmer. Þriðja taflan er smíðuð fyrir símanúmer og netföng. Enn ein tafla er smíðuð með lista yfir öll bæjarfélög.

Albert myndi því ekki skrá „Jón Jónsson, Aðalgata 1, 600 Akureyri.“ Heldur skráir hann póstnúmerið „600“. Þannig væri ekki „Jóna

Jónsdóttir, Aðalgata 2, 101 Reykjavík“ heldur „Jóna Jónsdóttir, Aðalgata 2, 101“.

Lítum nánar á hvers vegna Albert stofnar fjóra lista – eða töflur – þar sem Gulli Jóns með töflureikninn notar einfalda Excel töflu. Hvað ef Gulli skráir tíu hesta: Blakkur, Sörli, Faxi og svo framvegis en Jón Jónsson á Akureyri á þá alla.

Nú slær Gulli inn þessa tíu hesta og aftan við nafn hvers hests stæði nafn eiganda „Jón Jónsson“ og upplýsingar um Jón á borð við „Aðalgata 1“, „600 Akureyri“ og að síðustu símanúmer og netfang. Gulli er oft að flýta sér og á einum stað slær óvar inn „Jóna Jónsson“ eða eitt „a“ aukreitis.

Hvað ef Jón Jónsson ætti hundrað hesta og á einum stað er óvart einn hestur skráður á Jóna Jónsson. Gulli var að flýta sér enda margir hestar að skrásetja og tók ekki eftir að ein færslan var misskráð. Hið mannlega auga!

Þar sem Albert býtar gögnin í töflur þá græðir hann ýmislegt meðal annars að forðast innsláttarvillur af þessu tagi. Ég ætla að útskýra það nánar. Nú er Gulli mjög klár í Excel og útbýr einfalt leitarform í töflureikninum. Þá getur hann slegið inn leitarkeyrði til að finna upplýsingar. Þannig mætti leita að öllum hestum sem heita ákveðnu nafni s.s. „Blakkur“. Opna mætti leitarglugga og slá inn „Jón Jónsson“ og fá lista yfir níu hesta en sá tíundi birtist ekki því hann tilheyrir „Jóna Jónsson“.

Albert velur að skipta þessu upp. Þegar hann slær inn tíu hesta slær hann inn nöfn þeirra í hestatöfluna en aðeins númer eigandans. Eigandi allra hestanna er „Jón Jónsson“ sem er númer eitt í eigendatöflu. Þegar hann skráir hestinn Sörli setur hann nafn því „Sörli, Fæðingarár 2001, eigandi nr. 1“. Næst kemur

„Faxi, fæddur 2001, eigandi 1“. Þannig heldur hann áfram „Jörp, 1999, 1“.

Ef Jón Jónsson er rétt sleginn inn í nafnatöflunni er ekkert vesen með það. Þegar Albert býr til leitarform í sínu forriti getur hann slegið inn „Jón Jónsson“ og leitarformið finnur hvaða númer Jón hafi í eigendatöflunni. Finnur þar númer „1“ fer því næst í hestatöfluna og finnur þar alla hesta sem tilheyra eiganda númer „1“ og þannig koll af kolli.

Sama lögmál gildir yfir bæjarfélögin og einnig geymslu á símanúmerum og netföngum í aðskildum töflum. Segjum að „Jón Jónsson“ eigi tíu símanúmer og þau þarf að geyma. Svo kemur eigandinn „Jóna Jónsdóttir“ sem á bara eitt símanúmer og einnig þarf að slá það inn.

Ef nafnataflan gerir bara ráð fyrir einu símanúmeri og einu netfangi eru komnar skorður eða gagnaprengsli. Með því að geyma símanúmerið „1234567“ eigandi „1“, svo kemur annað símanúmer „71232456“ með sama eiganda í sértöflu sneiðir Albert framhjá þessum þrengslum og getur geymt ótakmarkað magn af símanúmerum.

Þetta er í hnotskurn hvernig við notum gagnagrunnshögun og kannski hljómar flókið fyrir byrjanda að setja sig inn í þetta. Reynslan hefur þó sýnt að þegar einu sinni er búið að haga upplýsingum niður í vel skilgreindar töflur þá vinnst mikið hagræði á marga vegu, sérstaklega þegar til lengri tíma er litið.

Aðal ávinningur er hversu hratt má vinna með upplýsingar og þær víddir sem vensluð töfluhögun leyfir. Þá vegur þungt minnkuð hætt á innsláttarvillum og auðveldara aðgengi til að finna og leiðrétta upplýsingar.

Nefnum einfalt dæmi varðandi töflureikninn hjá Gulla. Nú er hann búinn að slá inn tíu hesta og þeir tilheyra allir „Jón Jónsson, Aðalgötu 1, 600 Akureyri“. Þá fréttir hann að Jón er fluttur yfir á „Hinagötu 7, 600 Akureyri“. Þá þarf að finna allar þær færslur sem geyma hesta Jóns, sem eru ekki í röð. Fyrstu tvær gætu verið efst, þriðja og fjórða kannski línunum 500 og 501. Gulli gæti haft hundruðir hesta á skrá.

Nú þyrfti að vinsa út þessar tíu færslur og breyta „Aðalgata 1“ í „Hingata 7“. Þannig getur einfaldur listi sem leit vel út í byrjun krafist mikillar vinnu við uppfærslur og lagfæringar auk þess sem hætta á villum er stórauvin. Sem fyrr segir geta þessar villur falið nauðsynleg gögn innan um þúsundir lína.

Gott er í þessu samhengi að ímynda sér Þjóðskrá sem á yfirborðinu gæti virst einföld nafnaskrá 319.000 einstaklinga, en er langt frá því að vera einföld þegar hún fær snertingu við veruleikann í líkani á borð við það sem hér er lýst. Dæmið kann að hljóma flókið við fyrstu rýni hjá byrjanda, en þessi aðferðafræði er notuð í öllum gagnageymslum nútímans.

Albert myndi hins vegar opna eiganda nr 1, Jón Jónsson, á einum stað, skipta um heimilisfangið á einum stað og það verður þá rétt í öllum hundruð þúsund færslunum í tamningagrunninum. Það er viljandi sem ég segi hundruð þúsund færslur. Á Íslandi væri kannski ólíklegt að tamningamaður geymdi upplýsingar um svo marga hesta. Albert gæti þó hæglega verið eigandi stærstu tamningamiðstöðvar í Þýskalandi.

Gulli gæti vel geymt upplýsingar um tuttugu til þrjátíu hesta. Þegar hann væri kominn upp í hundruð eða hundruð þúsund væri hann löngu búinn að missa yfirsýn yfir gögnin.



Það er hér sem er kemur að hugtakinu skalanleiki (Scalability). Gagnagrunnur sem í upphafi átti að geyma fimmtíu eða hundrað hesta gæti vel geymt hundrað þúsund hesta eða milljón. Svo fremi að högunin sé rétt í upphafi. Flækjustigið myndi ekki aukast með umfangi gagna.

Ég fullyrði að flest stærri fyrirtæki, og smærri, hafa forritara í vinnu sem eyða miklum tíma í lagfæringar og endurútfærslur á illa hönnuðum kerfum. Þar er sóað stórfé frá mánuði til mánaðar, árum saman. Yfirmenn hafa enga hugmynd um þetta, því þeir vilja ekki heyra tæknilegar skýringar, og þegar þeir vilja það skortir þolinmæði til að skilja þær. Því miður er ég að skrifa þetta út frá reynslu.

Gagnagrunnsforritun snýst fyrst og fremst um hvernig skuli geyma gögn. Fyrrgreint líkan sem kallast vensluð högun, hefur mikinn sveigjanleika og meðfærileika. Gagnagrunnshögun snýst því í ekki um með hvernig forritunartækni eða viðmóti gögnin eru innsett eða sótt, heldur hvernig þeim er hagað með tilliti til einföldunar, lágmörkunar á villum og skalanleika.

Ég nefni viðbótardæmi þessu til stuðnings. Albert hefur eina tölvu á skrifstofunni til að geyma allar upplýsingar en starfsmenn þurfa að geta flett upp á gögnum með spjaldtölvu eða snjallsíma. Þeir hafa flestir spjaldtölvur. Sú krafa kemur upp að þeir geti hvar og hvenær sem er, flett upp á hestum og skyldum upplýsingum. Jafnvel geti þeir uppfært upplýsingar.

Til þess að gera þetta þarf að smíða ný forrit fyrir þessa snjallsíma og spjaldtölvur. Android símar eru útbreiddir og í hraðri sókn á markaðunum og notendaforrit á Android síma eru samin í forritunarmáli sem heitir Java. Þarna er þá komið forritunarmál sem leyfir bæði að búa til framhlið á forritið og bakvinnslu til að sækja eða vinna með upplýsingar sem geymast í gagnagrunni. Í

þessu samhengi sjáum við hvernig þetta vinnur saman. Ennfremur að veröld tölvuforritunar er minni en virtist í fyrstu.

Við vorum sjö forritarar og einn gagnagrunnsstjóri. Þá voru fjórir kerfisstjórnar hjá stofnuninni á þeim tíma sem ég var þar. Að endingu var yfirmaður tölvudeildar. Við vorum því sjö í teymi, allir að vinna forrit sem notendur nýttu sem viðmót á gögn en aðrir með gagnagrunnshögun á gagnagrunnsþjóninum. Sumir okkar með hvorutveggja en ekki allir á sama verkvangi eða með sömu forritunarmál.

Þá kem ég að einum þætti sem vert er að ræða. Við skulum nota aftur kerfið hans Alberts tamningamanns. Viðhald og endurgerð.

Albert gerði fyrstu útgáfu af tamningaskrá árið 2006. Hann er menntaður forritari svo hans forrit var vel úr garði gert. Í fyrstu útgáfu var möguleigt að nota það á skrifstofunni og útstöðvum s.s. borðtölvum, fartölvum, eða jafnvel að heiman. Frúin sem einnig er tamningamaður fer reglulega í sumarbústað með saumaklúbbnum og vill geta notað fartölvuna þar til að vinna með tamningaskrána.

Því var forritað þannig í upphafi að þau hjónin, sem byggðu upp lítið tamningafyrirtæki, gætu unnið með sömu upplýsingar í rauntíma, óháð því hvar þau væru stödd í heiminum. Ef þau höfðu aðgang að Netinu gátu þau tengst þessum upplýsingum í gegnum Vefinn.

Nú fáeinum árum síðar eru fleiri tamningamenn að störfum og hundruðir hesta skráðir. Allir vilja vinna með upplýsingarnar eða skoða þær. Albert áttar sig á því að hann þarf að skrifa ný forrit. Gömlu forritin fyrir vefsíðuna voru skrifuð í PHP. Það er gott

forritunarmál fyrir einfalda vinnslu og eitt besta forritunarmálið til að skella upp einföldum vefsíðum sem nýta gagnagrunna.

Hann áttar sig á að þar sem flestir tamningamennirnir hafa Android síma og konan spjaldtölvu þarf að forrita framhlið á grunninn með Java. Það sé besta leiðin til að koma gögnum í snjallsíma og spjaldtölvur með Android stýrikerfi. Hann notar ennþá tölvuna á skrifstofunni og er enn með gamla gsm hnappa símann. Albert er flókinn.



Snjallsímar geta skoðað vefsíður en þá þarf að nota vafra sem er ómeðfærilegt. Sem forritari veit Albert það sem allir forritarar eiga að vita, en eru misgóðir að skilja: Notendur vilja umfram allt einfalt, þeir vilja ekkert sem er tæknilegt eða stírt.

Hann notar því jólafríið á Kanarí, sem er besti tíminn fyrir Albert og frú að eiga næði saman. Annir á tamningastöðinni eru miklar. Þar sest hann við forritun á útgáfu tvö, á sama hóteli og hann samdi fyrstu útgáfu nokkrum árum fyrr.

Næstu þrjár vikur á Kanarí og hespar hann þetta af. Nú rekt hann á dálítið sem ekki hafði hvarflað að honum þegar hann gerði fyrstu útgáfuna árið 2006. Hann áttar sig á að hann þarf að breyta gagnagrunninum sjálfum.

Hann gerði í upphafi fleiri töflur en þær fjórar sem ég nefndi áður. Töflur þessar geyma viðameiri upplýsingar, sem væri of langt mál að rekja. Hann áttar sig á að hann þarf að skrasetja viðbótarupplýsingar um hestana og tengda starfsemi. Einnig þarf að breyta hvernig upplýsingum er hagað varðandi eigendur. Þannig er komin upp ný gagnakrafa um tæki og aðföng. Bæta þarf inn upplýsingum um viðskiptavinum sem selja aðföng. Ennfremur þarf að skrasetja sjúkrasögu og meðferð þeirra hesta sem veikjast eða meiðast.

Þá eru eru hnökrar á því hvernig upprunalegur gagnagrunnur var hagaður. Hér eru því góð ráð dýr. Það getur verið flókið og viðkvæmt að breyta gagnagrunni eftir á, þegar hann er orðinn lifandi eða virkur.

Þetta er stór ástæða fyrir flækjustigum og töfum í forritun í rekstri nútíma fyrirtækja og stofnana. Kerfi þarf að vera rétt hagað í upphafi. Færir forritarar ættu að þróa útgáfu dagsins í dag með útgáfu morgundagsins í huga. Það er hins vegar tímafrekt, krefst mikils innsæis og útsjónarsemi. Því miður er yfirleitt brotalöm á þessu.

Albert þarf því að endurhanna lifandi gagnagrunn sem er í fullri notkun. Allt starfsfólk hans notar forritin á útstöðvum. Daglega er unnið með upplýsingar og þau uppfærð. Kerfið geymir viðamiklar upplýsingar um hesta, viðskiptavinum og annað í lifandi grunni. Forritin eða vefsíðurnar þurfa að virka á meðan nýr grunnur er endurgerður og Java forritin þróuð. Albert þarf að geta breytt þessum gagnagrunni án þess að breyta honum!

Hann þarf að breyta hvernig sumar töflur eru notaðar. Hann er búinn að reka sig á að sum svið í töflunum geyma sína upplýsingar frekar óhaganlega. Dæmi: Allir hestar á Íslandi hafa mismunandi lit. Í fyrstu útgáfu grunnsins var litur skráður við hvern hest þannig að heiti litarins var slegið inn sem texta. Faxi er “brúnn” og því var ritað “brúnn”. Jörp er “jörp”. Gráni er “grár”. Sleipnir er “glófextur” og svo framvegis.

Albert vissi að þetta var röng högun á sínum tíma. Notandi gæti hæglega slegið einn „grar“ þegar ætti að rita „grár“ og gera þarf ráð fyrir hvort ritað sé með hástöfum eða ekki. Þessi nálgun sparaði hins vegar tíma við forritun. Hann notaði því innri tækni til að tryggja að innsláttur yrði réttur. Hann hafði í raun ætlað sér að geyma þessa útfærslu til betri tíma. Þetta er einnig mjög algengt,

að vandamálum er ýtt til framtíðar í von um að þá gefist betri tími. Sá tími kemur aldrei og flest nútíma kerfi eiga langan lista af slíkum þáttum sem sjaldan eru skjalaðir og yfirleitt gleymast.

Albert ákveður því að nota tækifærið fyrst endurhönnun stendur yfir. Hann velur að skrá alla þekktu liti og litafbrigði í sértöflu og merkja við hestana hvaða litanúmer þeir eiga. Þetta er sams konar nálgun og notuð var með eigendur og bæjarfélög. Hestalistinn geymir númer eigenda sinna. Eigendalistinn geymir númer bæjarfélaga. Allar þessar upplýsingar tengjast svo saman þegar gögnin eru notuð án þess að notendur hafi um það nokkurn grun. Hann velur þannig að breyta högun um leið og hann gerir nýja útgáfu.

Ég bið þig að íhuga vel þetta dæmi sem nú er komið upp. Þegar Albert gerði fyrstu útgáfu af tamningaskránni skilgreindi hann að geyma skyldi upplýsingar um hesta og eigendur þeirra, ásamt símanúmerum og netföngum. Þau ár sem forritið hefur verið í notkun hefur smámsaman aukist þörfin fyrir viðameiri upplýsingar sem bættust við upprunalegar kröfur og smáhögunarvillur af framangreindu tagi hafa komið í ljós.

Á sínum tíma hafði hann notað þrjár vikur til að hanna kerfið. Hann hafði notað sams konar jólafrí á Kanarí. Meðan konan var á ströndinni eða skoða markaðina sat hann á laugarbarminum með Pina Colada, fartölvuna í fanginu, og forritaði.

Það væri svalt ef allir forritarar gætu unnið þannig en tæknilega er því ekkert til fyrirstöðu. Það er ekki til það fyrirtæki í heiminum sem þarfnast þess að forritarar séu daglega á skrifstofunni. Ástæðan fyrir því að forritarar eru hafðir á skrifstofum er sú að fólk er ekki hrifið af breytingum og starfsmaður „á að vera á staðnum“. Þessu er þó eingöngu skotið hér inn til gamans

Albert hafði því sötrað kók í jólafríinu árið 2006 og forritað á spretti. Hann flýtti sér og litaskráning hafði þá verið minniháttar atriði sem skipti litlu á þeim tíma fyrir heildar högun forritsins. Hann hafði því haft hugann við aðra hluti, aðrar útfærslur og aðrar rútnur.

Þetta er það sem hugbúnaðarfolk lendir í hjá fyrirtækjum og stofnunum þegar breyta þarf hugbúnaði eftir á. Sama hversu vel hugbúnaðurinn er skilgreindur áður en hann er smíðaður. Það koma alltaf upp atriði sem hefðu mátt vera betur höguð. Þetta er enn meira áberandi hjá opinberum stofnunum á borð við Fiskistofu. Þar kemur upp þörf á að breyta forritum eftir breyttum reglugerðum eða nýjum lögum og pólitískir vindar sem því stjórna eru oft óvæntir og gera kröfur um snöggar breytingar. Slíkt gerir miklar kröfur til þessara manna og enn meiri til yfirmanna þeirra.

Oft þarf að nota málamiðlun í kerfum þegar of seint er að breyta þeim eða menn hugsa með sér „þetta sleppur“. Hvaða Íslendingur kannast ekki við þetta viðhorf

Albert velur í nýrri útgáfu að breyta þessu litla atriði. Hann þarf að breyta hestatöflunni og bæta við litatöflu. Á meðan hann gerir þetta þarf að afrita alla liti þeirra hesta sem eru fyrir í grunninum, síðan þarf að endurskilgreina þá í litatöflu og skipta þarf litaheitum yfir í litanúmer.

Þetta þarf að gerast án þess að glata upplýsingum og grunnurinn er í notkun á meðan. Jafnframt þurfa notendaforritin, eða vefsíðurnar, aðlögun og þau eru einnig í notkun á meðan. Vinna af þessu tagi er eðlilega viðkvæm og upp koma mörg vandmeðfarin verkefni í undirkerfum. Þú breytir ekki lifandi upplýsingum í lifandi kerfi sem jafnframt er í virkri notkun nema vara þig á svona atriðum.

Margir vinnudagar geta farið lögun á litlum atriðum á borð við þessa litaskráningu. Albert hefði leyst þetta á hálfum degi í upphafi en nú þarf að taka góðan tíma í verkið og vanda sig vel. Bæði þarf að tryggja heilindi gagna og einnig að valda virkum notendum þeirra sem minnstum óþægindum.

Væri hann starfandi forritari hjá stóru fyrirtæki eða stofnun og þyrfti að útskýra þessa ákvörðun á fundi yrði hann spurður hví hann væri svo marga daga á eftir áætlun. Hann myndi svara sem væri að hann hefði óvænt þurft að breyta hvernig litaupplýsingar væru skráðar í grunninn.

Þá rækist hann á vegg. Yfirmenn deilda vilja ekki heyra tæknilegar útskýringar á töfum. Þeir vilja alls ekki heyra hvers vegna léttvægt og einfalt atriði getur haft víðtækar afleiðingar. Það er viðhorfið sem forritarar þurfa að starfa við. Sérstaklega eins og það snéri að minni reynslu hjá Fiskistofu.

Höfum í huga að Tamningastöð Alberts er mun viðaminni starfsemi en Kvótakerfi Íslands, Umferðarskráning eða Tollurinn, hvað þá Skatturinn. Öll þessi kerfi eru þó háð sömu lögmálum!

Teymið lendir í útfærslu sem þarf að breytast og það tekur ákveðinn tíma. Teymið vill vinna verkið rétt og af heilindum en fær ekki tækifæri til að gera *réttu grein* fyrir málinu. Þegar tímaáætlanir standast ekki er svo þessum mönnum kennt um og erfitt fyrir þá að gera grein fyrir þeim ástæðum sem valda töfum einmitt því það er lítil vilji til að skilja það sem þeir tala um. Svipaðar ástæður eru fyrir því að högun, eða aðkeyptar lausnir, er of dýr, tekur of mikinn tíma eða hreinlega rönt.

Kannski fær forritari að gefa útskýringar fyrir yfirmanni tölvusviðs en sá maður kemst heldur ekki upp „tæknilegar útskýringar“. Þetta er stór hluti af þeim vanda sem ég var vitni að. Keypt hafði



verið aðkeypt hönnun sem tók mörg ár í þróun, var óskilgreind, engin greinargerð fylgdi aðkeyptu tilboði og að endingu þurfti að fleygja eða hætta við þá þróun sem þó hafði verið greitt milljónir fyrir. Sú saga er þó utan minna efnistaka.

Sem fyrr segir. Þegar Albert hefur breytt grunninum þarf líka að breyta vefsíðunum, forritunum, sem starfsmenn nota. Það getur tekið umtalsverðan tíma að breyta notendaviðmóti eða útliti og oft mun meiri tíma en vinnan við gagnavirknina á bak við. Þetta er þó mismunandi eftir kerfum. Ég hef þurft að vinna í tvær vikur við breytingar á bakvinnslu hugbúnaði og þurfti svo einn dag í aðlögun á framhlið. Jafnvel kemur fyrir að nóg er að breyta bakvinnslu og án þess að þurfi að snerta notendaskil.

Yfirmenn sem ekki sjá breytingu á notendaskilum og vilja ekki heyra lýsingar á þeirri vinnu sem liggur á bak við. Hvað þá að sannreyna hvort sú lýsing stenst. Þeir skilja ekki þann veruleika sem forritarar vinna með. Þeir hafa þó afdráttarlaust vald yfir framvindu kerfanna og frama þeirra manna sem smíða þau og viðhalda þeim. Fásinna er að ætla þeim stofnunum sem þannig vinna að kerfi þeirra séu gallalaus. Þetta er þó betur útskýrt í sögunni um nýju fötin keisarans.

Kerfin hjá Albert tamningamanni útskýra talsvert stærri viðfangsefni mjög vel og því miður er enginn umræðuveruleiki á Íslandi sem veitir opinberum stofnunum aðhald fyrir faglega nálgun slíkra verkefna. Þetta er stórt vandamál í nútíma hugbúnaðarveruleika Íslendinga.

Flest stærri fyrirtækja og stofnana nota hugbúnað sem er kominn til ára sinna en geyma mikið magn upplýsinga og eru í útbreiddri notkun. Það er viðkvæmt mál að vinna breytingar á þessum kerfunum. Hvort heldur að breyta högun upplýsinga eða

endurbæta útfærslur. Höfum í huga að vægi tölvunotkunar hefur margfaldast frá árinu 2000 og er sá hraði enn að magnast.

Mikið er um högun sem fagmenn skella inn í kerfi og vinnuhætti vegna eigin smekkvísi – eða skorts á smekkvísi – eða eftir tískustraumum án tillits til faglegs áreiðanleika. Lítið er um rýni í slík vinnubrögð enda *tölvumanninum treyst fyrir kerfum sem yfirmenn skyrrast við að* skilja. Ef grunur minn er réttur, að Fiskistofa sé ekki eyland í þessum efnunum, er pottur brotinn í viðhorfum yfirmanna í öllu hinu opinbera kerfi.

Það er takmarkað aðhald hjá hinu opinbera varðandi val á yfirmönnum og reyndar mjög skeytingarlaust viðhorf sem kemur fram í lögum um opinbera starfsmenn, sérstaklega með tilliti til þess að hún skilgreinir tvöfeldni í atvinnulöggjöf. Þá hef ég séð vanhæfa forritara með háskólapróf vera tekna fram yfir menn sem höfðu meiri reynslu en voru án prófs.

Þegar ég nota orðið vanhæfni yfir menntaðan forritara á ég ekki við kunnáttu hans til að setja saman kóða eða skilgreina breytur. Heldur getu hans til að setja saman flóknar og misvenslaðar ímyndir með hugrænum hætti, þróa þessar sömu hugmyndir með gagnavenslum í mismunandi áttir til að rýna í haganleika fyrir þróun þeirra og að lokum rissa upp þá högun sem nýtist best til framtíðar. Verandi jafnframt með hugann við keyrslu umhverfið, hugsanlega starfshætti þegar komi að viðhaldi og umbreytingum á högun, og þá með tilliti til rekjanleika, skjölunar og fleiri þáttum sem hugbúnaðarhönnuðir eru þjálfaðir til.

Ég kann sjálfur, og hef kennt, hugbúnaðarhönnun og hef oft furðað mig á vanhæfni margra forritara til að tileinka sér hana. Fyrir lesanda sem ekki hefur sýn í þessa hlið tölvuheima en er að reyna að lesa sögu mína skal útskýrt að forritari er í raun smíður, en hugbúnaðarhönnuður er mitt á milli byggingartæknifræðings

og byggingarverkfræðings. Eins og allir vita þurfa að góðir húsasmiðir að skilja verkfræðinginn en ekki öfugt. Ástæðan fyrir að ég dreg þetta fram er sú að hjá stofnunum, og stærri fyrirtækjum, starfar stór hópur forritara. Þessum forriturum er stillt upp í þær aðstæður að yfirmenn halda að þeir geti unnið sem hugbúnaðarhönnuðir, og hvorugur skilur hinn.

En áfram með tæknilega umfjöllun.

Nýlega kom ég í fyrirtæki sem hefur starfað í átján ár á Íslandi. Þeir voru þá með tólftu útgáfu af sínu forriti í notkun. Þar hefur komið fram ný útgáfa að meðaltali á átján mánaða fresti frá upphafi. Þegar ég ræddi þar við starfsmenn og yfirmenn var augljóst að þeir voru stoltir af því hvernig kerfinu var hagað. Sú högun er þannig úr garði gerð að vinna má breytingar og uppfærslur mjög auðveldlega og hratt. Skil ég stolt þeirra vel.

Fimmtán árum fyrr höfðu þeir tekið tvö ár í að endurhanna sín kerfin með þetta í huga. Það er mjög sjaldgæft, ekki bara á Íslandi heldur á öllum vesturlöndum að fyrirtæki nálgist sín hugbúnaðarkerfi á þann hátt að undirstaðan búi yfir sveigjanleika gagnvart næstu útgáfu.

Sjálfur vandist ég því frá upphafi míns náms og þjálfun við hugbúnaðargerð að þegar ég smíða nýjar lausnir geri ég strax í upphafi ráð fyrir sveigjanleika í hönnun. Því miður eru slíkir forritarar í miklum minnihluta. Þessi kafli er því jöfnum höndum umfjöllun um vanda nútíma forritunar og eðlismun á gagnagrunnsforritun annars vegar og viðmótsforritun hins vegar. Þetta er jafnframt ástæðan fyrir að ég hef áður dregið fram fortíð mína við sjálfstæð störf, því þar tileinkar maður sér öguð viðhorf til hönnunar og viðhalds. Ennfremur á ég auðvelt með að vinna með hlutbundna hönnun, sem áður hefur komið fram. Að endingu má koma fram að ég er áhugamaður um heimspeki og er



vel þjálfaður á sviði „ímynda með hugrænum hætti og venslum ólíkra hugmynda.“

Segjum að upp komi þörf til að forrita tamningagrunn Alberts til aðgengis í litlum bílatölvum í hestaflutningabílum. Þetta gætu verið gamlar sérhannaðar bílatölvur sem ekki hafa graffískt viðmót heldur gamaldags textaviðmót. Það væri líklega snertiskjár sem tekur við einföldum innslætti og skilar niðurstöðum sem jafnvel mætti prenta út. Hefurðu skoðað nýlega hvernig tölvukerfin eru í leigubílum? Líklega yrði að smíða þetta í forritunarmáli sem nefnist „C“ en allan tímann vinna með sama gagnagrunninn.

Það segir sig sjálf að yfirmenn sem eru verkstjórar yfir sviðum og deildum þurfa að hafa lágmarks getu – eða tækniþekkingu – og lágmarksvilja til að skilja innihald þess sem undirmenn þeirra hafa að segja. Sérstaklega til að rýna í hvort forritarinn breiði yfir eigin vangetu og þá ekki síst þegar hann sýnir vanþekkingu annarra forritara og er jafnvel að leysa úr henni.

Það er ábyrgðarhluti að vera yfirmaður fagmanns sem er upptekinn daginn út og daginn inn í ábyrgðarfullum verkefnum, eins og smíði kerfa sem geyma viðkvæmar upplýsingar fyrir stofnanir, og geta ekki hlustað á útskýringar hans. Svo sem útskýringar á borð við val á lausnum og útfærslur þeirra. Hvers vegna mælt er með því að velja dýrari eða ódýrari lausn. Hvers vegna ein lausn er betri þó hún taki langan tíma í útfærslu, þegar lítið er til samlegðaráhrifa heildarkostnaðar.

Heildarkostnaður hugbúnaðar er hugtak sem ég kem ekki inn á í þessari bók. Það er hins vegar veigamikill þáttur í faginu. Sem dæmi kostar Linux stýrikerfið ekki neitt en Windows kostar um eða yfir 20.000 krónur. Það væri auðvelt fyrir stofnun með 90 starfsmenn að spara 1.800.000 krónur með því að velja Linux þegar nýjar tölvur eru keyptar. Microsoft Office kostar frá 30.000

og upp að 60.000 krónum en Open Office kostar ekkert, en þessir tveir *Office* vöndlar geta unnið með gögn hvors annars.

Þá er til í dæminu að vinna við uppsetningar, þróun á skriftum til kerfisstjórnunar, leitun að reklam og lausnum á ýmsum hlutum, nú eða lausnir á leyndum göllum, setji þennan kostnað á Linux tölvu upp í 28.000 krónur á vél. Vélin gæti samt kostað 5.000 krónur á vél ef rétt er að verki staðið en engin staðalviðmiðun er til á þessum vettvangi. Þetta er þó viðbótar innsýn og utan minna efnistaka.

Ég segi þetta gott um hið tæknilega að sinni og leitast við það í næsta kafla að drepa á öðrum sjónarhóli á þann flöt. Sjónarhól sem frá mínum bæjardyrum séð, sem fagmanns, er mun áhugaverðari.



## 6. Kafli. Breiðsiða kerfisins

Sem fyrr segir er þetta saga um einelti sem hefur kostað mig aleiguna og starfsframann. Stór og þung orð. Ég hef hikað í þrjú ár að segja þessa sögu af ótta við að hún hefði enn verri áhrif á minn starfsframa. Atvinnu umhverfi landsins er smátt og orðstýr skiptir máli. Ekki er alltaf ljóst hvort hann sé verðskuldaður.

Mér er neitað um verðug meðmæli, hef verið ýtt til hliðar án viðurkenningar á gildi minna starfa. Umfram það er sú aðgerð framkvæmd á ábyrgð manns sem er sérhæfður í mannréttindalögfræði. Hann gefur sig út sem baráttumaður mannréttinda og hefur starfað sem lögfræðingur hjá Umboðsmanni Alþingis, fyrir Rauða Kross Íslands, verið bæjarstjóri og er áberandi á vettvangi pólitískrar hreyfingar sem kennir sig við jöfnuð.

Ég fullyrði að þessi einstaklingur beri höfuð ábyrgð á þessu máli. Sérstaklega að hann hafi einstakar forsendur til að vita hversu alvarlegar aðgerðir hans voru. Þá fullyrði ég að hann var þess meðvitaður – og hann hafði orð á því í mín eyru – að ólöglegt er að þyngja refsidóma á Íslandi, með beinum eða óbeinum hætti. Öll frásagan kallar Árna Múla Jónasson til ábyrgðar á þeim atriðum, bæði félagslegum og faglegum sem hér koma fram. Ég benti honum á þetta með kveðjuorðum mínum á sínum tíma, að heiður væri hugtak sem vert væri að þekkja og tileinka sér.

Eftir atvinnuleysi á fjórða ár, að hafa misst fokdýran jeppann ásamt og með húsnæði sem ég var að kaupa með systur minni. Að hafa sótt um á þriðja hundruð störf í upplýsingatækni, mætt í um sextíu atvinnuviðtöl síðan dómar féllu í mínum málum. Að mér hefur verið ýtt svo ákveðið til hliðar á atvinnumarkaði, af Fiskistofustjóra eins og síðar verður útskýrt, er stórt mál og

skiptir þar engu hvort *góðborgari* fyrirliður *mann af mínu tagi* eður ei.

Áður fyrr var yfirleitt nóg fyrir mig að sækja um tíu störf að meðaltali og mæta í eitt viðtal til að landa nýju starfi í mínu fagi. Stend ég fastur á því að þáverandi Fiskistofustjóri hafi verið meðvitaður, sakir menntunar sinnar og reynslu í samfélags-veruleika Íslands, hvers konar ofbeldi hann beitti og hvert hann var að ýta mér í samfélaginu.

Tek ég fram að þessar stóru fullyrðingar mínar eru ekki ætlaðar sem ámælisdómur á hans persónu, heldur til að draga hann til ábyrgðar á afleiðingum gjörða sinna við misbeitingu valds og áminning um þá kröfu um heiður sem staða hans í samfélagi krefst og þá með sérstöku tilliti til hans menntunar og starfsreynslu en þetta tvennt gefur til kynna að hann sé annar en hann reyndist vera í mínum kynnum af honum.

Ég hef því ákveðið að skrifa þessa sögu og gefa hana út. Mér veitist erfitt að sjá hvað hægt er að eyðileggja fleira í afkomu minni úr því sem komið er. Auk þess sem heiður krefst þess að standa með þeim gildum sem ég er alinn upp við og hef tamið mér. Gildi sem auðvelt er að sannreyna í sögu minni.

Ég þurfti að berjast við djúpt þunglyndi í kjölfar þeirra atburða sem hér er lýst. Það komu dagar, vikum og mánuðum saman, þar sem ég hugsaði að morgni dags „hvers vegna að halda þessu áfram, til hvers að halda áfram baráttunni, til hvers að halda höfðinu hátt? Ég gæti svæft leitar hundana mína og sjálfur keyrt í Kleifarvatn.“ Þetta voru hugsanir sem oft sóttu á hugann.

Ekki má gleyma þeim þrem árum sem ég velktist í gegnum dómskerfið og þeirri óvissu sem því fylgdi. Ég hlaut fimm dóma alls og barðist af hörku fyrir sanngjörnum dómi. Ég hafði beitt

ofbeldi og vildi dóm fyrir það en ég var einnig dæmdur fyrir kynferðisafbrot sem aldrei var framið og taldi mig hafa sýnt fram á það með fullnægjandi hætti.

Eins og þjóð veit er dómskerfi Íslands stundum áhugavert en hér er ekki réttur vettvangur til að fjalla um það. Hún er aðeins dregin hér fram til að útskýra það hugarástand sem að baki liggur þegar ég lét undan þeirri gríðarmiklu pressu sem lögð var á mig og vonandi skýrist betur þegar lengra er haldið.

Hvaða dóm fær maður? Hvenær þarf maður að afplána? Hvaða afleiðingar mun dómur götunnar hafa, bæði félagslega og fyrir afkomu mína?

Ýmsar tengdar hugsanir leita á, auk þess sem dómur götunnar birtist í netheimum á ýmsum dómstigum og hafði ýmsar afleiðingar. Að standa á sama tíma undir álagi eineltis vegna fordóma á vinnustað, frá hendi fólks sem gefur sig út fyrir faglega nálgun og sérhæfingu í bæði mannauðs- og mannréttindamálum, en það ástand náði hámarki rétt í þann mund sem fjórði dómurinn féll og afplánun stóð fyrir dyrum. Þessir þættir leggjast á sálina og samlegðaráhrif þeirra hefðu ýmsum orðið um megn.

Niðurstaða dómstóla var að lokum sú að ég sæti inni í þrjá mánuði. Þar við bættust níu mánuðir á skilorði og sex hundruð þúsund er ég skyldi borga í bætur. Sú upphæð með öllum kostnaði er nú komin nær tíu milljónum og mun ég seint ef nokkurn tíma geta greitt það niður eins og það vex með núverandi vaxtaálagi. Væri ég í dag í sams konar starfi og ég hafði, tæki það lágmark fimmtán ár að vinda ofan af þessari upphæð.

Þó ég hafi oft hugleitt endanlega og afgerandi lausn á þjáningum mínum ákvað ég að stíga í báruna í gegnum það þunglyndis- og atvinnuleysistímabil sem nú stendur yfir og hefur staðið yfir í rúm

þrjú ár. Það hefur hvatt mig til dáða að faðir minn var þunglyndur og féll fyrir eigin hendi þegar ég var tíu ára gamall. Það hefur á vissan hátt stappað í mig stálinu að þrauka fyrst hann féll. Einnig tek ég kristna trú alvarlega og hef tamið mér hennar gildi en höfundur þeirrar trúar og hans nánustu fylgjendur hafa ítrekað útskýrt í hinni heilögu bók að þeir sem standi með gildum þeirrar trúar muni verða fyrir árásum vegna þess.

Þessar hugleiðingar skipta máli lesandi góður í ljósi þeirrar umfjöllunar sem bókin snýst um. Einelti er illa skilgreinanlegt og sömuleiðis áhrif þess á sálina, sérstaklega þegar áföll koma úr mörgum áttum á skömmum tíma, hvort sem þú átt þau skilið samkvæmt dómi götunnar eður ei. Það skilur eftir djúp sár og skapar þolanda innri veröld sem erfitt er að stíga út úr. Breiðsída eineltis, úr mörgum áttum, sígur í.

Starf mitt á Fiskistofu snérist um vefsíðuforritun. Vefsíðuforritun snýst í þröngri merkingu um að smíða forrit sem er geymt á netþjóni og þegar notandi á Vefnum vafrar á slóð þessa forrits þá bregst það við. Það birtir upplýsingar.

Segjum að notandi vafri á „vefslod.is/afli“ þá gæti komið svar frá forriti sem gefur upp hve miklum afla var landað í Grindavík þann daginn. Hugsanlega gætu þúsund manns séð þessa einu vefslóð samtímis og ætti þá hraði svarsins að vera sá sami fyrir alla. Ekki ætti að skipta máli hvort einn notandi eða hundrað þúsund, skoði slóðina samtímis. Þeir ættu engan hraðamun að finna þó vefsíðan sinni svo mörgum samtímis.

Vefsíðan „afli“ sem þarna væri smíðuð þyrfti hugsanlega að tengjast við annað forrit. Sem gæti verið á öðrum netþjóni og miðlar hinum raunverulegu gögnum en notandinn mun aldrei vita af því. Þetta forrit gæti verið gagnagrunns forrit sem einmitt sækir upplýsingar í þrjár, fimm eða hundrað samtengdar töflur

í gagnagrunni. Forritið vinsar þá úr þessum töflum viðeigandi upplýsingar.

Ein taflan geymir hugsanlega allar landanir á landinu en notandi vill kannski bara sjá afla sem landað var í Grindavík. Gagnagrunnsforritið sækir téðar upplýsingar úr töflu og nánar tiltekið einungis þær sem eru frá *deginum í dag*. Hugsanlega mætti tilgreina önnur tímabil nánar eftir atvikum. Til að mynda væri hugsanlegt að notandi bæði um allar landanir í Grindavík árið 2001, eða landanir í maí 2002.

Það er margt sem huga þarf að þegar forrit af þessu tagi eru smíðuð. Ég hef nefnt hraða og leitarskilyrði. Skilyrði gætu verið skorður eftir reglugerðum sem takmarka hvaða upplýsingar megi birta og þá hverjum. Forritið þarf að ganga rétt eftir þeim tæknimörkum sem því eru gefnar. Auk þess þarf að gera ráð fyrir frávikum af ýmsu tagi: Leitarskilyrði eru ótæk, notkun notanda setji forritið í uppnám sem hugsanlega hefðu víðtækar afleiðingar fyrir keyrslu þess. Mikilvægt er að gæta þess að forrit sem hleypir notanda til samskipta við gagnageymsluna meini á sama tíma óvönduðum notendum, hökkurum og gagnþjófum, nánari aðgang en til er ætlast.

Margar aðferðir eru þekktar til að koma gagnageymslum og netþjónum í uppnám. Síðar verður útskýrt hvernig vefur Fisksistofu bauð upp á lágmark þrjár leiðir fyrir hakkara til að vaða beint inn í kvótakerfið og valda þar usla, leiðir sem ég lokaði eftir því sem yfirmenn leyfðu.

Nú væri hugsanlegt að opna leið fyrir notanda til að þrengja leitarskilyrði sín eftir atvikum. Það getur verið hvaða daga og tímabil megi skoða, hvaða aflategundir og frá hvaða bátum eigi að skoða upplýsingar.

Segjum að notandi vilji sjá allar landanir þann daginn þar sem landað var meira en hundrað tonnum en minna en tvö hundruð. Eins og hér sést getur margt spilað inn í hvernig forritinu Afli er hagað en hér er einungis eitt lítið forrit á ferðinni sem birtir landanir fyrir eina höfn. Geymdar eru upplýsingar í kvótakerfi Íslendinga sem eru mun viðameiri og viðkvæmari en þær sem geyma landanir stakra hafna á völdu tímabili.

Þegar notandi sækir fyrrgreint vefsíðuforrit svarar annað forrit á vefþjóninum beiðni hans og sendir honum niðurstöður. Það er í daglegu tali nefnt Vefþjónn sem er forrit á netþjóni sem svarar þegar notuð er slóð inn á þjóninn, og svarið er vefsíða. Þegar ég segi að notandi biðji um vefsíðu meina ég einmitt að notuð er netslóð í vafra. Þegar notandi slær inn vefslóðina „facebook.com“ þá svarar vefþjónn á netþjóni sem hefur nafnið facebook.com. Hann skilar til baka forsiðunni á forritinu sem birtist þá sem vefsíða frá samnefndu forriti.

Sú forsiða væri í þessu tilfelli stillt inn á að taka við notendanafni þess sem vill skoða síðuna. Segjum að notandinn hafi netfangið [enginn@hvergi.is](mailto:enginn@hvergi.is) og lykilorð hans sé „ekkert“. Þegar hann skráir sig inn á vefþjóninn sér hann einungis það sem honum kemur við. Hann sér eigin gögn á borð við vinalista, myndir, glósur og stöðulínur.

Ef annar notandi fer á Facebook forritið og skrái sig inn með sínu netfangi og lykilorði sér hann sínar upplýsingar. Þó er í báðum tilfellum sama forritið að vinsa úr hvað hvor notandi sér. Þannig mætti halda áfram að skilgreina mismunandi aðgangsstýringar í hegðun forrita á Vefnum.

Þegar ég byrja mitt starf á Fiskistofu var þar vissulega uppsetning af þessu tagi. Þar var til staðar vefþjónn á netþjóni. Þar var einnig uppsettur gagnagrunnsþjónn. Hinn almenni notandi sem

heimsótti vefsíðu hjá Fiskistofu sá þær upplýsingar sem þar áttu að birtast. Síðan voru til ýmis undirkerfi. Óþarfi er að nefna öll þau undirkerfi sem til voru, og eru, en sum verða nefnd hér. Hér er áðeins dregið fram einfölduð mynd af þeim kerfum sem voru og eru til staðar.

Veiðieftirlitsmenn höfðu aðgang að undirkerfi og gátu þá innskráð sig á þann undirvef og þar fengið upp sérvíðmót til að slá inn upplýsingar sem tengjast þeirra starfi. Þá var einnig til Hafnarvefur sem var úreltur eða hálfúreltur, *hann var kannski í notkun og kannski ekki*, fyrir hafnir á landinu til að skrá sig inn og slá inn upplýsingar. Til var svonefndur Gámavefur, sem var útflytjendavefur gerður eftir sérstakri reglugerð fyrir aðila á Íslandi þegar ekki á að landa fisk fyrir Íslenska fiskmarkaði heldur beint í gám og gámurinn síðan sendur á erlenda fiskmarkaði eða beint til erlends kaupanda.

Ég nefni undirkerfi sem mest í þáttíð, því hálf fjórða ár er liðið frá störfum mínum við þessi kerfi og óviðeigandi að fullyrða neitt um ástand mála í dag. Það voru til fullt af undirkerfum, t.d. var eitt fyrir eftirlitsmenn hjá Fiskistofu og Hafrannsóknarstofnun (Hafró) til að skrásetja tilkynningar um lokanir á veiðisvæðum. Eftirlitsmenn sem eru við eftirlit á fiskiskipum eða á rannsóknarskipum Hafró geta með fartölvu tengst þessu kerfi á Vefsíðu og slegið þar inn upplýsingar um hafsvæði sem yrðu lokuð frá veiðum í nánar skilgreind tímabil.

Þetta kerfi var og er mjög mikilvægt, því þegar fréttastofan birtir fréttir af lokun þá hefur starfsmaður annað hvort hjá Fiskistofu eða Hafró eða báðum aðilum staðfest þessar upplýsingar frá eftirlitsmönnum og staðfestir að upplýsingarnar séu réttar og þar með birtast þær á vef Hafrannsóknarstofnunar. Tölvudeild Fiskistofu þjónustaði Hafró á þeim tíma sem ég starfaði þar. Tilkynningar RÚV varðandi þessar lokanir hefja sinn feril þarna.

Það er til fjöldinn allur af öðrum kerfum og allflest í formi vefsíðna og smáforrita á vefþjónum. Þegar ég hóf þarna störf var hinn opinberi vefþjónn Fiskistofu keyrður í forriti sem heitir „Apache 1“.

Apache er gamalreyndur og traustur vefþjónn. Hann kom fram á sjónarsviðið árið 1995 og þykir traust og áreiðanlegt forrit. Þessi vefþjónn er lang vinsælasta vefforrit í heiminum. Þó er til „Apache 2“ sem er yngri og einnig áreiðanlegt. Þetta skiptir máli því þegar forritari þróar vefsíðu sem skal birtast á opnum vefþjónum þarf hann að vita hvort það er Apache 1 eða Apache 2 sem skilar vefsíðunni til notanda.

Þegar ég forrita vefsíðu í áður nefndu PHP máli þarf ég að vita hvaða útgáfunúmer ég nota. Í þessu tilfalli var notað „PHP 4“. Markaðurinn hefur að vísu sagt að mestu skilið við þá útgáfu og notar frekar „PHP 5“ og stutt í að „PHP 6“ verði útbreitt. Ég kem aftur að þessu síðar og vona að þú munir öðlast skilning á hversu miklu þessi vitneskja skiptir. Fyrst vil ég þó klára að útskýra eðli þeirra vefsíðna sem koma við sögu.

Öll þau undirkerfi sem ég nefndi og þau voru í raun mun fleiri, voru öll hluti af ytri vef Fiskistofu á einn eða annan veg. Ef þú sem notandi á vef Fiskistofu heimsóttir vefinn sástu opinberar upplýsingar en sást tæpast neina tengla inn á þessi undirkerfi. Væri notandi hins vegar hlutaðeigandi aðili s.s. útflytjandi að gámafisk eða hafnarstarfsmaður, vissi viðkomandi um slóð sem hægt var að nota til að vafra inn á viðkomandi undirkerfi.

Eins og áður var nefnt gátu eftirlitsmenn slegið inn valda aukaslóð til að fara inn á sinn vef og þá komu þeir inn á eftirlitsvefinn og gátu þar innskráð sig með notendanafni og lykilorði. Í bakvinnslu voru þessi undirkerfi öll innvikluð í aðalakerfið með einhverju móti þó ekki væri alltaf tengill í ytra kerfinu til að komast beint inn

á þau. Þetta kerfi er aðeins eitt margra sem unnu með svipuðu sniði.

Þegar ég byrjaði að meðhöndla vef Fiskistofu var hann í heildina yfir þrjátíu þúsund skrár. Tveir þriðju þeirra voru PHP forrit. Tók langan tíma að greina í sundur hver væru undirforrit og hver ekki. Þegar ég skoðaði rót vefkerfisins, eins og því var hagað á þjónum, fann ég haug af möppum og var ekki augljóst hver þeirra geymdi undirkerfi og hver ekki.

Ég þurfti að opna hverja einustu möppu til að athuga hvort um sjálfstætt undirkerfi væri að ræða eða ekki. Setningin „að opna“ getur verið villandi, því ekki er eingöngu átt við þá aðferð að tvísmella á möppu og skoða lista yfir skrár, heldur einnig að opna hverja fyrir sig í gegnum vafra og athuga hvernig hún svarar á Vef. Þá þarf að opna helstu PHP skrár hennar til að rýna í kóðana sem þær geyma. Auk þess gæti verið til skilgreind vefslóð, hjá vefþjónum, sem vísar í möppuna eftir leið sem ekki er til skjöluð, því getur verið afar viðkvæmt að hreyfa við nokkru inni í möppu sem kannski geymir kerfi og kannski ekki.

Hvert kerfi var flókið og gat tekið umtalsverða rýni að finna hvers konar kerfi var í hverri möppu. Ef hún innihéldi kerfi voru engar upplýsingar til um hver notaði það, hvort það væri úrelt eða hvaða vægi það hefði.

Ég spurði yfirmann tölvudeildar hvort til væri yfirlit yfir öll undirkerfin sem hefðu verið smíðuð. „Nei“ var svarið. Ég vogaði mér að spyrja hvort til væru upplýsingar um þá högun sem skilgreindi hvernig þau væru smíðuð. „Bros“ var svarið.

Ég var, að því er virtist í fyrstu, með einfaldan ytri vef með einhverjum fjölda undirkerfa. Það reyndist hins vegar vera frumskógur illra skilgreindra og ótryggra kerfa sem enginn hafði





yfirsýn yfir. Allt smíðað af manni sem þá var hættur störfum. Ekki var til yfirlit hjá þessari opinberu stofnum yfir þau kerfi sem höfðu verið smíðuð. Ekki var til nein skjölun yfir högun eða skilgreiningar á því hvernig hvert kerfi skyldi smíðað, eftir hvaða reglum og eftir hvaða forsendum. Þetta var ekki til.

Það tók mig allt að fimm mánuði að ná nægilegri yfirsýn yfir þau undirkerfi sem voru í gangi. Hver þau væru, átta mig á hvernig þau væru smíðuð í *grófum dráttum* og finna út hver þeirra mætti *hugsanlega* leggja niður og hver ekki.

Ég nefni dæmi um hvað ég á við þegar ég segi „hugsanlega leggja niður“.

Ég fann tvær útgáfur af Hafnarvefnum. Ég finn sumsé virkan vef og rekst á aðra útgáfu sama vefs sem fljótt á litið virtist eldri. Ég spyr yfirmann hvort taka megí eldri útgáfuna úr sambandi og fleygja henni. Svarið var þvert „nei“ og við það sat. Ég spurði hvers vegna svo væri og svarið var á þessa leið. „Það gætu verið notendur á landinu sem hafa aðgang að honum og við vitum það ekki.“

„Áttu við“ segi ég „að til séu notendur að undirkerfum Fiskistofu sem enginn hefur yfirlit yfir? Yfirlit yfir hverjir þeir séu eða hvers vegna þeir áttu að fá aðgang?“

„Já, slíkir notendur eru til. Þeir gætu verið starfsmenn Fiskistofu, Hafró, útgerða, hafna eða hver veit. Við ruggum ekki bátnum.“

Þegar ég er ráðinn til Fiskistofu var mér skilgreint það hlutverk að viðhalda þessum vefkerfum og úrelða þau. Það var mitt starf samkvæmt starfslýsingu. Langtíma markmið var einnig fólgið í að fasa kerfið út eins og það er kallað. Það merkir að ætlunin var að setja upp ný vefkerfi eða grunn að nýju heildarkerfi á sérstökum netþjóni þar sem enginn utanaðkomandi hefði aðgang að því.

Síðan yrði fundið út hvaða þættir gamla heildarkerfisins ættu að vinna áfram – og þá undirkerfi – annaðhvort beint í nýja kerfinu eða í endurmótaðri mynd. Smám saman skyldi finna út hverjum gömlu kerfanna mætti slökkva á og eyða. Þannig skyldi finna út hverju mætti eyða úr gamla kerfinu þegar ég myndi smíða nýja kerfið og hvað ætti að gera við það sem ekki mætti eyða.

Því þurfti ég að leggja ofuráherslu á að finna út hverju ætti að viðhalda af gömlu kerfunum. En fyrst þurfti að finna þau. Einnig yrði samtímis að hefja þróunarvinnu til að fasa aðal kerfið út. Undirkerfin voru því stóri þröskuldurinn í að fasa kerfið út, og var mér fljótt ljóst að þau krefðust margfalt meiri vinnu en fólk almennt gerði sér ljóst.

Þá fimm mánuði sem ég vinn þessa rannsóknarvinnu er rétt að taka fram að slík forvinna er algeng. Þegar forritari er ráðinn til að vinna í viðhaldi og þróun á eldri kerfum og nýsmíði nýrra kerfa er gert ráð fyrir að það taki hann þrjá til fimm mánuði að kynna sér þau kerfi sem fyrirtækið á og rekur. Þetta er stöðluð nálgun í hugbúnaðargeiranum.

Sértu ráðinn sem forritari færðu meira en vinnuaðstöðu. Þér er gefinn aðgangur að kerfunum og þú ert meira og minna látinn í friði næstu þrjá mánuðina meðan þér er treyst til að kynna þér kerfin og setja þig inn í þau. Þú færð á tímabilinu ýmis létt verkefni sem eru hvatning til að sinna viðhaldi á eldri kerfum.

Það er vitað í hugbúnaðar geiranum að mjög er misjafnt hvernig forriturum gengur að setja sig inn í gömul kerfi. Það getur vissulega verið skemmtilegt að læra á gömul kerfi með því að laga þau jafnhliða. Hins vegar verður að átta sig á því að forrits kóði er skrifuð lýsing á hugsun. Rétt eins og þegar þú lest bók, eða sögu, ertu að lesa uppritaðan hugarheim höfundar. Hver forritari hefur eigin stíl í ritun en umfram allt hugsa engir tveir menn eins.

Aukinheldur eru fáir forritarar færir um að skrifa kóða sinn þannig að hugsun hans sé augljós. Að taka þennan kóða, til að setja sig inn í hugarheim þess manns sem ritaði hann og er ekki á vettvangi, að læra skilning á hvernig hans hugur beitir rökhugsun, að rýna jafnhliða í hvernig hann ritar hugsun sína svo hún virki er ekki auðvelt, langt frá því. Að taka jafn stóran bing af „lélegri hugsun“ og ég hóf þarna rýni í, læra að skilja *vitið* í honum og breyta henni í betri virkni, það var mikið verk. Hver einasti forritari með starfsreynslu skilur hversu ókleifur hamar þetta getur verið.

Forritari er því ekki eingöngu að lesa hvernig kerfin eru skrifuð heldur einnig að fikta í þeim. Að fimm mánuðum liðnum við að setja mig inn í þessi umfangsmiklu kerfi varð mér ljóst að um afar mikla vinnu yrði að ræða ef skipta átti yfir nýtt ytra kerfi, hvað þá að umrita undirkerfin í nýrri högun. Þá var mér aðallega ljóst að yfirmenn stofnunarinnar höfðu enga hugmynd um hversu umfangsmikil og flókin þessi vinna yrði.

Þeir virtust varla vita meira en að til væri „Vefur Fiskistofu“. Stundum fékk maður á tilfinninguna að segja mætti á fundum að kerfin væru gerð á verkstæði jólasveinanna, þeirra vegna. Ég efast þó um að þeir hefðu skilið svo tæknilega kímni. Sjáðu til, í hvert sinn sem ég nota orðin „þetta tæknilega“ er ég að nota orð frá þeim sjálfum. Maður þorði varla í lok tímabilsins að segja setningar á borð við „notendanafn og lykilorð“ af ótta við skammir fyrir *of tæknilegar* útskýringar.

Í hverri einustu viku alla þessa fimm mánuði kom yfirmaður Upplýsingasviðs að máli við mig til að inna mig eftir því hvenær nýji vefurinn kæmi. Í hvert sinn sem ég útskýrði fyrir honum gang mála var viðkvæðið „þetta er alltof tæknilegt, reyndu að segja þetta á mannamáli.“

Á sama hátt var allan tímann vita vonlaust að gera yfirmönnum Fiskistofu skiljanlegt hvert umfang verkefnisins væri. Nóg var þó af gagnrýni á vinnubrögð þess sem söguna segir, án þess nokkru sinni að sýna viðleitni til að skilja hvað verið væri að gagnrýna.

*Téður yfirmaður varð bráðkvaddur meðan ég var starfsmaður stofnunarinnar. Vil ég nota tækifærið og votta minningu hans mína virðingu. Þó við værum ósammála um ýmislegt lærði ég á þeim stutta tíma sem ég kynntist honum að bera djúpa virðingu fyrir honum enda vandaður maður sem aflaði sér virðingar þeirra sem honum kynntust.*

Ég nefndi þetta áreiti við minn næsta yfirmann, enda er mjög stressandi að á námstíma flókinna kerfa að vera snemma settur undir þvingur, hlær hann og segir „láttu þetta sem vind um eyrun þjóta, hann á ekkert með það að tala svona beint við þig, hann á að fara í gegnum mig. Þú heldur bara áfram að læra á kerfið og hefja viðhald á þínum hraða. Svo vinnum við þetta skref af skrefi.“

Þarna er ég sumsé vikum saman bundinn við nám í umfangsmiklu og flóknu kerfi þar sem ekki var ljóst hver af undirkerfum virkuðu og hver ekki. Hver áttu að lifa og hver ekki, hvernig þau voru hönnuð og hvernig ekki. Ég þurfti að fara ofan í saumana á hverjum staf í kóðum og skráum.

Þegar ég segi „fara ofan í saumana“ á kerfum af þessu tagi, á ég við að opna þarf og skoða hvernig hver skrá er skrifuð. Þegar þú horfir á forrit á tölvuskjá geturðu hengt þig upp á að áður en forritið var gert þá var einhver sem skrifaði það niður línu fyrir línu. Hvernig það ætti að hegða sér, hvernig það skyldi bregðast við þegar smellt er á hnappa í viðmóti, hvernig skuli bregðast við innslætti og svo framvegis. Ennfremur þarf forritið að *vita*

hvernig eigi að bregðast við ef þú notar forritið – eða gefur því innslátt – á annan veg en gert var ráð fyrir.

Einföld vefsíða á skjá getur verið frá tuttugu línnum upp í fimm þúsund línur, bara ein vefsíða. Að ég tali nú ekki um vefsíðurnar sem tengjast henni í bakvinnslu eins og í tilfelli Fiskistofu. Í hvert sinn sem vefsíða þaðan kom á skjáinn var hún að nýta rúttínur, föll og stillingar sem voru geymdar í viðbótar skráum (Include files).

Viðbótar skrá stendur fyrir þegar vefsíða sækir aðra vefsíðu sem aldrei sést og í henni eru rúttínur og forsendur ásamt stillingum sem eru notaðar þegar fyrri vefsíðan er birt, eða sekúndubroti áður. Það voru að meðaltali fimm til sjö viðbótarskrár í flestum af yfir tuttugu þúsund PHP skráum.

Ekki nóg með það. Við nánari skoðun kom í ljós að vefsíður voru að sækja viðbótarskrár á víxl á mismunandi staði sem virtust valdir og endurnýttir eftir tilfinningum höfundarins fremur en með skipulögðum hætti. Það voru að meðaltali fimm til sjö viðbótarskrár í hverri vefsíðu að meðaltali úr viðbótarsöfnum sem voru dreifð um kerfisbinginn og það var alls ekki ljóst hvaða viðbætur skiptu máli og hverjar ekki.

Fljótt á litið hefði þetta átt að vera auðvelt að laga. Hins vegar var það ekki svo. Viðbótarskrárnar höfðu ætíð sama heiti. Rifjum upp síðuna „afli“ úr dæminu um löndun í Grindavík. Segjum að hún noti viðbótarskrá sem heitir „fallasafn“.

Notandi velur tengil í síðunni „afli“ sem sækir upplýsingar um landanir á Þorsk. Þetta er í sama aflakerfinu nema birtist á skjánum sem vefsíðan „þorskafli“ sem einnig sækir viðbótarskrá sem heitir „fallasafn“. Sú skrá er geymd á öðrum stað í heildarkerfinu eða í hliðarkerfum eða í yfirkerfum. Þegar ég leita uppi viðbótarskrárnar „fallasafn“ kemur í ljós misræmi. Sótt er

skrá með sama heiti, úr sama undirkerfi, en þó eru þær á sitt hvorum staðnum. Þær eru auk þess ekki eins. Annað fallasafnið notar „Oracle 5“ og hitt notar „Oracle 7“.

Ennfremur nota bæði fallasöfnin fallið „úttak“ til að prenta niðurstöðu á skjáinn en smíða þó ekki samskonar úttak á skjáinn. Annað fallið er valið eftir mismunandi eftir forsendum eða skilyrðum í „afli“ eða „þorskafli“ eftir atvikum.

Til að finna út hvort fallið sé notað í hvorri síðunni þarf að prófa mismunandi leitarskilyrði og smám saman lesa sig áfram sem er mjög tímafrekt. Í agaðri forritun væri bara eitt fallasafn, geymt á vel skilgreindum geymslustað viðbótarskráa og notað lýsandi heiti til að greina á milli úttaksfalla.

Það var nær útilokað að sjá hvers vegna annað fallasafnið notar útgáfu 5 en hitt 7 og hvora útgáfuna mátti úrelda. Fyrir vikið var erfitt fyrir þann sem átti að sjá um viðhald að rekja hvar bilanir ættu upptök sín. Þær gætu átt upptök sín í fallasafninu en fyrir kom að skrár í fallasafninu nýttu viðbótarskrár úr öðrum fallasöfnum með sömu heitum og jafnvel var erfitt að sjá hvert var vísað því það var geymt í dulbreytu.

Þetta vatt því fljótt upp á sig og varð flókin vinna. Mín dagskipun frá yfirmönnum var þessi, „þú átt að sjá um viðhald, þú átt að laga villur, þú átt að fasa út hið gamla, finna út hvað á að lifa áfram af gömlu undirkerfunum, og þú átt líka að þróa ný kerfi í staðinn, þú átt enn fremur að að skjala allt.“ Þó var enginn í hópnum að skrásetja og skjala. Þó forverar mínir hafi ekki skjalað þá átti ég að skjala. Reyndar skjala ég hvort eð er alla mína vinnu en slíkt tekur fjórðun vinnutíma hvers forritara og þó það spari vinnu síðar þá var enginn tími afgangss fyrir skjölun hjá minni starfshlutfalli. Ég gerði þó eins og hægt var, og var skammaður fyrir tímasóun. Flestir forritarar sleppa skjölun vegna tímapressu og einnig þykir

þeim hún leiðinleg en skjölun er þó annað mikilvægasta verkfæri agaðrar forritunar. Hitt er fyrirfram skilgreind og ítarleg hönnun. Sjálfur hef ég tamið mér að beita báðum tólum, en ekki grunaði mig að það yfirmenn kynnu ekki að meta slíkt.

Á sama tíma var sífellt legið á mér með svipuðum athugasemdum og hér fylgja. „Hvenær kemur nýja kerfið, ertu ekki bara einhverja daga að búa þetta til? Engar svona tæknilegar útskýringar, þú ert bara að slá ryki í augun á mér.“

Ég fékk leyfi hjá yfirmanni tölvusviðs til þess eyða eins miklum tíma og ég teldi þurfa til að rekja viðbótarsöfn, finna út muninn á þeim, hvers vegna sama undirkerfið notaði oft misvísandi tilvísanir í þau. Var mér gefið svigrúm af hans hálfu til að samræma þessi atriði og laga þær villur sem upp kynnu að koma við það verkefni. Þetta tók nokkra mánuði en það heppnaðist. Þegar því var lokið var viðhald á gamla heljarbingnum orðið allt annað en það var í byrjun. Það sem áður krafðist 80% starfshlutfalls datt niður í 20% og jafnvel minna.

Allan tímamann voru yfirmenn sviða hjá stofnuninni síkvartandi yfir hve langan tíma tæki að fasa út gamla kerfið og koma inn með nýtt, með tilheyrandi gagnrýni á þær útskýringar sem þeir höfnuðu að hlusta á. Ekki hvarflaði að nokkrum manni að hlusta á „of tæknilegar útskýringar“. Enn síður að taka tillit til þess að unnið var í því að vinda ofan af sex ára uppsafnaðri flækju, hvað þá að rýna í heilindi þeirra aðferða sem notaðar voru við verkið.

Ef þú ert enn að lesa bók mína, lesandi góður, þá skilur þú hneykslan mína þegar ég gagnrýni yfirmenn fyrir að nota setningar á borð við „of tæknilegt.“ Því ef þú ert að lesa bókina og hingað kominn í henni, og heldur þræði, þá veistu hversu erfiðar mínar tæknilegu útskýringar eru.

Til marks um hve mikil vinna það var sem ég tókst á hendur, samþykkti ég hvatningu tveggja yfirmanna til að sleppa orlofi þessi tvö ár. Mér var bent á að taka þess í stað einn og einn orlofsdag en væri ég tilleiðanlegur að sleppa sumarfrí þar til heildarverkið væri búið. Þegar ég hætti hjá Fiskistofu eftir tveggja ára starf átti ég því inni tveggja mánaða orlof. Þetta hafði ég verið hvattur til og hafði samþykkt að gera.

Meðan aðrir voru í sumarleyfi þau tvö sumur sem ég starfaði sat ég inni meðan sólin skein og vann við mín verkefni. Hið opinbera leyfir að safnað sé allt að tveim mánuðum. Þetta virkar þannig að tekinn er út einn og einn orlofsdagur sem þá er klipinn af því elsta af því sem starfsmaður á inni. Eftir tveggja ára uppsöfnun ýtir hann því safninu á undan sér. Þetta var mér gert ljóst bæði af yfirmanni tölvusviðs og yfirmanni fjármálasviðs, að væru ásættanlegir og æskilegir starfshættir.

Ég var reyndar sáttur við þetta fyrirkomulag enda hef ég gaman af að vinna og hef ánægju af að skila góðu verki. Ég sá árangur af mínu starfi og var stoltur af þeim árangri. Ég hafði áreiðanlegar heimilidir fyrir því að ég var að vinna verk sem öðrum forriturum hraus hugur við að svo mikið sem að byrja á, þeim þótti það of flókið og tímafrekt. Ég var hins vegar að valda verkinu og var sáttur við mitt hlutskipti.

Menntaður tölvunarfræðingur tók við þessu verkefni þegar ég hætti og hann hefur ekki enn klárað það. Hugsanlega hefur hann verið of upptekinn í öðrum verkum. Hvað sem því líður get ég í kjölfarið á öllu því sem á eftir fylgdi ekki fengið viðurkenningu á mínu framlagi og háttum staðfest. Mér var neitað um faglega úttekt á verki og vinnubrögðum. Það er búið að rústa mínu fagorði og ég fékk ekkert færi til að verja mig og mín störf.

Því er þessi saga sögð. Hún er vistuð á Vefnum og þar öllum aðgengileg. Það kemur engum lengur við hvort ég segi söguna eða ekki, því hún er mín, tilheyrir mér, hefur kostað mig of mikið. Ef einhver vill rekja orð mín til baka þarf að koma til fagleg úttekt, og lögfræðilegt álit, á því sem fram kemur hér. Tek ég því fagnandi ef sá veggur verður klifinn, að reyna að reka orð mín til baka, ég hef beðið þess tækifæris. Ég á rétt á því að fá tilveru mína aftur í lag og viðurkenningu á framlagi mínu, það eru mín mannréttindi. Íslenska lýðveldið ku vera nútímalegt ríki á vesturlöndum?

Mér tókst að vinna það stóra verkefni sem mér var sett. Ég einfaldaði kerfið í viðhaldi. Mér tókst að greina hvaða undirkerfi væru nauðsynleg og tryggði að þau myndu keyra áfram með því að klippa þau út úr bingnum og setja þau annað. Það var ekki létt verk.

Ég setti upp í samráði við yfirkerfisstjóra skýra vinnuferla þannig að í hvert sinn sem undirkerfi var smíðað – eða í þessu tilfelli tekið út úr gamla bingnum og sett annað – að þau væru sett á sér tilgreindan *sýndarþjón* (virtual server). Þannig séð ef til væri kerfi á „fiskistofa.is/undirkerfi“ og tilheyrði flækjunni, var það klippt í burtu og sett á annan þjón með sérslóð sem væri þá „undirkerfi.fiskistofa.is“. Þar gæti það keyrt sjálfstætt með snyrtilegum tilvísunum í sín viðauka söfn sem sum gætu þó verið sameiginleg eða einstök eftir atvikum.

Þannig varð smám saman til snyrtilegur listi yfir öll undirkerfi sem voru í notkun og hægt var að prófa þau öll, hvert í sínu sandboxi sem kallað er. Sandbox er hugtak í forritun sem leyfir að unnið sé með eitt kerfi aðgreint frá öðrum og þarf ekki að hafa áhyggjur af því hvort lagfæringar á því breyti öðrum eða skapi ójafnvægi sem breiðist út.

Þegar ég hóf störf hjá Fiskistofu hafði viðhald á undirkerfum verið nærri útilokað því ekki var til skjölun yfir þau og enginn vissi hvaða lagfæringar á einu undirkerfi myndu skemma vinnslu í öðru. Þetta endurhannaði ég og ég náði þeim árangri áður en ég hætti að öll virk undirkerfi voru komin á sérstakan stað með þessum hætti.

Eftir á að hyggja var eitt kerfi eftir óklippt, þegar ég varð frá að hverfa, en ég var byrjaður á endurhögun þess eftir agaðri nálgun þegar ég hætti. Um er að ræða lokunarkerfi fyrir veiðisvæði sem áður hefur var nefnt. Það var elsta undirkerfið og reyndist afar flókið að færa þetta einfalda kerfi úr stað. Bakvinnsla þess var flókin þó það virkaði einfalt á yfirborðinu við fyrstu sýn.

Eftir að þeirri miklu vinnu lauk sem fólst í að klippa undirkerfin út og endursetja þau á sérstakan vefþjón með faglegum hætti, varð til einfalt yfirlit yfir þau. Högun þeirra var þá endurskoðuð að hluta og hægt að skipuleggja viðhald þeirra og jafnvel endursmíði.

Samtímis vann ég að útfösun aðal kerfisins þannig að sá vefur var sömuleiðis settur á sérþjón. Þannig varð til afrit af aðalvefnum sem keyrði samhliða honum í rauntíma. Slíkt er nauðsynlegt að hafa fyrir alla vefþróun og hafði sú staða verið í lamasessi. Þennan vef klippti ég til svo hann varð eins óháður útlitshönnun og hægt var. Þetta síðastnefnda var umtalsverð vinna því útlitshönnun hafði verið samofin í forritun vefsins þegar hann var smíðaður. Hafði sú smíði verið gerð með vinnuaðferð sem enginn metnaðarfullur fagmaður léti frá sér fara. Var þessi *snyrting* nauðsynleg fyrir útfösun.

*Var ég stórundrandi á að svo viðamikið kerfi væri svo illa unnið. Satt að segja stóð maður stundum upp, gekk út að glugga og hristi hausinn.*

Hægt er að skoða alla vefi á á Netinu án útlits séu þeir rétt gerðir. Sama hvaða vafra þú notar áttu að geta stillt vefsíðu til að birtast án svonefndra stílsíðna en öllum nútíma vefjum er útlitsstýrt með stílsníðum sem eru nefnd CSS í daglegu tali. Þetta getur þú sannreynt, en misjafnt er hvernig stillingin er aðgengileg eftir vöfrum. Þannig mætti biðja vefsíður almennt að birtast án leturs- og litaupplýsinga.

Téður afritsvefur var síðan endurskilgreindur þannig og að hægt var að samnýta hann á bak við „nýja veinn“ þegar hann kæmi í notkun. Nýi vefurinn var því stilltur þannig að ef einhverjar æskilegar upplýsingasíður væru ekki tilbúnar fyrir nýja vefinn, en margar upplýsingasíður krefjast sérforritunar, þá gat hann geta togað þær yfir til sín með sérforriti. Þær voru þá togaðar yfir úr hinum *gamla* útlitslausa vef, sem ég hafði stípað, svo að upplýsingarnar gátu birst samansaumaðar við nýja vefinn. Gamla síður gátu þannig birst eins og hluti af nýja vefnum. Þessi högun var enn nýtt síðast þegar ég athugaði slóðir, rúnum þrem árum eftir högun sem átti að gilda að hámarki í eitt ár.

Var þessi sýndarframhlið gagnvart notendum gerð því yfirsjórn hafði ákveðið að nýr vefur skyldi gerður hverju sem liði tæknilegum takmörkum, agaðri högun eða þörf. Engin ný upplýsingavinnsla, engin nýstárleg gagnaframsetning, ekkert nýtt var í raun sett á *hinn nýja vef*. Allar sömu upplýsingar voru til fyrir og hefði verið mun ódýrara fyrir skattborgara að eldra kerfið væri aðlagð skilvirkari og útligsfegurri högun

Það fór mikil vinna í að stilla þetta upp þannig að það virkaði eðlilega en með þessari aðferð var hægt að þóknast hinum óþolinmóðu yfirmönnum og *sýna* þeim nýja vefinn. Þó var hann að birta upplýsingar úr gamla vef án þess að notendur samfélagsins sæu það. Þessi leið var ákveðin af yfirstjórn og án



Þess að taka tillit til tæknilegra aðstæðna eða útfærsluskorða enda voru þær þaggaðar.

Sumar síður nota enn þessa aðferð sem í upphafi átti einungis að vera til bráðabirgða. Ég þekki handbragðið. Sú vinna sem ég vann að í tvö ár, og átti eftir hálf til eins árs vinnu, stöðvaðist að stórum hluta þegar ég var þvingaður út.

Gamli vefurinn var gerður með PHP og nýi vefurinn úr samblandi af Eplica kerfi frá Hugsmiðjunni ásamt sérforritun sem ég smíðaði í Java og JSP. Eplica kerfið er einmitt forritað í Java, en það kerfi er flókið í grunnforritun og það er dýrt fyrir stofnanir sem nota Eplica að vinna sérforritun og viðhald fyrir það. Reyndar eru aðilar sem versla Eplica að ramma sig inni, bæði kerfislega og einnig þjónustulega því oftast verða þeir háðir Hugsmiðjunni um sérforritun.

Ég setti mig sjálfur inn í sérforritun fyrir það kerfi og smíðaði viðbætur á það, og hef rætt við kerfisfólk hjá öðrum ríkisstofnunum sem mislíkar stórlega þetta kerfi. Það fór gríðarmikil vinna í að læra á innviði Eplica og var mér síðar sagt af starfsmanni hjá Hugsmiðjunni að ég væri einn af sárafáum forriturum á landinu sem hefði þekkingu og færni til að sérforrita fyrir kerfið.

Það er ekki erindi mitt í þessari sögu að fara ofan í hvernig Eplica var valið en sá þáttur væri þess virði að vera skoðaður nánar. Einnig hvernig stóð á vali við önnur kerfi s.s. Lotus Notes kerfi sem keypt var áður en ég hóf störf fyrir væna fjárhæð þvert ofan í faglegar ráðleggingar. Ég hef engan áhuga á að tiltaka mál af því tagi fyrir Fiskistofu sem slíka, enda utan efnistaka, hins vegar vek ég mikilvæga spurningu í bókinni: Hvernig velur hið opinbera tölvukerfi sín?



Sú grunnvinna sem fór í Eplica sérforritun var ögrandi frá sjónarhóli fagmanns, en tafsöm vinna við þær aðstæður sem ríktu, og myndi spara stórfé og tíma þegar til lengri tíma er litið. Sá tíma- og fjármunasparnaður hvarf út með mér. *Hugsanlega og vonandi* hefur sú þekking verið endurbyggð hjá stofnuninni síðar.

Það var ekki óalgengt að ég ynni fram á kvöld þær vikur sem ég vann mig í gegnum mesta álagspunktinn. Það var síðustu vikurnar áður en þáverandi Sjávarútvegsráðherra opnaði nýja vefinn með pompi og prakt, óvitandi að hann var að sýna gömlu fötin keisarans eftir litun.

Skömmu áður en eineltið náði hámarki var haldinn blaðamannafundur hjá Fiskistofu með þáttöku þáverandi Sjávarútvegsráðherra Jóns Bjarnasonar. Þetta var ákveðið af yfirmönnum fáeinum mánuðum fyrr. Valin var dagsetning þar sem „Nýi vefur Fiskistofu“ yrði gefinn út hvað sem tautaði og raulaði.

Beitt var miklum þrýstingi síðustu mánuðina fyrir þessa dagsetningu til að þvinga fram að hún myndi halda sér. Í hvert sinn sem imprað var á að frá faglegu sjónarmiði hefði óæskileg dagsetning verið valin, var viðkvæðið ætíð á eina leið. „Það er ekki hægt að breyta þessu því búið er að tilkynna ráðherra um dagsetninguna.“ Hver sá sem starfað hefur hjá hinu opinbera veit að ráðherrar ráða afar litlu varðandi dags daglegan rekstur hins opinbera, heldur embættismenn og þeirra undirnefndir, en þessi bók fjallar ekki um það.

Síðustu vikurnar fyrir valda dagsetningu bað ég ítrekað um frestun útgáfudagsetningar. Yfirfara þyrfti undirkerfin, hliðarkerfin og vinnslu aðal vefþjónsins sem yrði notaður (Tomcat 5.5), áður en

að útgáfu kæmi. Benti ég á að ýmsir þættir væru ófullreyndir og örfáum lykilsurningum væri ósvarað varðandi öryggi kerfisins.

Með öryggi á ég jafnhliða við öryggi gagnvart árásum og áreiðanleika við daglega keyrslu. Vefurinn næði aldrei að vera nægilega prófaður á faglegum forsendum væri þessi dagsetning of stíf. Ef eitthvað kæmi uppá yrði það tölvusviði, og Fiskistofu, álitshnekkir. Ég vissi ekki þá að ég yrði blóraböggull ef til þess kæmi. Maður vill trú á heiðarleika og einlægni, án þeirrar trúar væri samfélag 21. aldar yfirborðsfagur gjallandi, en þessi bók fjallar heldur ekki um nútíma siðfræði.

Mælti ég ítrekað með því að útgáfú dagsetningu yrði hnikað til. Yfirmaður Upplýsingasviðs sem var verkefnastjóri yfir verkinu tók það ekki í mál. Það væri búið að tilkynna Sjávarútvegsráðherra hvenær þetta færi fram. Ég margvaraði við að kerfið þyrfti meiri tíma, sérstaklega þar sem ég var eini forritarinn í verkinu og ég væri enn að fínþússa ný undirkerfi sem styddu við nýja vefinn. Ég ætti eftir að sannprófa keyrslu öryggi þess. Hér verður að koma fram að mér var erfitt að koma viðhorfum mínum áleiðis sakir þess kulda sem ríkti í minn garð eftir að eineltis hringurinn varð til.

Mér persónulega fannst spaugilegt síðar þegar verkefnastjórinn fékk heiðurinn af Nýja Vefnum við formlega opnun. Hún hafði staðið gegn mínum ráðum um faglegri vinnubrögð. Viku eftir opnun fór kerfið á hliðina og var meira og minna óstarfhæft í þrjár vikur meðan leitað var ástæðunnar og lausn unnin.

Ástæðurnar fyrir að vefurinn lagðist á hliðina stöfuðu einmitt af að ekki fór nægileg vinna í högun á notkun gagnagrunnstenginga og hegðun þeirra skoðuð undir álagi. Hvergi hafði komið fram rétt skjölun frá seljendum Eplica til að leysa slík mál. Í ljós kom eftir talsverða vinnu að kalla þurfti til sérfræðing frá Hugsmiðjunni –



framleiðendum Eplica – til aðstoðar við að leysa þennan vanda. Hefði sú skjölun verið til staðar hefði vefurinn lagst á hliðina í hámark tvo sólarhringa. Það er auðvelt að vera vitur eftir á en hefði mér verið veitt svigrúm til að prófa vefinn og vinna hann *rétt* hefði þessi staða ekki komið upp. Ég vissi þegar vefurinn var útgefinn að þarna væri flöskuháls sem þyrfti að skoða fyrirfram en fékk ekki hljómgrunn.

Líklega kenndi yfirstjórnin mér um þetta. Á þessum tíma segir yfirkerfisstjóri tölvusviðs við mig „þetta er dálítið spaugilegt ástand, þú varst margbúinn að vara við þessu.“

Ég svara honum og segi “já, en hver fær heiðurinn núna?”

“Það standa öll spjót á þér” svarar hann.

“Áttu við að hún fær heiðurinn af að gefa vefinn út, en ég fæ heiðurinn af klúðrinu?”

“Nákvæmlega” segir hann og brosir.

Ég var alinn upp á heimili föðurömmu minnar til að nota ekki blóraböggla. Að maður sem viðurkennir mistök er ólíklegur til að endurtaka þau. Mér var kennt að bera ábyrgð á mínum störfum og vinna þau vel svo ekki þurfi að endurvinna þau. Ég var alinn upp við að bera virðingu fyrir fornu gildi sem nefnist Heiður. Satt skal vera satt þar til annað sannara reynist.

Sem fyrr segir var ég hvattur til þess að vinna í sumarleyfum, bæði sumrin sem ég vann þarna. Var það beinlínis vegna hins nýja vefs. Eins og áður kom fram var mér sama þó ég tæki ekki sumarleyfi, enda þykir mér gaman að vinna við forritun. Einnig vissi ég að ég biði afplánunar.

Vildi ég koma eins miklu í verk og mögulegt væri áður en ég tæki út minn dóm. Vitað var að ég myndi ekki þurfa að sitja inni nema í mánuð af þeim þrem mánuðum sem dómurinn tiltók. Reglur Fangelsismálastofnunar leyfa að fangi í afplánun geti tekið hluta sinnar afplánunar á stað sem nefnist Vernd. Þaðan geti hann sótt vinnu á daginn en sé undir eftirliti á nóttunni. Er þetta fyrirkomulag ætlað til að auðvelda mönnum með stutta dóma að halda störfum sé það mögulegt og auðvelda föngum með lengri dóma til að enduraðlagast samfélaginu og koma sér í vinnu.

Vonaðist ég til að geta átt nýtt einn mánuð í sumarleyfi þegar ég sæti inni þennan mánuð. Ég hefði þá tök á að standa við mínar fjárhagsskuldbindingar, og geta sinnt mínum verkefnum þá tvo sem ég yrði á Vernd. Ég er alinn upp við hugsun af því tagi sem hér kemur fram. Þegar maður tekur að sér verkefni þá sinnir hann því af ábyrgð. Ég er alinn upp í sveit hjá föðurömmu minni og þar var mér kennt að maður sinnir sinni ábyrgð og að vinnusemi sé dyggð. Ef þú sinnir ekki þinni ábyrgð til sveita þá bitnar það á dýrunum sem eru manningum háð og þeirri ábyrgð má enginn bregðast. Líklega ættu yfirmenn stofnana að kynna ömmu minni nánar, en hún er því miður látin.

Þannig var æska mín að þegar jafnaldrar mínir á borg eða bæ fengu hálf dags vinnu á sumrum við að raka garða og snyrta blómabeð, var ég í vinnu við dagleg sveitarstörf. Ég er alinn upp til að vinna og bera ábyrgð á mínum verkum. Á vetrum þegar komið var heim úr skóla biðu gegningar á bænum jafnskjótt og heimalærdóm var lokið. Vinna, bóklestur og samfélag við náttúruna bæði úti við og í félagsskap dýra þykir enn vera hollt hverri mannsál.

Ég geng til minna starfa af ábyrgð og uni mér í starfsframa við vinnusemi og vinnugleði. Því er ég eðlilega sár yfir að góðborgarar hafa gert vægðarlausa og árangursríka atlögu að þessum frama.

Frami minn var mörg ár í uppbyggingu. Mér er meinað um viðurkenningu á störfum mínum. Neytt var færís með ægivaldi að ýta til hliðar „manni af mínu tagi“ vegna skoðana yfirmanna á fortíð sem þeim kemur ekki við. Jafnframt var látið í veðri vaka að ég hefði ekki sinnt mínum störfum. Að ég væri ekki fagmaður sem sé verðugur viðurkenningar á sínu verki. Ég fæ ekki faglega úttekt á störfum mínum og mér hefur tvívegis verið neitað um aðstoð SFR, stéttarfélags míns, í þessu máli. Ég er þess fullviss að svo var vegna þess að ekki var þar vilji til aðstoðar *við mann af mínu tagi*, ég hef of oft lent í slíku síðan dómur féll til að trúa öðru. Það er auðvelt að sparka í liggjandi mann, og fá þannig útrás fyrir eigin innri líðan.

Því líður tími minn í atvinnuleysinu þannig að ég skapa mér verkefni, mest af faglegu tagi, sem ég held mér við frá því ég fer á fætur og þar til ég fer í háttinn. Ég kann ekki að eyða frítíma í leti. Ég kann bara að vinna og læra. Þannig gengur maður til sinna starfa, af áhuga og ábyrgð. Þess vegna á ég hund og þjálfá hann til leitarvinnu, því hver sál á hlutverk í veröld manna. Samfélag við dýrin er einnig fyrirtaks jarðtenging, satt að segja hefði ég ekki ráðið við þetta langa tímabil atvinnuleysis hefði ég ekki dýr nærri mér.

Ég hef verið beittur þöggun og þannig ómerkur minna starfa. Af fólki sem gefur sig út fyrir að vera mannauðs- og mannréttindafræðingar.

## 7. Kafli.Ærulaus að ósekju

Eins og þér er líklega orðið ljóst lesandi góður vann ég að gríðarflóknu og viðamiklu verkefni á Fiskistofu. Það er átak að segja söguna því henni fylgja tilfinningalegar minningar um andlegt ofbeldi og pressu, auk þeirra vonbrigða að vera neitað um viðurkenningu á þeim ótrúlega árangri sem ég náði. Það sviptir mann því stolti sem hver maður vill hafa gagnvart störfum sínum.



Mín einlæga ósk hefur ætíð verið sú að starfa í kyrrþey og vinna gott starf, halda áfram uppbyggingu míns starfsframa. Fá þannig tækifæri til að byggja upp mitt heimilislíf, en slíkt er ógjörningur í þeim farvegi sem ég sit fastur eftir það ofbeldi sem ég var beittur.

Að missa orðstýr sinn, vera afgreiddur sem ótýndur ofbeldissegur og kynferðisafbrotamaður, sviptur starfsframa, standa eftir einn og fjölskyldulaus, missa eigur sínar og feta árangurslausa atvinnuleit árum saman, auk baráttu við erfitt þunglyndi. Töff staða! Það tekur á að horfast í augu við slík örlög og freista þess að lokum að rekja söguna. Fiskisaga er aðeins brot heildarsögunnar sem verður sögð þegar ég hef ekki andlegt þrek til þess.

Að hafa endurheimt lífsviljann eftir allt sem gekk á er út af fyrir sig afrek. Sérstaklega í ljósi þess að ég erfði tilhneigingu til þunglyndis, frá föður mínum sem tók sitt eigið líf þegar ég var tíu ára, en áfram með söguna.

Hlutverk og tilgangur Fiskistofu snýr að fiskveiðistjórnun Íslendinga. Fiskistofa varðveitir upplýsingar um kvótakerfi Íslenska Lýðveldisins og gegnir veigamiklu eftirlitshlutverki. Það segir sig sjálft að upplýsingavinnsla með kvótakerfið er alvarlegt mál, til jafns við upplýsingar í bankakerfum. Hver á til að mynda

hvaða hlutdeild í kvóta og hvað er viðkomandi búinn að veiða eða framselja?

Um gríðarlegar upphæðir er að ræða þegar kemur að úthlutun kvóta og eignarhaldi hans. Líklega er enginn banki Íslendinga jafn mikilvægur, eða dýrmætur, sem kvótabankinn sem Fiskistofa varðveitir. Nái tölvuþrjótur aðgengi að þessum grunni er allt kvótakerfið í uppnámi.

Ef útgerð á þúsund tonn af þorskvóta og vill leyfa annarri útgerð að veiða hundrað tonn af sínum kvóta, þarf að tilkynna Fiskistofu um það. Hún hefur eftirlitshlutverk með öllum veiðum í Íslenskri landhelgi.

Á landinu starfa kvótamiðlanir sem miðla færslu á leigukvóta eða sölukvóta á milli útgerða. Það er á margan hátt spennandi þjónusta þessara miðlara að vera í tengslum við útgerðir á landinu og gegna þjónustuhlutverki við þær. Ég hef átt samskipti við fólk sem starfar í báðum geirum og það hefur undantekningarlaust ánægju af sinni vinnu, enda lifandi og virk starfsemi. Fólk á þessum vettvangi, miðlarar og útgerðir, velta háum fjárhæðum. Þetta fólk ber mikla ábyrgð og kvótakerfið er þeim afar verðmætt, eins og reyndar þjóðinni allri.

Ef hakkari eða tölvuþrjótur hefði aðgang að kvótakerfinu gæti hann séð upplýsingar sem eru viðkvæmar og jafnvel háðar lögum um gagnavernd. Upplýsingar sem eru viðkvæmar persónu- eða viðskiptaupplýsingar sem Fiskistofa ber ábyrgð á að varðveita. Sömuleiðis ef hann gæti brotist inn í kvótabankann þá gæti hann valdið miklu uppnámi. Hann gæti hugsanlega úthlutað sjálfum sér eða vildarfyrirtæki kvóta á kostnað annarra eða aukið kvótann í kerfinu.

Það segir sig sjálft að öryggismál verða að vera í fyrirrúmi í forritun hjá Fiskistofu og ættu að vera stór þáttur í starfi forritara hjá Fiskistofu. Yfirmenn bera augljósa ábyrgð á að fylgjast með að þeir sinni þeirri skyldu. Því miður reyndist það of tæknilegt og ég mun útskýra það nánar. Ég hef kynnst öryggismálum víða og rétt að benda á tvenn dæmi. Bæði dæmin eru sett fram til að draga fram að ég sjálfur hef ætíð öryggismál í fyrirrúmi í minni forritun.

Rúmlega ári áður en ég hóf störf hjá Fiskistofu vann ég í hálf ár hjá Internet á Íslandi hf (isnic.is) sem hefur yfirumsjón með úthlutun allra léna með “.is” endingu sem úthlutað er á Íslandi. Öryggi og aðgangur að því kerfi er gríðar mikilvægt. Hvað ef einhver hakkaði sig inn á isnic.is og eignaði sér cocacola.is eða gerði annan óskunda svo sem að stöðva þá netþjóna sem halda öllum „.is“ vefjum opnum.

Síðan ég hætti hjá Fiskistofu hef ég smíðað eigin vefi. Má nefna spamadur.is, draumar.is, og hvolpar.is auk annarra sem hver um sig leyfir notendum að stofna aðgang að hverjum vef og nota þar prófíl síðu, og jafnvel skrásetja upplýsingar. Þessir vefir bera allir þunga umferð og eru vinsælir. Slíkir vefir verða ætíð fyrir árás tölvurjóta og hver einasti þeirra hefur staðist slíkar árásir. Allt eru þetta gagnvirkir vefir sem byggjast á sams konar tækni og þessi bók lýsir. Þessir vefir eru einn farvegur ólaunaðra verkefna sem ég hef notað í eyðimörk atvinnuleysis til að halda mér faglega virkum.

Eitt sinn kom í ljós að utanaðkomandi aðili hafði ritað forrit til þess að lesa og *parsa* (tökuorð) vef Fiskistofu. Yfirkerfisstjóri varð þess var að skyndilega var mikil umferð inn á vefinn frá vissri IP tölu, eða stakri tölvu. Var slóðin rakin og vorum við fljótir að sjá hvaða aðili var að lesa ytri vefinn og greinilegt var að þarna var verið að raka upplýsingum yfir í annan grunn. Rétt er að taka

fram að eingöngu var um að ræða opinberar tölur af ytri vefnum svo engin hættu var á ferðum. Við vorum tvo til fjóra daga í sameinuðu átaki að loka fyrir að þetta væri hægt. Yfirkerfisstjóri fylgdist með trafikinni sem kom að utan meðan ég forritaði lyklu í ytri vefinn til að gera *pörsun* útilokaða. Ég efast um að yfirstjórn sér grein fyrir þeirri varðstöðu sem við tókum þá vikuna, enda of tæknilegt.

Ég vil því koma að einum viðkvæmum þætti þessara öryggismála. Gamla vefkerfi Fiskistofu, sem ég hef þegar útskýrt að hefur aðeins að hluta til verið fasað út og er enn notað, var þannig úr garði gert að ef stofna þurfti nýja vefsíðu í því þurfti yfirmaður upplýsingasviðs að senda beiðni á vefforritarann og biðja hann að stofna tóma vefsíðu svo hann gæti ritað efni inn í hana.

Það hefði verið að hámarki tveggja vikna vinna að breyta gamla kerfinu þannig að yfirmaður gæti sjálfur stofnað síðuna frá sinni eigin tölvu. Þar sem búið var að gefa þá fyrirskipun að fasa skyldi út gamla kerfið og ekki mætti útfæra nýjungar í því gat ég ekki eytt tveim vikum í eitthvað *smáverkefni* af þessu tagi.

Um svipað leyti spyr ég þáverandi yfirmann Upplýsingasviðs hvers vegna Fiskistofa vilji kaupa nýtt vefkerfi. Hann var fljótur að svara „svo ég geti stofnað vefsíður á vef Fiskistofu og eigi auðvelt með að setja myndir í þær.“ Hér má koma fram að þegar vefstjóri stofnaði tóma síðu, fyrir yfirmann upplýsingasviðs, var til staðar í vinnsluumhverfinu sá möguleiki að bæði setja inn myndir í efni síðna og einnig að setja með þeim fylgiskjöl eða viðhengi.

Eplica kerfið sem Fiskistofa keypti var því keypt til að fullnægja einfaldri kröfu sem var þegar til staðar eða hefði mátt smíða á tveim vikum. Gerður var kaup samningur upp á rúmlega þrjú hundruð og fimmtíu þúsund. Þegar ég hætti störfum tveim árum síðar var kostnaður við Eplica kerfið kominn með viðbótarkostaði upp í vel

yfir milljón. Er þá ótalinn annar kostnaður sem af kerfinu hlaut svo sem vinna við þróun þess sem framkvæmd var innanhúss. Til gamans má geta þess að fjármálastjóri neitaði um sama leyti að eyða rúmum tuttugu þúsund krónum í SSL skírteini til að auðkenna læsingu á öryggisvefinn.

Þegar forstöðumaður Upplýsingasviðs fór inn í vefkerfið til að setja efni í nýju síðuna eða breyta eldri síðu þurfti hann að muna sérstaka vefslóð svo hann gæti innskráð sig. Vefslóðin var samskonar og „lén.is/admin“. Ef hakkari vill ráðast á vefkerfi er þetta það fyrsta sem hann athugar. Mörg illa höguð kerfi nota þessa slóð til að hleypa ritstjórum og skráðum notendum inn í stjórnkerfi vefs. Um leið og hakkari finnur þessa slóð getur hann byrjað að dýrka upp aðgang vefsins.

Í nútíma vefsíðugerð er mjög útbreitt að nota ýmskonar Blog kerfi sem henta fyrir smærri vefsíður einstaklinga og fyrirtækja. Eitt hið vinsælasta heitir Wordpress. Þetta er frítt kerfi og einfalt í viðhaldi og notkun, sérstaklega er auðvelt að útlitshanna það. Ef þetta kerfi væri sett upp á „vefsida.is“ þarf að slá inn „vefsida.is/wp-admin“ til að komast í innskráningu á bakenda þess.

Slíkt högun er algeng og eitt hið fyrsta sem vefforritari vill breyta til að reisa fyrstu hindrun gegn hökkurum. Því þetta er það sem hakkari byrjar á að þefa uppi. Að sjálfsgöðu vildi ég breyta þessari slóð um leið og ég sá að hún var til staðar. Því var afdráttarlaust hafnað.

Þegar téður yfirmaður sló inn „fiskistofa.is/admin“ var hann beðinn um notendanafn og lykilorð. Þá sló hann inn notendanafnið „admin“ og lykilorðið „admin“. Rétt er að taka fram að þessu var breytt, en það tók marga mánuði að fá það samþykkt. Notendanafnið „admin“ og lykilorðið „admin“ er það

fyrsta sem hakkari prófar að nota til að ráðast á kerfi. Hann leitar fyrst að hinu augljósa.

Hver einasti vefforritari byrjar á að breyta þessu, bæði slóð og notendaaðgangi. Að Fiskistofa var svona uppsett í mörg ár fram til þess tíma að ég hóf þarna störf, var of ótrúlegt til að geta trúað því hefði ég ekki séð það með eigin augum. Fiskistofa sem geymir kvótakerfi Íslenska Lýðveldisins var svo heppin að enginn hakkari hafði reynt við hana.

Þegar ég léði máls á þessu við þáverandi yfirmann upplýsingasviðs segir hann „jú, auðvitað þurfum við að breyta þessu lykilorði, en gefðu mér tíma því ég þarf að ræða þetta við aðra yfirmenn og ég læt þig vita hvenær má breyta þessu.“ Ég innti hann eftir þessari breytingu öðru hvoru og það tók hálf ár að fá leyfi til að skipta um lykilorð, en alls ekki aðgangsorð!

Á sama tíma var einnig til svokallaður innri vefur hjá Fiskistofu. Notandanafnið þar var „fisk“ og lykilorðið var „fisk“. Hakkari hefði brotist þar inn á örfáum tímum með einfaldri „brute force“ skrift og smá hugviti. Ég legg það í þinn dóm lesandi góður hversu líklegt það hefði verið að hakkari dýrkaði upp innri og ytri vefi Fiskistofu hefði slíkur áttað sig á hvaða gögn eru geymd þar, eða haft áhuga á því.

Ég held að tvær ástæður séu fyrir því að kvótakerfið hafði aldrei verið hakkað fram að þessum tíma. Sú fyrri er að enginn Íslenskur hakkari hefur áhuga á kvótanum og enginn erlendur hakkari veit að kvótakerfið er til. Þriðja ástæðan kemur vissulega til álita og þá er það árvekni yfirkerfisstjóra stofnunarinnar.

Ég ítreka að þegar ég hafði verið hálf ár í starfi fékk ég að breyta lykilorði á ytra kerfinu en ekki innra kerfinu. „Maður skyldi nú fara hægt í sakirnar“ sagði einn sviðsstjóri. Þegar ég spurði einn

þáverandi sviðsstjóra stofnunarinnar hvers vegna ég fengi ekki að breyta þessu í einum hvelli – enda risastór öryggishola –var hið faglega svar „ég nenni ekki að muna of mörg lykilorð.“

Öryggismálin í þeim kerfum sem ég kom að voru ekki öll eftir þessari bók en svona lagað situr í hvaða fagmanni sem er. Sérstaklega þegar fólkíð sem réði þessu voru sömu góðborgararnir sem töldu sig hæfa til að meta mín störf og persónu.

Þegar ég hafði verið í um mánuð hjá stofnuninni kemur upp fundur meðal forritara til að ræða um nokkuð sem nefnist „session overload“. Fundurinn er mér í fersku minni og sagan um þetta atriði er á við flottasta farsa í gamanleik. Satt að segja kemur fram í þeim kafla allt sem þú þarft að vita um faglega nálgun Fiskistofu fyrir tölvukerfi sín.

Þáverandi gagnagrunnsstjóri – sem í daglegu tali er kallað DBA – tilkynnir forriturunum að hann hafi þurft að endurræsa Oracle þjóninn vikulega og það um þó nokkurt skeið. Hann þurfi að slökkva á og endurræsa þetta flaggskip gagnagrunna í það minnsta vikulega vegna „session overload“ vanda. Einnig kemur fram á fundinum að þetta vandamál hafði staðið yfir mánuðum saman og kominn væri tími til að finna lausn þótt fyrr hefði verið. Oracle gagnagrunnsþjónninn er fjárhvelfing kvótans!

Fyrir hinn almenna notanda merkir þetta í raun að öll tölvu- og vefkerfi Fiskistofu lágu niðri í ótiltekinn tíma í hverri viku meðan þjónninn var endurræstur. Ótiltekinn tími gætu verið nanó sekúndur, mínútur og jafnvel klukkustundir, allt eftir því hversu langan tíma tekur að endurræsa og engin kerfi setji endurræsingu í uppnám.

Ég þarf nú stuttlega að reifa hvað „session overload“ stendur fyrir. Því farsinn er rétt að hefjast.





Oracle gagnagrunnsþjónninn er eitt virtasta gagnagrunns kerfi í veröldinni og hefur verið í um tuttugu ár. Nær öll gagnagrunnskerfi Íslenska ríkisins eru keyrði í Oracle kerfum og mörg þeirra hýst hjá Advania. Oracle er búið til eftir þeim kröfum að einn gagnagrunnsþjónn eigi að geta þjónað tugum þúsunda notenda í rauntíma. Sumir myndu ganga svo langt að ein slík uppsetning ætti að geta sinnt öllum Íslenskum gagnagrunnsþörfum samtímis, en sú umræða á ekki erindi hér. Fiskistofa þjónustar á annað þúsund notendur á sólarhring.

Oracle grunnar eiga að vera þannig uppsettir að ef gagnagrunnsstjóri (DBA) sinnir starfi sínu vel ætti hann að geta varist öllum árásum hakkara á staka grunna. Sem dæmi ef hakkari næði inn í gagnagrunn kvótans hjá Fiskistofu er ekki víst að hann komist í vísindagrunn Hafró á sama þjóni. Einnig á starfshópurinn sem þróar mismunandi gagnagrunna á þjóninum ekki að sjá vinnu hvers annars ef þeir eiga ekki með það.

Oracle gagnagrunnsþjónn á borð við þann sem Fiskistofa notar er *hugsanlega* stór á Íslenskan mælikvarða en svo þínu lítið í samanburði við erlend Oracle kerfi að það er eins og dropi í hafinu að reyna að mæla muninn. Þegar Oracle gagnagrunnsþjónn af þessari smæð frýs vikulega þá er eitthvað risastórt að í þeim kerfum sem nota þjóninn. Því kallaði þáverandi DBA á þennan fund til að ræða málið og biðja forritarateymi Fiskistofu að finna villuna sem klárlega væri að leynast í þeim risastóra kerfisþing sem stofnunin átti og rak.

Við erum hér að biðja sjö forritara að fara í gegnum sinn eigin kerfisþing og leita að villu sem gæti reynst lítil þó hún hafi víðtækar afleiðingar. „Session overload“ er mun einfaldara fyrirbæri en nafnið gefur til kynna í fyrstu. Þegar notandi fer inn á vefsíðu fær hann svar frá vefþjóni sem sendir til baka efnið sem birtist á kjánum. Þessu hefur þegar verið lýst.

Um leið og þjónninn svarar skráir hann hjá sjálfum sér eina skrá sem er þá auðkennd með númeri. Hann skrásettur IP töluna sem notandi kemur frá og um leið og notandi innskráir sig á viðkomandi vef eins og þegar notendur skrá sig inn á Heimabanka eða Facebook er það einnig skráð í þessa „session“ skrá.

Þegar notandi skoðar vefsíðu á borð við facebook eru gögn sótt í gagnagrunn. Sá gagnagrunnur geymir einnig upplýsingar um „session“ á borð við „vefþjónn opnar tengingu við mig“. Þannig ef notandi skoðar vef sem er hýstur á vefþjóni geymir sá þjónn session upplýsingar. Ef vefþjónninn sækir upplýsingar í gagnagrunn til birtingar á vefsíðunni geymir hann einnig upplýsingar um sitt session.

Þetta auðveldar vefforritara og gagnagrunnsstjóra að tryggja að réttir aðilar séu tengdir inn hverju sinni. Þetta á einnig að stuðla að rekjanleika á borð við ef einhver ræðst inn í kerfið þá sé hægt að rekja sig í gegnum „session“ skráningar hver kom inn, hvaðan og hvað gerðist. Er það undir viðkomandi fagteymi komið hverju sinni að skilgreina hvernig þeir nýta sér þessa möguleika og misjafnt hvernig þau nýta sér þessa tækni.

Öll gagnagrunnstengd vefkerfi eru sjálfkrafa viðkvæm fyrir árásum og þess vegna er mikið rætt um öryggismál. Sérstaklega því gögn valin gagnamengi eru birt til lestrar en á sama tíma varin fyrir breytingum og reynt að tryggja að einungis skilgreint mengi sjáist hverju sinni. Öryggi er sívaxandi áhyggjuefni, því gagnvirkum vefþjónustum fjölga daglega og sífellt meira af tilveru fólks og viðkvæmum gögnum eru geymd á vefþjónum.

Að sama skapi fjölga misvönduðum mönnum, og konum, sem hafa þekkingu og áhuga til að ráðast á netkerfi. Yfirgnæfandi meirihluta hakkara, sem betur fer, hafa einungis áhuga á því að ráðast inn í kerfi til að gá hvort þeir geti það. Skemmdarvargar

í þessum hópi eru í miklum minnihluta en geta að sama skapi valdið miklu tjóni.

Í eldri kerfum á borð við þau sem ég hef lýst er ekki mikið um að menn nýti sér session og satt að segja var nær ekkert um það hjá kvótabanka Íslands á þessum tíma. Algengt er að slík kerfi séu smíðuð á eins stuttum tíma og hægt er. Albert tamningamaður áttaði sig á því sex árum eftir að hann smíðaði fyrsta tamningakerfið að honum hafði yfirsést lítilræði og það tók hann viku að laga það, viku sem flestir forritarar fá ekki, því Albert á sinn tíma sjálfur.

Þó ég væri enn að læra á innviði minna kerfa hjá Fiskistofu sinni ég þessu kalli frá DBA. Enda er „session overload“ alvarlegt mál og vel hugsanlegt að um væri að ræða árásir á þjónninn.

Hóf ég að rýna í þau kerfi sem voru á mínu sviði. Ég var á þessum tíma búinn að starfa hjá Fiskistofu í fjórar til fimm vikur. Því væri fínt lærdóms verkefni að rekja hvort vefur Fiskistofu væri að taka þátt í þessu álagi. Það myndi auðvelda mér að komast að því hvernig hann væri skrúfaður saman og hvers konar villur ég þyrfti að laga þar í framhaldinu. Það tók mig tvo daga að finna klúðrið t. Þegar ég fann það ætlaði ég vart að trúa eigin augum.

Í hvert sinn sem vefsíða sækir upplýsingar í gagnagrunn þarf hún að opna - eða samnýta áður opna - tengingu við gagnagrunnsþjónninn. Hún þarf að tengjast grunninum og láta hann vita hvaða upplýsingar hún þarf. Í hvert sinn sem notandi sækir vefsíðu á facebook er þetta gert. Ef smellt er á tengil á þeirri síðu svo hún miðli nýju efni, opnast ný tenging eða eldri er endurnýtt

Þetta gerist á augabragði og því er mikilvægt að forrita á þann hátt að þegar síðan opnar grunninn skili hún tengingunni aftur

svo tengingin hangi ekki í lausu lofti. Sé þetta ekki gert getur myndast „session overload“ eða Vefþjónninn yfirhleðst og frýs.

Einnig gæti síðan fengið aðgang samnýtttra tenginga. Þá geymir vefþjónninn fáeinar tengingar við grunninn sem hann getur samnýtt og útdeilt á milli tuga og þúsunda notenda í senn, allt eftir högun. Þetta er gert á dýnamískan hátt og er hraðvirkara en fyrri leiðin.

Ég var búinn að sjá, þessar fáu vikur sem hafði verið í starfi, að forveri minn hafði misbeitt þessari tækni. Tengingar hans við grunninn voru flækjubendu. Ég vissi að það gæti tekið vikur að yfirfara þær allar en henti mér þó í það verkefni að rekja þetta nánar.

Það væri auðvelt að forrita svona kerfi á þannig að mjög auðvelt sé að laga svona hluti. Í öllum vefjum sem ég hanna frá grunni er slík tenging framkvæmd á einum staða fyrir allar undirliggjandi síður og komi upp villa má rekja hana beint á einum stað. Svo var ekki í risastóru vefkerfi Fiskistofu, heldur var allt í bendu og engin skjölun til yfir högun þess. Forritun kerfisins var óhöguð, óhönnuð og óskjöluð.

Það er algengt að yfirmenn treysta bara tölvumanninum fyrir þessu og ef hann reynir að útskýra eitthvað þá er það of tæknilegt. Hann á bara að vita hvað hann er að gera. Auk þess er nær ekkert um það meðal hins opinbera að gerð sé úttekt hugbúnaðarkerfum og vinnuaðferðum. Yfirmenn virðast almennt ekki vera meðvitaðir um að hugbúnaðarsmiðir geta byggt kerfi sín með mun fleiri aðferðum og í mun meiri flækju en húsasmíðir smíða hús. Ef yfirmaður hefur ekki innsýn í þetta þá býður hann þeirri hættu heim að stofnun hans hafi ekki hugmynd um hvers konar kerfi eru í notkun, utan þess hvernig þau líta út á skjá.

Nýlega kom í fréttum, vorið 2013, gagnrýni eins yfirmanns hjá opinberri stofnun á hvernig þjóðskrá Lýðveldisins er höguð. Ég hafði samband við Hagstofu fyrir fáeinum árum og bað um upplýsingar um eftir hvaða fagreglum og stöðlum sá gagnagrunnur er byggður. Ekki vildi það ég um neinar viðkvæmar upplýsingar en því miður var niðurstaðan sú að grunn upplýsingar um *mig og þig* eru ekki varðveittar eftir neinum staðli, *að því er virðist*.

Ég fann út eftir tveggja daga leit að í hvert sinn sem notandi sótti vefsíðu á vef Fiskistofu var notað fall sem heitir „log\_error“ sem fannst í einu viðbótarskjali (include). Fallið var hannað til að skrásetja upplýsingar í textaskrá ef upp kæmi villa í fyrirspurn til gagnagrunns. Ég sá við nánari rýni á vinnslu þessa falls að í hvert sinn sem vefsíða var birt þá var hver einasta fyrirspurn hennar vistuð niður í þessa textaskrá! Textaskráin var jafnframt opin hverjum sem er á ytri vef Fiskistofu. Að ég rak augun í þetta litla fall þann dag sem ég fann það, var bara útaf smámunasemi við yfirlestur.

Tökum dæmi um hvernig þetta virkar. Þá mun fljótt skýrast hvers vegna ég kalla þetta ástand farsa. Notandi kemur á forsiðu vefsins. Þá eru hugsanlega gerðar fjórar fyrirspurnir um gögn. Smelli notandi á tengil á síðunni er birt önnur vefsíða sama vefs, hún gæti gert frá einni til tíu fyrirspurnir. Allar þessar fyrirspurnir voru vistaðar í téða textaskrá. Ég mun leitast við að útskýra alvarleika þessara vinnubragða sem í húsasmíði kallast *handvömm*.

Í hvert sinn sem tölva opnar skrá smíðar stýrikerfið eins konar handfang (handle) sem tengir skrána í minni og disk. Þetta tekur upp minni og getur við vissar aðstæður tafið vinnslu. Sé skránni ekki lokað aftur hangir handfangið í minni. Ef tíu forrit opna sömu skrána samtímis þá eru smíðuð tíu handföng í minni sem öll vísa á sömu skrána. Sé skránni ekki lokað aftur hanga þau inni þar til

eitthvað er gert til að hreinsa minni stýrikerfisins. Ef tíu notendur opna sömu skrána þann daginn án þess að tölvan hafi hreinsað minni sitt myndast tíu handföng í viðbót og gömlu handföngin eru áfram opin í bakgrunni þó enginn sé að nota skrána.

Enginn forritari lætur vefþjón opna sömu textaskrá fyrir hvern notanda sem kemur á vefinn og væri það nauðsynlegt í einhverjum tilfellum tryggir hann að skránni sé lokað aftur. Þetta er flöskuháls. Ef tíu notendur vefsins skrásetja allir fyrirspurnasögu sína samtímis í söguskrá (Log) þá bæði tefur það alla virkni kerfisins og ennfremur allar „session“ skrár þeirra notanda sem tengjast skránni og kerfið getur frosið!

Þarna var fundinn flöskuhálsinn sem olli „session overload“ og felldi Oracle gagnagrunns kerfið vikulega. Reyndar var flöskuhálsinn ekki vegna ofangreindra handfanga heldur vegna rangrar notkunar á gagnagrunns tengingum, en þetta hefur samlegaðaráhrif engu að síður.

Við nánari rýni kom í ljós að „log\_error“ fallið var ekki að sinna sínu rétta hlutverki sem var að skrá eingöngu villur í fyrirspurnum, fyrir rekjanleika við villuleit. Fallið skrásetti allar fyrirspurnir heildarkerfisins og það ítarlega. Þarna var því opnaður aðgangur að mikilvægum upplýsingum um gagnagrunn kvótakerfiins eins og það lagði sig og það á opnum vef, aðgengilegt hverjum þeim sem rækist á slóð að skránni. Ef notandi vissi slóð að skránni þurfti ekki einu sinni að hakka hana, hún var opin hverjum sem var.

Hér kemur hið sorglega í hinu tæknilega. Rifjum upp vefsíðuna sem áður var nefnd og skoðar dags aflann í Grindavík. Nú var landað hundrað til tvöhundrað tonnum þann daginn og vefsíðan gerir fyrirspurn í gagnagrunninn til að sækja þær upplýsingar. Nú spyr hún grunninn „náðu í aflatöfluna, náðu í hafnatöfluna, náðu í

bátatöfluna, náðu í útgerðatöfluna svo ég sjái hvaða bátur það er og hver á hann og í hvaða höfn hann landaði og svo framvegis“.

Þegar þetta er gert þarf að vísa í ákveðin svið í hverri töflu til að samtengja skyldar upplýsingar í mismunandi töflum og er nefnt að vensla. Hver tafla geymir vissar upplýsingar en þær eru merkingarlausar nema tengjast skyldum, eða vensluðum, upplýsingum sem útskýrir þær. Upplýsingar um högun og samsetningu þeirra taflna sem geyma kvótakerfið gætu verið verðmiklar fyrir þá sem vilja brjótast inn í þær. Þarna var þeirri samsetningu lýst á opnum vef.

Þegar vefsíðan gerir fyrirspurn er spurningunni lýst í orðum á gagnagrunnmáli sem nefnist SQL. Í þeirri fyrirspurn getur einstaklingur sem kann gagnagrunnshögun séð samsetningu taflanna. Ef viðkomandi kæmist í þessa textaskrá og sæi allar fyrirspurnir sem gerðar eru á öllum vef Fiskistofu, eins og hann leggur sig, gæti hann þannig séð hvernig öllu kvótakerfinu er hagað í töflur, hvernig þær tengjast innbyrðis og hvernig þeim er hagað niður á mismunandi svið.

Gæti sami einstaklingur hakkað sig inn á vefinn og gert eigin SQL setningar gæti hann *hugsanlega* þurrkað grunninn út, hvað þá eitthvað sakleysislegra. Þessar upplýsingar getur hann þannig nýtt til að skoða kerfið betur og meðhöndlað upplýsingarnar sem það geymir.

Textaskráin geymdi allar þessar fyrirspurnir. Hún var vistuð í möppu á ytri vefnum þannig að notandi gat vísað í hana og skoðað með tengli. Hefði einhver slegið inn slóðina „fiskistofa.is/log“ hefði skráin blasað beint við honum. Hakkari hefði hæglega getað giskað á þessa slóð enda nafn hennar algengt í forritun og auðvelt að giska á.

Hakkari hefði verið fljótur að átta sig á hvaða upplýsingar væru þarna á ferðinni og að þær voru vistaðar niður viðstöðulaust í rauntíma. Þarna voru upplýsingar um hverja einustu fyrirspurn sem vefur Fiskistofu samsetti fyrir hvern einasta notanda vefsins, ytri vefinn, innri vefinn og undirkerfin.

Á hverjum sólarhring safnaðist að meðaltali um sjötíu og fimm megabæti af texta í skrána. Þessi tala hugsanlega merkingarlaust fyrir þér lesandi góður. Biblían sem er fimmtán hundruð síður er til rafræn og telur fimm megabæti. Á hverjum sólarhring voru því upplýsingar á við fimmtán biblíur af gagnagrunns fyrirspurnum vistaðar í textaskrána og hún hafði safnast upp árum saman, opin á ytri vefnum.

Þetta var skráin sem bjó til „session overload“ vandann og þar héngu fyrirspurnatengingar opnar. Þannig opnaði vefþjónninn að meðaltali sjöhundruð og fimmtíu tengingar við Oracle á viku og þær héngu síðan opnar og ónotaðar. Síðan söfnuðust þær upp frá viku til viku og á hverjum sjö til tíu dögum lögðu öflugasta gagnagrunnsþjón heimsins á hliðina, þannig að DBA þurfti að endurræsa hann. Í eðlilegu umhverfi hefðu aðeins verið til allt að fimmtíu tengingar og hver þeirra endurnýtt með eðlilegum hætti.

Ef gagnagrunnsstjóri hefði ekki slökkt vikulega á þjóninum og endurræst hann hefði komið allt að þrjúþúsund stöðnuðum tengingum á mánuði og þrjátíu til fjöruþúsund á ári og allt kerfið – í virtustu gagnaskrá Lýðveldisins – hefði frosið. Enda lagðist þjónninn á hliðina vikulega, þjónn sem er hannaður til að geta sinnt að lágmarki tvöhundruð sinnum stærra kerfi en Fiskistofa viðhél.

Það fyrsta sem ég geri þegar ég sé þessa stöðu var að ræða við yfir kerfisstjóra. Við útfærðum síðan þessa högun upp á nýtt.


Textaskráin var færð inn fyrir eldvegg netkerfisins svo enginn gæti lesið hana af vefnum. Því næst var „log\_error“ fallið endurhannað svo að eingöngu villuboð voru rituð niður og ekkert annað. Í þriðja lagi, í hvert sinn sem eitthvað var skrifað ofan í skrána var henni lokað strax aftur. Á þessum tíma var ekki unnt að endurskoða hvernig vefsíður ynnu með gagnagrunns tengingar en það fór vissulega á aðgerðalistann og um leið og það var unnt var það tekið í gegn.

Nú beið ég í tæpa viku, fylgdist með kerfinu, mín megin, og fullvisaði mig um að það gengi eðlilega. Gekk ég þá inn á skrifstofu hjá gagnagrunnstjóra og segi við hann „hvað er að fréttu af session overload vandanum“.

„Það er bara í góðum málum núna, engin umfram session og allt í góðum gir.“

Þetta er gott dæmi um faglegan frágang á því vefkerfi sem ég fékk í hendurnar til að meðhöndla. Þetta var „tæknilega séð“ ekki svo stór villa. Það tók bara tvo daga að finna villuna og einn dag að laga hana og síðan þurfti aðeins að fylgjast með kerfinu í smátíma og athuga með hegðun þess. En stærra kerfið var fullt af villum úti um allt sem voru margar til muna stærri tæknilega en *hugsanlega* síður alvarlegar.

Dagsetningameðhöndlun á einum stað, innskráningarvandi á öðrum, prentunarvandamál á hinum, sem gátu tekið heilu vikurnar sumar hverjar í lausnum. Minniháttar mál virtust stundum í fyrstu vera boða villur en reyndust síðan vera grafnar í kóðaflækjuna sem viðbótar fallasöfnin geymdu. Ekki má gleyma að tuttugu og tvöþúsund PHP skrár, flækjugrautur viðbótarskráa, öryggismál varðandi innskráningu í ólestri og mismunandi viðbótar fallasöfn með sömu heitum skilgreind á mismunandi stöðum og óvíst hvaða safn væri sótt hverju sinni og stundum



tvö samhliða. Fáránlegustu villur í þessum hafragraut gátu tekið marga daga í að rekja.

Ein útfærsla í gámakerfi, sem ég hef áður minnst á, kemur hér upp í hugann. Það kom upp villa í tengslum við útprentun fyrir innskráða notendur. Ég eyddi tveim til þrem dögum í að rekja hana og var við það að ná þar tökum á fáránlegri flækju þegar yfirmaður tölvusviðs kemur til mín og segir „þessi villa hefur lágan forgang, það eru fáir að nota þessa prentun og kannski fáar útgerðir að nota kerfið og tæplega tíu þeirra að nota þessa útprentun, þeir fá bara sérútprentun ef þeir biðja um hana, þú verður að einbeita þér að smíði nýja vefsins.“

„Alveg sjálfsagt segi ég.“

Þá bætir hann við og segir „byggjum svo að í nýja vefnum verði þessir hlutir í lagi þegar þú umritar Gámakerfið.“

Ég nefni þetta dæmi meira til gamans um léttleika smærri atriða sem skiptu litlu máli miðað við stóru holurnar. Þannig voru til smáar og ómerkilegar villur á borð við þessa útprentun og svo stærri en lítt áberandi villur sem höfðu stórar hættur í för með sér. Svo var allt þarna á milli.

Mikið af villum komu upp sem mátti leysa á þrem til fimm vinnudögum og væru þær leystar með rétttri högun þurfti ekki að sinna þeim aftur síðar. Þó voru alls ekki allar villur með þeim hætti sé horft til þeirra vinnubragða sem áður höfðu viðgengist fyrir minn dag. Þegar upp koma smávillur sem eru léttar í lagfæringu en geta verið áberandi er það kallað „smá eldur“ eða „upp kom eldur“ og þarf þá að slökkva eldinn.

Að laga litlar en óþægilegar villur eru því smáeldar. Allir forritarar þekkja hvað átt er við því góður hluti af starfi forritara fer almennt í meðhöndlun á smáeldum sem upp koma í gömlum og viðamiklum

kerfum. Ég er þannig gerður að þegar ég kem að villulagfæringum laga ég uppsprettu villunnar ef ég kemst ofan í hana, en flestir forritarar vinna ekki þannig heldur beita skyndilausnum á hana, þeir muna svo eftir villunni og skyndilausninni þegar hún kemur upp aftur. Þannig hafa margir forritarar gert sig nauðsynlega á vinnustað, því miður.

Ég lít dálítið niður á það viðhorf að *tryggja starfið* og hef leitast við í mínum vinnubrögðum að skila kerfum frá mér sem eru eins viðhaldslítill og hægt er. Ég beiti sömu nálgun við villulagfæringar. Eins og þér er væntanlega ljóst lesandi góður skiptir mig máli hið úrelta hugtak Heiður. Hér mætti draga fram enn eitt dæmi úr gamla kerfisbing Fiskistofu til útskýringar.

Þegar ég hafði starfað hjá Fiskistofu í þrjá mánuði kom upp villa í tímaskráningakerfi eftirlitsmanna. Ég hóf eðlilega leit að uppsprettu villunnar sem var grafin djúpt í gömlum flækjugraut og það tók tvo daga að negla upptök hennar nákvæmlega niður. Þegar ég nefni hana við einn samstarfsfélagan sem hafði starfað lengur hjá stofnuninni segir hann „sá sem smíðaði kerfið var ekki mjög fær í dagsetningameðhöndlun, en það leið ár frá því að hann hætti og þar til þú byrjaðir, og einn vinnufélagi sem var hér á undan þér lagaði þessa villu síðast.“

„Ég sé einmitt hér í kóðanum að það er fix þarna“ segi ég.

„Já“ segir félaginn og bætti við „hann nefndi að þetta þyrfti að endurfixa um hver áramót.“

Þetta var fix sem snérist um að stilla fyrsta mánuð ársins upp á réttan dag, svo tímaútreikningar í vinnutímastimplun virkuðu rétt. Þetta var ekkert mál ef þú hafðir einu sinni fundið það. Svo ef þú vissir af þessu um næstu áramót gastu fixað það á tveim tímum. Oft vita forritarar af svona *smávillum* sem koma upp

öðru hvoru með reglubundnum hætti. Þeir vita hvar villan gerist og þeim finnst í góðu lagi að „framkvæma einfalt fix“ frekar en eyða viku í að laga villuna í eitt skipti fyrir öll. Það skapar þeim starfsöryggi og þá tilfinningu að þeir kunni á flækjugrautinn sem þeir viðhalda daglega.

Þeir geta farið inn í kerfi jafnóðum og villa komur upp, fixað hana á smástund og þeir vita af öðrum litlum kerfisvillum af þessu tagi. Þetta hefur þau áhrif í *bransanum* að það er stór hópur forritara með vinnu því það er of dýrt að þjálfa nýjan forritara til að taka við af þeim, einmitt útaf þessu. Þetta heitir að vernda stöðuna sína og viðgengst víða.

Eins og áður hefur komið fram vinn ég ekki á þennan hátt. Ef ég er ráðinn til að sinna kerfi, hvort heldur smíða nýtt eða laga gamalt, þá vinn ég verkið þannig að ég geti verið stoltur af verkinu. Þá þarf heldur ekki að hanga endalaust í viðhaldi á gömlum flækjum heldur má byggja ný kerfi hvert á fætur öðru eða viðbætur við eldri högun sé sú eldri vel hönnuð og stenst tímans tönn.

Það er sorgleg tilvera að hanga í viðhaldi á fixum til að vernda stöðu sína, frá ári til árs. Þá er meira spennandi að hafa tíma til nýsmíði og gæðapróunar. Þau kerfi sem ég hef smíðað eru viðhaldslítill og vinna eins og ætlast er til og yfirleitt auðvelt að útvíkka þau. Þessu er oft lítill gaumur gefinn af yfirmönnum í hugbúnaðarumhverfi landsins því mönnum liggur mikið á að fá nýju kerfin og nýju útfærslurnar strax. Tímastarnaðurinn í byrjun er síðar étinn upp af hugbúnaðarflækjum og falladrasli sem krefst mikils viðhalds og er ótraust.

Þegar ofangreind dagsetningavilla kom upp eyddi ég í hana þrem dögum. Ég vann við hana og prófaði þar til ég var viss um að hún kæmi ekki aftur upp að ári. Svo kom hún aftur upp á yfirborðið 1. september það ár. Reyndar ekki sama villa en það kemur upp villa



engu að síður í sama kerfi vegna dagsetningarvanda af svipuðum toga og áður. Þegar yfirmaður á fiskveiðistjórnunarsviðs sér hana koma upp kemur hann að máli við mig og segir „ég hélt að þú hefðir tekið fyrir þessi óþægindi.“

„Já“ segi ég „það hélt ég einnig, hún hefði ekki átt að koma upp aftur.“

Ég fer aftur ofaní kerfið og er hálfan dag að rekja hana í þetta sinnið. Djúpt grafið í flækjunni finn ég aðrar forsendur sem tengjast því að fiskveiðiár Íslenska kvótakerfisins hefst 1. september ár hvert. Einnig eru afbrigði í því sem hefjast 1. janúar ár hvert. Í fyrri villuleitinni hafði ég lagað síðarnefndu áramótin en ekki tekið eftir þeim fyrrnefndu enda þá nýbyrjaður hjá Fiskistofu og ekki til fulls kominn inn í hvernig kvótakerfið virkar.

Ekkert af þessu var til í skjölun, ekki einu sinni með athugasemdum fyrri forritara í hans eigin kóða. Það eru vinnubrögð sem enginn fagmaður á að láta sjást eftir sig en er því miður regla frekar en undantekning, hjá Fiskistofu og víðar í bransansum. Það er algengt að forritarar forrita lausnir sem þeim þykja augljósar enda vanir kerfunum sem þeir viðhalda. Þeir komast upp með að skjala ekkert og leysa síðan eigin mistök með fixum sem fáir átta sig á.

Það var ekkert til skjalað um neitt í kerfis bingnum sem ég var að meðhöndla. Forritarinn „átti bara að vita hvernig kerfið virkaði.“ Það er því miður ekki augljóst þegar þú kemur að kerfi sem notar dagsetningar hvort kerfið reikni sínar dagsetningar frá einum eða tvennum áramótum.

Ég fann þó síðari villurótina og næstu tvö áramót – bæði í september og janúar - þurfti ekkert að fixa. Villan var horfin. Ég hafði tekið vinnutíma til að komast fyrir uppsprettuna og loka

fyrir hana. Fyrir vikið, þar sem ég vann við lagfæringar af þessu tagi – að smíða lagfæringar sem héldu velli – tók mín vinna stundum dálítinn tíma.

Þegar til lengri tíma var litið sparaði ég í umtalsverðan tíma í framtíðar viðhaldi kerfanna. Minnkaði þar með starfshlutfall forritarans og bjó þannig til vinnutíma sem hægt var að nota í skjölun, nýpróun og gæðahönnun nú eða hinn svokallaða „nýja vef Fiskistofu.“

Ýmsar villur komu upp, sumar þekktar að einhverju leyti en þó vissi enginn hver rót þeirra var, enginn vissi hvernig kerfið var upphugað. Sumar villur voru jafnvel svo kjánalegar að þær virtust tví og þríteknar. Maður fann villuna og lagaði en ekkert breyttist, svo fann maður hana aftur alveg eins annars staðar og náði þá að laga.

Til voru fix sem hægt var að smella inn ef forritari var til staðar og þekkti kerfið. Menn höfðu vanist að þetta var hægt og allt dankaði einhvern veginn áfram. Svo kom þrákálfurinn ég sem eyddi örlítið lengri tíma í villurnar en þær komu heldur ekki upp aftur.

Ég tek hverja villu og þrákelknislega finn rót hennar og lausnin er endanleg, rétt eins og fagleg vinnubrögð gera ráð fyrir. Þetta eru vinnubrögð forritarans sem hæstvirtur þáverandi Fiskistofustjóri Árni Múli Jónasson segir í boðunarbréfi, sem er undanfari áminningar og síðar uppsagnar, að vinni ekki störf sín með eðlilegum hætti. Síðan virkjaði hann yfirmenn, þar á meðal yfirmann tölvusviðs (sem var fullmeðvitaður um gæði minna starfa) til að ítrekað þrýsta mér til uppsagnar.

„Hvers vegna ertu svona lengi að þessu, þú átt ekkert að vera í þessu gamla, þú átt að smíða nýja kerfið“ var söngur yfirmanna

á sviðum stofnunarinnar. Þegar þeim var gefinn kostur á að vita hversu öflug vinna var unnin í tölvunni á mínu borði var svarað „ekkert svona tæknilegt.“

„Já ég er að smíða nýja kerfið, en ég er einnig að fasa út þetta gamla svo þeir hlutar þess sem *þið* viljið að keyri áfram muni keyra hnökralaust.“ Og einmitt í þessu tilfelli var um slíkt að ræða.

„Þetta er alltof tæknilegt, þú ert bara að reyna að vernda stöðuna þína eins og hinir.“

„Reyndar ekki, herra yfirmaður, það voru hinir sem vernduðu stöðuna sína, ég er að laga til eftir þá.“

„Þú ert bara að bulla í mér!“

Enn er frá mörgu að segja. Þar sem margt í sögunni er frekar tæknilegs eðlis og reyni ég að milda og léttu þá umfjöllun. Ef þú ert enn að lesa söguna hefur mér í einhverju tekist það ætlunarverk mitt að hún sé læsileg hverjum sem er. Ég veit ekki hve margir hafa misst vinnuna fyrir persónuleika sinn þrátt fyrir 100% fagmennsku og að hafa staðið fullkomlega við sinn ráðningarsamning, en þessi bók er eftir einn slíkan.

## 8. Kafli. Varðmenn kvótans

Ég er atvinnulaus tölvuforritari, með fortíð og vegna hennar sviptur faglegru æru. Fulltrúi hjá Atvinnumálastofnun sagði við mig í mars 2013 „þú munt fá vinnu fljótlega eftir að þú dettur út af sakaskrá“. Þegar þetta var sagt vantaði tvær vikur uppá þriggja ára atvinnuleysið. Fulltrúi atvinnumálastofnunar sér þennan veruleika að fyrra bragði.



Þáverandi Fiskistofustjóri, Árni Múli Jónasson, lögfræðimenntaður með sérmenntun í mannréttindalögum, með starfsreynslu hjá Umboðsmanni Alþingis, reynslu úr starfi hjá Rauða Krossinum, sá þetta ekki síður. Atlaga hans að frama mínum var að mínu mati ætluð til reka mig út í atvinnuleysi. Hef ég ekki vilja né löngun til að geta mér til um það hugarfar sem liggur að baki slíku ofbeldi. Síðar hefur hann gegnt starfi Bæjarstjóra Akraness og er virkur í pólitísku starfi fyrst hjá Samfylkingu og síðan „Bjartri framtíð“ þar sem hann gefur sig út fyrir að vera í forsvari fyrir mannréttindi, mannvirðingu og jákvæðar breytingar.

Annað hvort skiptir heiður máli eða hann er verðlaus. Fólk sem missir vinnu til langs tíma missir oft þær veraldlegar eigur sínar. Oft eru það eignir sem það hefur unnið sér inn með þrautseigju og útsjónarsemi. Einnig stórukast skuldir þeirra og sumir komast seint og illa aftur á beinu brautina. Hvers vegna Árni Múli óskaði mér slíkra örlaga og hví hann misbeitt valdi sínu til að svo yrði, get ég ekki svarað, né heldur velti ég mér upp úr því, hann og hans persóna skiptir mig engu. Ég get aðeins sagt söguna í heild sinni á þann hátt sem ég upplifði hana og þannig skilið þessa hluti eftir í fortíðinni og gengið þannig á vit framtíðar.

Árni Múli segir í samtali við mig í einum af okkar síðustu samskiptum á Fiskistofu „ég geri mér ljóst að það er ólöglegt að þvingja refsidóma á Íslandi“. Var trúnaðarmaður stéttarfélags

míns viðstaddur. Þegar ég loks sagði upp starfi mínu verðlaunaði hann mig með viðbótar uppsagnarfresti á launum. Notaði hann tækifærið og hældi mér fyrir þá ákvörðun að segja upp sjálfur, enn í vitna viðurvist.

Ég hugsa oft til þeirra Árna Múla og Ingu Þóru starfsmannastýru í þrengingum síðustu ára. Hún var upphafsmaður að eineltinu rúmu ári áður en ég gafst upp. Ég hafði þá þegar og á sama tíma upplifað talsvert tilfinningaálag eftir göngu mína í gegnum dómskerfið, með tilheyrandi sálarangist þar sem hluti dóms míns var rangur og ég hélt mig hafa sýnt fram á það en var ekki mark á tekið. Var ég því andlega úrvinda þegar Fiskistofustjóri bættist í hóp þeirra sem veittust að mér.

Þegar marður er bíllaus og fer fótgangandi allra sinna ferða, getur ekki keypt sér viðunandi fæði þriðjung mánaðarins árum saman, safnar síhækkandi skuldabyrði, aðeins vegna þess að valdamiklum góðborgurum líkar ekki fortíð sem þeim kemur ekki við, þá er átak að þrauka án biturðar. Vonandi næ ég með ritun þessarar sögu að kreista síðustu dropa biturðar úr sál minni og ná tökum á farvegi til bjartar framtíðar. Ég vil ekki burðast með þetta fólk í huga mér.

Ég ítreka að sagan er ekki sögð þeirra vegna og né vegna þeirrar biturðar sem hugsanlega er enn í mínu hjarta og sál. Hún er sögð sakir virðingar minnar fyrir heiðarleika og heilindum – sem sumir nefna heiður – og í þeirri von að hún geti vakið upp meðvitund um hvers konar samfélag við viljum móta. Hvaða fleiri Íslendingar lenda í útjaðri samfélagsins óverðskuldað? Einnig spyr ég enn stærri spurningar: Hvernig eru aðrar ríkisstofnanir Íslenska lýðveldisins reknar? Stofnanir lýðveldis hljóta að tilheyra ríkisborgurum, mér og þér, og við eigendfur þeirra hljótum að eiga rétt á að rýna í þær?

Margumrætt eldra vefkerfi Fiskistofu sem ég vann viðhald á var og er enn í keyrslu. Stórir hlutar þess eru notaðir í bakvinnslu hins nýja vefs. Eina ástæðan fyrir að það varð geranlegt er ósérhlífni mín til að fara rækilega ofan í saumana á högun þess og þvinga fram fag vinubrögð við vefforritun hjá Fiskistofu. Þessi kafli mun útskýra það nánar.

Til að geta forritað vefsíður í lifandi kerfi, þróað þær og villurýnt þarftu þróunarþjón sem keyrir rauntíma afrit kerfisins. Ekki er hægt að breyta og þróa vefkerfi með góðu móti samtímis því að hún sé notuð, sérstaklega þegar villur eru í því. Góður þróunarþjónn er forsenda þess að vinna gott kerfi.

Einu sinni til tvisvar árlega koma fram breytingar á vefsíðum Facebook. Einhver ný útfærsla á vefsíðunum eða ný framsetning á kerfum og útfærslum birtist. Oft líkar fólki ekki við þessar breytingar en venst þeim. Allar slíkar breytingar eru forritaðar á þróunarþjóni sem enginn veit hvar er nema vefforritarar og kerfisstjórar hjá Facebook.

Þannig eru starfandi hjá Facebook vefsíðuforritarar sem gera nýjungar og viðbætur í kerfið og þeir einir vita slóðina í þessar síður. Þetta gæti verið slóð á borði við „[proun.facebook.com](https://proun.facebook.com)“ og ef þú þekktir þessa slóð gætir þú á hverjum degi skráð þig inn á þróunarvef Facebook og sæir þar hvernig nýjungar líta út gagnvart þeim sem eru að skrifa þær.

Þú sæir fídusa koma fram og villur koma upp. Villur koma upp sem þarf að laga á næstu dögum, einnig kemur fram afleidd villa í öðru kerfi sem þarf að rekja. Jafnvel geta þær tengst eða verið háðar hver annarri. Svo kemur í ljós að eitthvað í útgáfu eitt var rangt gert og það þarf að laga fyrir útgáfu þrjú sem nú er í gangi.

Til þess að menn geti forritað slíkar flækjur í ró og næði, leitað uppi högunarvillur, útfærsluvillur og þróað áfram skref af skrefi hafa þeir kerfið á vefþjóni sem enginn veit um nema þeir. Jafnvel er hann þannig uppsettur að ekki sé hægt að skoða hann nema innanhúss. Líklega gætir þú bara séð efni hans ef þú kemur frá IP tölu fyrirtækisins. Að vinna á þennan hátt er lykilatriði fyrir faglega vefsíðugerð.

Þegar ég skipulagði þróun nýja vefs Fiskistofu, með Eplica kerfi sem áður var minnst á, var í fyrstu sett upp „eplica.fiskistofa.is“ sem allir starfsmenn Fiskistofu gátu séð og einnig aðilar utanhúss ef þeir vissu slóðina. Þetta var gert í þeim tilgangi að starfsmenn sem þyrftu að sjá lokaútgáfu nýja vefsins gætu fylgst með hvernig hann liti út, virkaði, og hver framvindan væri.

Sjálfur hafði ég aðra útgáfu á „elias.fiskistofa.is“. Ég heiti fullu nafni Guðjón Elías og oft kallaður Elías í vinahóp. Þar var uppsett afrit af nýja kerfinu og var sú útgáfa eingöngu sýnileg mér sjálfum. Ég einn gat séð þessa útgáfu nema í undantekningartilfellum að ég gat hleypt starfsmönnum að henni frá sínum tölvum en þá með því að senda þeim sérstakar stillingar. Þannig gat ég leyft samstarfsfélögum mínum að sjá hvað var að gerast á þróunarvefnum og einnig leyft öðrum að fylgjast með þeirri sérforritun sem ég þróaði hverju sinni.

Ef ég var sáttur við nýja lausn gat ég sett hana á „eplica.fiskistofa.is“ þannig að aðrir í stofnuninni gætu fylgst með framvindu og jafnvel tekið þátt í prófunum kerfisins. Í grunninn er fagleg vefforritun yfirleitt unnin svona. Hver einasti vefur sem ég smíða er unninn í mismunandi útfærslu á þennan máta. Þetta er hin faglega nálgun við þróun vefs. Hún kann að virka seinvirk í lýsingu en þegar upp er staðið sparar mikinn tíma og tryggir bæði betra öryggi og færri villur. Auk þess sem þessi aðferð býður upp á leið fagaðri högunar.

Forritarar og traustir prófarar hafa því einir aðgang að þróunarvef. Stundum er sérstakur prófunarvefur hjá stærri aðilum sem þá er lokaútgáfa og að lokinni prófun hennar sett yfir á aðalvef eða með öðrum orðum „gefinn út.“ Svipað sérðu á Facebook ef þú ert þar reglulegur notandi og getur þá treyst því að í hvert sinn sem nýtt útlit eða nýir eiginleikar birtast hafa þeir verið prófaðir á líkan hátt.

Þegar ég hóf störf á Fiskistofu var mér tjáð að til væri þróunarvefþjónn fyrir vefforritun Fiskistofu. Þannig á að vinna hvort eð er og þótti mér því ekkert merkilegt að vera tilkynnt um tilvist hans. Mér var sagt að þegar ég þróaði nýjungar í gamla vefnum eða lagaði villur þar skyldi gera það á þróunarþjóninum. Aðrir starfsmenn tölvusviðs gætu þá fylgst með, viðhaft notendaryni og prófanir og þannig væru vinnubrögð Fiskistofu. Þannig geti teymið haft samvinnu við villuprófun og finpússun kerfanna.

Gott og vel. Þetta reyndist orðagjálfur og stóðst ekki. Þó var þróunarþjónninn til. Hafir þú lesið þessa bók frá byrjun veistu að á um það bil ári tókst mér að hefja útfösun gamla kerfisins. Það hafði þá verið rúmlega sex ár í smíðum, var samsett úr yfir þrjátíuþúsund skrám og að ég greiddi úr mörgum flækjum og alvarlegum öryggismálum.

Fyrri ár mitt hjá Fiskistofu var þróunarþjónninn að mestu ónothæfur. Ég þurfti það ár að framkvæma 50% til 80% allrar viðhalds- og þróunarvinnu á aðalvefnum sjálfum.. Tókst mér að laga þetta ástand en það var gríðarlegt átak.

Þegar þróunarþjónn er ónothæfur hefur það slæmar afleiðingar fyrir kerfið sem unnið er við. Komi upp villa í keyrslu aðalvefs, sem gæti verið smávægileg og fáir taka eftir, þarf að laga hana strax. Það er eldur sem þarf að slökkva. Meðan forritari leitar í

undirkerfum og viðbótar fallasöfnum að rót villunnar gerir hann prófanir, breytingar og stillingar til að feta sig áfram. Við þá prófun gæti allur vefurinn farið í uppnám, jafnvel tímum saman. Þetta er sérlega varasamt sé villan flókin og langan tíma tekur að rekja hana. Vefurinn gæti hæglega verið í uppnámi dögum saman.

Við þetta færi aðalvefur stofnunarinnar í uppnám gagnvart hundruðum notenda sem nýta vefinn vegna kvótakerfis ríkisins á hverjum tíma. Því er mikilvægt að öll þróun fari fram á þróunarvef sem má fara í uppnám og jafnvel á hliðina meðan unnið er í þróun. Þetta kerfi var ekki nothæft og hafði ekki verið mánuðum saman og tók marga mánuði að koma því í nothæft ástand.

Nú verð ég, lesandi góður, aðeins að reyna á þolinmæði þína varðandi tæknilegu málin. Áður hef ég nefnt hvernig aðalvefur Fiskistofu birtist á Vefnum drifinn áfram af vefþjóni sem heitir „Apache 1“ og vefsíðurnar forritaðar í máli sem heitir „PHP 4“.

Þróunarþjónninn var hins vegar uppsettur - áður en ég hóf störf - fyrir „Apache 2“ og forritin drifin þar af „PHP 5“ án staðfæringar. Vissulega var rökrétt að undirbúa notkun á nýrri útgáfum á tækni sem væntanlega nýttu betur öryggistækni og *gætu væntanlega* varðveitt heilindi vefsins með betri hætti. Þetta er hins vegar ekki svo einfalt. Þetta hafði hræðilegar afleiðingar fyrir þróunartólið sem ég mun útskýra nánar.

Sú hugsun að setja þróunarþjóninn upp á nýrra kerfi átti ekki við því á þeim tíma sem það hafði verið gert, því ekki var þá virkur vefforritari hjá stofnuninni. Það hafði liðið heilt ár frá því að forveri minn hætti og ég tók við. Téð uppsetning var gerð í því millibilsástandi. Þetta þýðir að þegar þróunarþjónninn var settur upp var enginn vef-forritari til staðar.

Því var enginn til staðar sem gat aðlagð kerfisþinginn að breytingum og villum, sem koma upp við svo stóra kerfisbreytingu. Slíkar villur koma upp, það er vitað fyrirfram, og þá þarf að eyða tíma í að aðlaga kerfisþinginn að nýju keyrsluumhverfi.

Nú var þessi uppfærsla framkvæmd sem liður í að uppfæra ytri vefinn fyrir samskonar breytingar, sem aftur var óraunhæf tímasetning, því enginn forritari var til staðar. Því var ekki hægt að sinna viðeigandi viðhaldi og það var hvort eð er enginn að nota þróunarvefinn í neitt viðhald. Þetta áttu yfirkerfisstjóri og fleiri starfsmenn á tölvusviði að vita. Mönnum þótti reyndar í lagi að setja þróunarþjóninn í uppnám þar sem enginn væri hvort eð er að nota hann og svo hafði verið um tíð.

Nú vill þannig til að PHP 5 er mun betra kerfi en PHP 4 frá sjónarhóli öryggismála og krafna um agaðri forritun. Til að mynda þegar forritari vinnur með upplýsingar í forriti - munum að vefsíður eru forrit - þá þarf hann að stofna og vinna með svokallaðar breytur. Nefnum einfalt dæmi um breytu: Segjum að geyma þurfi *ártal* í forriti undir upplýsingar um dagsetningu ársins í dag. Þá er stofnuð breytan „ártal“ og henni gefið viðeigandi gildi. Þessi breyta gæti verið notuð víðar í forritinu sem viðmið fyrir aðrar dagsetningar sem reikna þarf.

Þegar notandi skráir sig inn á vefsíðu er hugsanlega stofnuð breytan „nafn“ af tegundinni textastrengur sem geymir notandanafn hans. Notandi þarf þá að skrá inn nafn sitt og það er geymt í téðri breytu. Segjum að kennitala sé einnig skilgreind sem er þá tíu stafa strengur af tölustöfum. Ekki tölur heldur textastrengur eða talnastrengur.

Svona hugsar forritari, hann lítur ekki á kennitölu sem tölur. Ef notandi slær inn töluna tuttugu og fimm þá er það heitalan 25. Ef notandi slær inn fimm komma sjö þá er það rauntalan 5,7 og á

ensku 5.7. Þannig hugsar forritarinn og vinnur meira atómískt en hinn venjulegi maður. Þeir hafa jafnan áhuga á að vita af hvaða tagi innslegnar upplýsingar eru og jafnvel frekar en gögnunum sjálfum. Hann geymir þessi gögn í breytum sem eru notaðar við keyrslu forritsins.

PHP virkar þannig að í PHP 5 má takmarka hvort breytur séu meðhöndlaðar jafn frjállega og gert var í PHP 4. Af þessum sökum voru yfir tuttugu þúsund PHP forrit í aðalvefnum sem unnu á rangan hátt væri borið saman við þróunarþjóninn.

Þá voru stillingar virkjaðar á þróunarþjóninum sem birtu upplýsingar um allar rauntímavillur og viðvaranir sem keyrslu umhverfið rakst á og komu upp við keyrslu vefsins. PHP 5 er þannig, og einnig Apache 2, að þau umhverfi bjóða upp á aukið öryggi sem einnig gefur forritara meiri upplýsingar um atriði sem honum er að yfirsjá.

Agaður forritari og teymið sem hann tilheyrir vill einmitt fá slík villuboð. Villur gætu stöðvað keyrslu forritsins, eftir hvernig þróunarþjónninn er stilltur, og þá fylgja upplýsingar sem má nýta til að framleiða betri hugbúnað. Forritari og teymi með snefil af sjálfsvirðingu vill nýta sér þetta í þaula og myndi aldrei vinna á þann hátt sem þarna var gert.

Þegar vefur Fiskistofu var birtur á þessum þróunarþjóni var allt vaðandi í viðvörunum og villuboðum. Eina leiðin til að skoða vef Fiskistofu í þróunarþjóni á þessum tímamarki, án þess að allt væri vaðandi í villum var sú að breyta stillingum þjónsins þannig að hann feldi þær. Þegar betur var að gáð reyndist aðalvefurinn einmitt vera keyrður á þann hátt. Allur forritabingurinn var útbýjaður í villum, og þær voru faldar fyrir notendum og forriturum. Þeim sópað undir teppið.

Sá sem vinnur eftir faglegum forsendum vill einmitt fá aðvaranir og villur upp á yfirborðið. Hann getur þá brugðist við þeim með ábyrgum hætti. Þannig fær hann tækifæri til að rekja villur og högunarbjögun, og sér hvað honum hefur yfirsétt. Þannig finnur hann einnig út hvar séu fix og reddingar. Hann notar þetta sem fyrsta tól til að fyrirbyggja villur þegar vefsvæði er útgefið.

Það tók mig marga mánuði að rekja allar villur á þróunarþjóni aftur til föðurhúsanna og koma þróunarþjóninum í nothæft ástand. Fram að þeim tíma höfðu forritarar Fiskistofu komist upp með að henda saman forriti og ef það *virtist vinna villulaust* við fyrstu keyrslu var það sett beint á netið. Kvótbankinn var þannig í raun vaðandi í villum og högunarbjögun í tugþúsundum skráa, en því sópað undir teppið.

Þessu breytti ég og var það nauðsynlegt til að ná þeim árangri að geta fasað út gamla vefinn, finna og uppsetja þau undirkerfi sem þyrfti að nýta áfram, og í framhaldinu innleiða nýjan vef Fiskistofu. Flestar síður kerfisins birtu aðvaranir um handvömm forritara. Sumar voru keyrsluvillur sem hefðu stöðvað allan aðalvefinn ef þær hefðu ekki verið bældar niður með téðri stillingu.

Þess vegna kemur hugtakið breyta hér fyrir. Margar þessara villna voru bein afleiðing af óöguðum vinnubrögðum við meðhöndlun á breytum. Breytur voru stofnaðar og notuðu síðan ranga tegund upplýsinga eða víxluðu þeim sem þær áttu að nota. Breytur sem aldrei voru notaðar eða breytur sem aldrei var ljóst hvort væru endurnýttar við óskyld gögn og svo framvegis. Þá var grautur viðbótar fallasafna sem ég hef áður nefnt.

Því var staðan sú að ekki var hægt að þróa vef Fiskistofu og né heldur gera villubreytingar og lagfæringar af neinu tagi á ytri vef nema vinna það beint þar. Slíkt er hið varasamasta sem gert er í vefþróun eins og áður hefur verið útskýrt. Þróunartólið var



ónothæft og því myndu prófunarvillur og tilraunir til leiðréttinga ásamt öðrum vinnubrögðum sem notuð er við villuleit og lagfæringar yrði sýnilegt þúsund notendum á dag og jafnvel sumar tilraunir við villuleit hreinlega leggja vefinn á hliðina.

*Hugbúnaðarþróun Fiskistofu hefur notið virðingar meðal hugbúnaðarhúsa hérlendis. Þau voru raunar í hreinum ólestri. Ég ætla ekki að lýsa því sem var í gangi utan míns verkahringis. Að þessu sögðu trúi ég því, þá og nú, að eina ástæðan fyrir að kvótabankinn hefur ekki hrunið og kvótakerfið ekki verið brotið upp af hökkurum, séu framúrskarandi vinnubrögð tveggja manna. Yfir kerfisstjórans og hæfni aðal Oracle forritarans. Eru báðir hundrad prósents fagmenn og kvótakerfið í heild sinni stóð á þessum tíma á herðunum á þeim.*

Þróunarþjónn er því nauðsynlegt tól til að geta unnið þróun, villuleit og viðhald með öruggum hætti. Það segir sig sjálft að ef ég átti að sinna mínu starfi á faglegan hátt þurfti ég að fá hann í nothæft ástand. Ég yrði því að laga ástand vefsins á þróunarþjóninum. Fyrr væri ógerlegt að klippa undirkerfin út og setja þau í skilvirka notkun. Auk þess efnis sem nýi vefurinn kæmi til með að toga af feluþjóni gamla kerfisins og lýst er annars staðar.

Ekki var hægt að sjá hvernig vefurinn væri settur saman nema laga þetta ástand fyrst. Ég yrði að elta uppi hverja einustu villu, hverja einustu aðvörunartilkygningu, hverja einustu útfærslu og laga það allt. Slík vinna tók tíma sem var harðlega gagnrýnt!

Ég hafði rætt þetta ástand við yfirmann tölvudeildar sem eðli málsins vegna var minn verkefnastjóri og einnig yfirkerfisstjóra sem var minn nánasti samstarfsmaður um skeið og ábyrgðaraðili

á ýmsum frágangi sem mín störf kröfðust. Ég náði eftir mikið streð að klára þetta verk og koma því í skilvirkt horf en það tók mánuði. Þróunarþjónninn varð nothæfur ári eftir að ég hóf störf hjá stofnuninni.

Þegar þróunarþjónninn komst loks í gagnid og upp komu villur hjá notanda á innri eða ytri kerfum gat ég loksins beitt mér með skilvirkum hætti að villunum þar til þær voru leystar. Jafnvel gat ég hleypt öðrum starfsmönnum að þeim lausnum til prófunar áður en ég gaf lausnirnar út. Umfram allt var hægt að sinna því verki án þess að koma aðalkerfum í uppnám.

Fyrir að ná þessum árangri var ég gagnrýndur af yfirmönnum stofnunarinnar fyrir að „eyða tíma mínum í helvítis vitleysu!“ (Afsakið orðbragðið en það er ekki mitt).

Á fyrra ári mínu hjá Fiskistofu hafði ég áhrif á að öll vefforritun væri sett í útgáfustýringu. Útgáfustýring er kerfi uppsett á netþjóni sem getur fylgst með þróun tölvukerfis skref fyrir skref. Lendi kerfis þróun í ólestri má rúlla því aftur á bak skref fyrir skref til þess ástands þegar það var síðast í lagi. Til staðar var útgáfustýring sem var komin til ára sinna og að hluta úreilt, og þurfti að setja upp betra kerfi fyrir vefforritun. Notaði tölvudeildin tækifærið og uppfærði alla útgáfustýringu sína um leið.

Einnig má vel koma fram að ég var eini forritari Fiskistofu sem kunnir Lotus Notes forritun. Fiskistofa notar Lotus Notes kerfi og var enginn þar með sérþekkingu á því hvernig mætti nýta þau kerfi betur eða sérforrita lausnir fyrir þau. Þegar ég hafði lausa stund og það bitnaði ekki á öðrum verkefnum, skipulagði ég ferli til að dusta rykið af þessari þekkingu. Var ég með virkum hætti að undirbúa að ég gæti stuðlað að betri nýtni þessarar fjárfestingar. Voru yfirmenn tölvusviðs meðvitaðir um þetta og því samþykkir. Vonuðumst við til að þegar álag við vefforritun minnkaði mætti

nýta krafta mína til að fá meira út úr þeirri dýru fjárfestingu sem Lotus Notes er. Núverandi Fiskistofustjóri veit þetta einnig.

Ekki er hægt að útskýra eineltissöguna nema forsendur starfa minna, vinnubrögð og árangur séu útskýrð. Þó umræðan sé nokkuð tæknilegs eðlis reyni ég að matreiða hana eins almennt og unnt er. Því þetta er eini vettvangurinn sem ég finn til að verja feril minn. Ég vil þó síður festa mig í hinu tæknilega. Öllum forriturum er auðvelt að tala um tækni og þeim er oft erfiðara að fjalla um félagslegar hliðar. Tilurð þessarar bókar sprettur þó af hinu félagslega og þetta tvennt felst í hendur.

Fimm mánuðum eftir að ég hóf störf segir þáverandi starfsmannastýra starfi sínu lausu. Sú sama og var í starfi frá því áður en ég hóf störf, öflugur fagmaður og grandvör manneskja. Það var því auglýst eftir nýjum starfsmannastjóra sem síðar var ráðinn. Nýi starfsmannastjórinn kom vel fyrir við fyrstu kynni. Brosmild og kvikk manneskja sem virkaði dugleg og samviskusöm.

Fyrstu vikuna sem ný starfsmannastýra var hjá stofnuninni nýtti hún sér innri vefinn til að læra utanbókar nöfn allra starfsmanna og skoða andlitsmyndir þeirra. Næstu daga kom hún fólki á óvart þegar hún þekkti með nafni alla sem hún mætti á göngunum og hafði kynnt sér feril þeirra. Virkaði þetta vel á fólk og gaf til kynna að hún væri áhugasöm um aðra. Þá virkaði hún fylgin sér í verkum og samviskusöm. Eins og síðar verður útskýrt er hún fylgin sér og samviskusöm sé hún á þeirri skoðun að starfsmanni sé ofaukið eða í röngum félagshring innan Fiskistofu.

Hjá stofnuninni var notað innskráningarkerfi sem virkaði þannig að þegar starfsmenn mættu til vinnu stimpluðu þeir sig inn og þegar þeir fóru heim að loknum vinnudegi stimpluðu þeir sig aftur út. Kerfið var uppsett þannig að starfsmenn gátu lagað stimplun



sína ef þeir gerðu mistök. Það var gert af mjög praktískum ástæðum. Á þeim tímum þegar Fiskistofa var undir stjórn Þórðar Ásgeirssonar var reglan sú að fólk treysti hvort öðru, en hann lét af störfum á öðru ári mínu þar. Það ríkti vingjarnlegt andrúmsloft hjá fyrirtækinu, móralskt séð. Menn gengu af ábyrgð til sinna starfa, unnu þau af alúð í heiðarleika og einlægni. Fólk treysti yfirmönnum sínum, fann að það var hlustað á sig og óttaðist ekki að setningar væru endursagðar eftir sér og kæmu í koll síðar.

Í þann tíð var komið fram við undirmenn af virðingu og tillitssemi og starfsfólki var almennt sýnt traust. Tímaskráningin var gott dæmi um það viðhorf sem ríkti. Ef einhver gleymdi að skrá sig út daginn áður gat hann eða hún lagað það daginn eftir. Starfsmaður sem hafði mætt klukkan níu en gleymt að skrá sig inn þar til klukkan tíu eða tólf gat lagað þetta eftir.

Eitt af því fyrsta sem nýr starfsmannastjóri gerir í starfi var að loka fyrir að starfsfólki væri treyst á þennan hátt. Hún fór ofan í tímaskráningar og athugaði viðveruskra og komst að því að af tugum starfsmanna voru þrír til fjórir starfsmenn að misnota þetta traust gagnvart tímaskráningu.

Auk þess voru aðrir sem misskildu þann sveigjanleika sem hafði viðgengist, eða skildu hann rétt. Einn starfsmaður – og hugsanlega fleiri – þurfti stundum að hefja sinn vinnudag á fundum utanhúss vegna starf síns. Því kom fyrir að hann væri ekki mættur á skrifstofuna fyrr en síðar svo hann sló inn í tímaskráningu – eða viðveru - að hann hefði byrjað vinnudaginn klukkan níu hefði svo verið.

Þar sem starfsmannastjóri virtist ekki tilbúin til að treysta starfsfólki var tekið fyrir þennan möguleika kerfisins. Ef starfsmaður þurfti að byrja vinnudaginn á fundi úti í bæ gæti hann þá mætt hálf tíma fyrr á vinnustað til að stimpla sig inn og fara þaðan sinna erinda.

Reyndar var áfram hægt að skrá breytingartillögur í kerfið daginn eftir, en þá var sú færsla merkt með flaggi og var ætlast til þess að sett væri skýring sem starfsmannastjóri gæti yfirfarið og hugsanlega sannreynt.

Þetta var fyrsta skrefið til að breyta andrúmslofti trausts og virðingar innan stofnunarinnar. Þar sem þrír eða fjórir starfsmenn höfðu misskráð viðveru sína og höfðu komist upp með það, var lokað fyrir að tugum þeirra væri treyst. Væri nauðsynlegt að breyta tímaskráningu sinni eða viðveru yrði að gefa á því trúverðuga skýringu. Það var því áfram hægt að laga skráningar en aðeins undir eftirliti.

Þetta voru fyrstu skrefin í breyttum háttum gagnvart starfsfólki og vinnubrögðum. Vann starfsmannastýra að því að sett væri upp sú vinnuregla að allt sem gert væri hjá stofnuninni hvort heldur svör við tölvupósti, skýrslur eða hvaðeina sem gert væri, skyldi skrásetja með skilmerkilegum hætti inn í flókið og illa aðgengilegt upplýsingakerfi.

Allt skyldi skráð og eftirlit haft með öllu. Ég hef ekkert um það að segja sem slíkt. Opinber stofnun ætti að skjala störf sín með ábyrgum hætti. Hins vegar skyldi skjölun vera skilvirk og nothæf. Hún skyldi auka gegnsæi, starfsleikni og þekkingu stofnunar en hafa minna með stóra bróður að gera.

Var öllum starfsmönnum smalað á námskeið í áföngum til að læra á þetta kerfi, og flestir reyndu að tileinka sér það. Sjálfur gerði ég það eðlilega en sá mig tilneyddan síðar til að fara aðra leið fyrir skilvirkari og nákvæmari skjölun, sem verður útskýrð.

Þegar ég hóf störf fann ég út að starfsmenn tölvusviðs höfðu aðgang að sérstöku málakerfi til að skrásetja mál, svo sem verkbeiðnir, villubeiðnir og annað kerfistengt. Þetta var lítt

notað en ég vildi koma því í gang til að auka skilvirkni og vönduð vinnubrögð, í það minnsta á mínu verksviði. Tók langan tíma að fá yfirmenn stofnunarinnar til að skrá mál þarna. Í mörg ár hafði viðgengist að yfirmenn gátu slengt pappírssnifsum og stuttum samtölum inn á borð til forritara sem voru þá beiðnir um forrit, undirkerfi og sérlausnir. Fyrir vikið voru flest verkefni óskráð og högun þeirra munnleg. Fannst mér sem obinber starfsmaður að mér bæri skylda til að temja sjálfum mér faglega háttu hvetja til slíks.

Ofangreint ástand var höfuðorsök þess að flest tölvukerfi Fiskistofu voru í ólestri og óskilgreind. Það tók langan tíma að fá yfirmenn til að sætta sig við notkun faglegra vinnubragða en í lokin voru þeir flestir búnir að viðurkenna þessa þörf og farnir að sjá hag sinn í að nota kerfið, enda gagnast þessi nálgun á báða bóga.

„Þú átt að gera þetta hér, hvað verðurðu fljótur að þessu, það liggur á, þið eruð alltaf svo lengi að öllu.“ Var gamalþekktur söngur yfirmanna en með téðu verkferlakerfi fengu þeir tól í hendur til að skrá mál, skilgreina þau, tímasetja, fylgjast með framvindu. Þeir fengju þar ábendingar frá forriturum varðandi högunarskorður, sem þeir gátu brugðist við með ábyrgum hætti. Þannig var geranlegt að stórlega bæta vinnubrögð allrar stofnunarinnar hvað varðar upplýsingakerfi fiskveiðikvótans.

Málakerfi tölvudeildar var í stórsnjallt kerfi, með tilliti til einfaldleika, og furðu gegnir að það var nær ónotað þegar ég hóf þar störf. Það var smíðað af forritara sem var þar á sama tíma og ég. Kerfið hafði verið notað um tíma en smám saman höfðu forritarar vanist því að sniðganga kerfið og komist upp með það, enda beinlínis hvattir til bréfsnifsa högunar og áttu erfitt með þá þrákelkni sem ég gerðist sekur um. Eins og áður hefur komið fram er fólk með minn bakgrunn sem verktaki og vant að bera

ábyrgð á sínum verkum sjálft oft hugaðra við að róa bátnum í átt til bættri vinnubragða. Nokkuð sem var ætlast til af mér sé mark takandi á ráðningarsamtölum frá því ég var ráðinn.

Um leið og ég rakst á téð kerfi, sem daglega var nefnt *Steam*, skráði ég sem flest af mínum verkum í það jafnóðum. Í það minnsta beiðnir frá starfsmönnum og yfirmönnum varðandi bilanaleit og viðhald. Smáverkefni sem ég setti á minn eigin vinnulista fóru ekki öll þar inn í byrjun en eftir því sem tamara var að nota kerfið setti ég allt þarna inn sem máli skipti. Þar með var kominn vinnulisti með rekjanleika fyrir allt sem gert var.

Einn kostur slíks kerfis, sé það notað, var að auka hraða og gæði við lausnir um leið og það minnkar kostnað. Ég þrýsti því á um notkun þess, með virkum stuðningi samstarfsélaga á tölvusviði, enda góð vörn gegn álagi, tímapressu og gleymsku. Yfirmenn kvörtuðu hins vegar yfir frekjunni. Það tók hálf tann ári að opna augu þeirra, eftir marga fundi og andsvör við umkvörtunum þeirra, og tókst ekki fyrir en yfir kerfisstjóri gekk til liðs við mig að það var loksins virkjað sem almennt verkbeiðnakerfi. Það nýttist þá einnig að hluta til fyrir grunnskjölnun. Sú spurning vaknar, hvort þessi ábyrga nálgun hafi lifað af brotthvarf mitt frá Fiskistofu?

Hvað sem því líður var það einmitt starfsmannastýra, sú hin sama og krafðist að allt væri skjalað, sem lengst barðist gegn því að nota þetta kerfi og ætlaðist til þess að geta áfram sent beiðnir um verkefni í tölvupósti og væri hún beðin að skrá beiðnina inn í þá röð sem þarna var fyrir hendi það hún viðkomandi forritara að skrá það fyrir sig enda væri kerfið svo flókið.

Manneskjan sem krafðist þess að allt væri skráð í málaskrá var enn að neita að nota virkt og notadrjúgt verkefnakerfi um þær mundir sem ég var að hætta störfum. Hún streittist við að gefa munnleg fyrirmæli eða nota innanhússpóst til að senda beiðnir

um þjónustu eða sérlausnir við þau kerfi sem komu að hennar sérsviði. „Þetta er svo flókið, viltu vera svo vænn að skrá bara fyrir mig“ var jafnan viðkvæðið, með mjúkri röddu eftir atvikum.

Ég heyrði oft athugasemdir varðandi hitt skjölunarkerfið, sem var í Lotus Notes, að það útheimti mikinn vinnutíma við skjölun um atriði sem litlu máli skiptu í dagsins önn. Mörgum þótti að útkoma þeirrar skjölunar skilaði litlum árangri fyrir störf stofnunarinnar, en miklu fyrir þá sem hefðu sérstakan áhuga á stjórnun og Stjórnun. Einnig var mjög flókið að nota það með skilvirkum hætti.

Sem fyrr segir var nýráðin starfsmannastýra alúðleg við fyrstu kynni og okkar störf sköruðust með ákveðnum hætti. Líkaði ágætlega hennar framganga í fyrstu enda er starfsfólk yfirleitt sáttt við að hver og einn vinnur með sínu nefi. Þegar inn kemur ný manneskja í stöðu og maður hefur áður kynnst starfsháttum annarrar sem í sömu stöðu sættir maður sig við að nýir siðir fylgja nýjum herrum.

Það var á verksviði starfsmannastjóra að bera ábyrgð á þróun innri vefsins enda hann ætlaður að miklum hluta fyrir upplýsingar og aðgengi sem tengjast hennar starfi. Það spannar breiðara svið en mannauð eingöngu. Upplýsingar sem tengjast hennar starfi áttu því farveg á þeim vef. Þáverandi innri vefur Fiskistofu var þó slappur á þeim tíma enda ekki vanþróaður.

Innri og ytri vefir voru þannig úr garði gerðir að starfsfólk sem vann efni fyrir þá þurfti reglubundna þjónustu vefforritara því urðum við oft að eiga samskipti. Fyrsta árið sem ný starfsmannastýra er við störf hafði ég ekki undan neinu að klaga varðandi nálgun hennar við sín skilgreindu verkefni.

Ég tók eftir því þegar nokkur tími var um liðinn að skyndilega gjörbreytist hún í viðmóti í minn garð. Ég tók sterklega eftir þessu því hefði þetta verið almennur starfsmaður og ekki skarast beint við mitt starfssvið þá hefði mér þótt það í léttu rúmi liggja.

Starfsmannastjóri er ekki bara verkfæri yfirstjórnar til að stjórna starfsfólki, heldur aðili sem starfsfólk á að geta rætt við um sín störf og leitað til ef upp koma vandamál á vinnustað sem eru utan ábyrgðarsviðs stéttarfélags. Ef starfsmaður verður fyrir einelti á vinnustað er mikill fengur í því ef hægt er að leita til starfsmannstjóra varðandi það ástand. Starfsmaður þarf að geta borið virðingu fyrir mannauðsstjóra, en virðingu fylgir traust.

Traust eflir virðingu og virðing vekur traust. Bæði þessi hugtök eru mikilvægir þættir í mannlegum samskiptum. Bæði eru hluti af samsetningu og stoðum heilbrigðs samfélags utan sem innan vinnustaða. Mannauðsstjóri sem býr að mikilli menntun sig til síns hlutverk, hlýtur að hafa á þessu í það minnsta sömu ef ekki meiri þekkingu en maður *af mínu tagi*. Skyldi maður ætla.

Ein af skilgreiningum eineltis er sú að starfsfólk sniðgengur einstaka starfsmenn á áberandi hátt. Þessi tiltekni yfirmaður þurfti oft að eiga við mig samskipti, vegna skörunar á starfssviðum okkar. Störf okkar kröfðust þes að við þyrftum að starfa samhliða vegna einstakra mála. Hún hafði ævinlega heilsað mér af alúð á almannaþæri svo sem göngum stofnunarinnar og í matstofu. Um tíma lagði hún sig eftir að vinna traust mitt og virðingu.

Skyndilega hættir hún að heilsa mér ótilneydd. Til dæmis kom fyrir að ég og fleiri starfsmenn vorum af tilviljun staddir við kaffivél og ræddum þar störf okkar, kæmi hún þar að var öllum viðstöddum heilsað nema mér. Tók fólk vel eftir þessu. Þetta ástand var viðvarandi til þess dags er ég segi upp. Þá kvaddi hún mig með heillaóskum og virktum.

Þetta var fyrsta merkið þess að hafið væri persónulegt einelti í minn garð. Þó mér hafi sárnað á þeim tíma lét ég mér í léttu rúmi liggja í byrjun. Eðli starfs míns var með þeim hætti að ég hafði ekki mjög mikil samskipti við annað starfsfólk svo ég bjóst við að geta þolað þetta vel ef ástandið ágerðist ekki.

Ég var einn þeirra starfsmanna Fiskistofu sem reykti. Reyndi ég að stilla reykingum í hóf yfir daginn. Eftir að eineltið hefst kallar starfsmannastjóri mig á formlegan fund hjá sér og tilkynnir mér kuldalega „það er ótækt þegar einhver reynir að hringja í þig í innanhússíma stofnunarinnar og þú ert ekki við símann.“

Koma þarf fram að fyrir forritara getur næði verið gulls ígildi þegar upphuga þarf lausnir við flóknum vandamálum. Of er þá gott að lækka í símanum svo maður hafi næði til að hugsa, enda sér maður á símanum hver hringdi og getur fljótt hringt til baka. Þá voru farsímar allra starfsmanna skráðir í viðverukerfið og auðvelt að ná sambandi við aðra starfsmenn ef mikið lá við.

Eins og með alla starfsmenn sem reykja, reynir maður að stilla þeirri þörf sinni í hóf. Auk þess sem hægt er að sjá á símanum ef einhver reynir að hringja, þá er alltaf hægt að ná í mann í farsíma. Hér má vel koma fram að forritarar sem reykja nota oft reykingapásur til að að hugsa í næði um lausnir.

Forritarar gera sér far um að setja þannig upp starfsaðstæður sínar að þeir verði fyrir sem minnstu ónæði þegar þeir einbeita sér að lausnum en séu aðgengilegir þess á milli. Minn sími var stilltur á að blikka ef hann hringdi og ég svaraði honum strax væri ég ekki með hausinn á kafi í lausnaþróun. Að öðrum kosti hringdi ég til baka undir eins og því var við komið. Fram til þessa hafði enginn kvartað yfir þessum vinnubrögðum mínum né annarra forritara á tölvusviði.

Margar af mínum bestu lausnum hafa einmitt verið upphugsaðar úti undir beru lofti. Skrýtið sem það kann að virðast. Sumir forritarar sem ekki reykja hafa jafnvel komið út í pásur til þess eins að íhuga lausnir „utan við starfsumhverfið“ en það er þekkt leið í aðferðum „Lateral Thinking“ að lausn á flækjum sé oft best fundin með því að skipta um umhverfi í fáeinar mínútur. Þess vegna er oft sem forritarar spjalla saman við kaffivél, það dreifir huganum og auðveldar einbeitningu.

Var ég því undrandi þegar starfsmannastýra bætir við „það er ótækt að ekki sé hægt að sjá í viðverukerfi hvort þú ert á skrifstofunni eða ekki þegar hringt er í þig útaf einhverju.“

Hér vil ég bæta við ég fékk sjaldan meira en tvö símtöl á dag frá starfsfólki innan stofnunarinnar. Yfirleitt sendi fólk tölvupóst ef eitthvað var áriðandi, og þar með var beiðni um lagfæringar skráð þó ófullkomið væri. Einnig hafði ég bent sumum á að ég nota innhólfið mitt sem minnislista handa mér yfir atriði sem þyrfti að sinna. Ennfremur vissi fólk og hafði vanist að ég brást ætíð við slíkum beiðnum við fyrsta mögulega tækifæri.

Ég skildi því ekki hvaða upphlaup var í starfsmannastýru. Mitt starf og starfshættir voru þess eðlis að ég var nær alltaf tiltækur og sinnti öllu sem ég var beðinn um. Þetta vissu allir sem höfðu kynnst starfsháttum mínum, einnig þessi manneskja. Ég var eiginlega alltaf á staðnum, nær aldrei lasinn og tók nær engin orlof nema stöku orlofsdag.

Ég hafði undanþágu frá mínum yfirmanni varðandi mætingartíma á morgnana. Þar sem ég *þyrfti sjaldan að vera við síma* hafði ég leyfi til að mæta síðar á morgnana en aðrir starfsmenn. Þetta hafði oft verið rætt á milli mín og yfirmanns tölvusviðs. Svo fremi sem ég skilaði mínum vinnutíma þá væri hann ekki með smámunasemi á hvaða tíma væri unnið. Samkvæmt tímastimplun

minni fyrir allt það tímabil sem ég vann hjá Fiskistofu skilaði ég fleiri vinnustundum en ætlast var til.

Það var hefð fyrir því á tölvusviði að starfsmenn sviðsins höfðu fyrrgreindan sveigjanleika og satt að segja hentaði mér það fyrirkomulag vel. Þá er slíkt fyrirkomulag algengt meðal starfsstéttarinnar. Mitt aðal áhugamál utan vinnutíma er þjálfun og ræktun leitarhunda, sem ég hef sinnt af kostgæfni með ágætum árangri árum saman, því var gott að vita af því yfir sumartímamann að ég hefði vissan sveigjanleika vegna dýranna minna. Var ég tilbúinn að leggja harðar að mér í starfi fyrir þann skilning og hafði sýnt þann vilja í verki.

Þó flestir starfsmenn Fiskistofu væru oftast mættir á milli átta og níu á morgnana kom því oft fyrir að ég mætti á milli níu og tíu. Hafði aldrei nokkur maður gefið í skyn að þetta þætti óeðlilegt. Einnig var algengt að ég væri mættur snemma. Sem fyrr segir hentaði þessi sveigjanleiki vegna dýranna minna en þau þurfa viðrun og hreyfingu á morgnana áður en þau fara í búrin sín yfir daginn. Auk þess sem ég hafði svipaðan sveigjanleika í hádeginu af sömu ástæðum. Hádegis sveigjanleiki var reyndar hefð hjá stofnuninni og tók til flestra starfsmanna, en á tímum nýs starfsmannastjóra var reynt að vinda ofan af því. Var þetta fyrirkomulag, eftir því sem mér skildist, margrætt og í sátt.

Þetta fyrirkomulag kann að hljóma skringilega fyrir venjulegan daglaunamann en svo er ekki í meðal forritara. Almennt er það hluti af ráðningar- og starfssamkomulagi fólks í upplýsingatækni að hafa sveigjanleika í mætingu. Nýlega átti ég samræður við verkefnisstjóra í gamalgrónu Íslensku hugbúnaðarfyrirtæki sem benti á að sinn reyndasti forritari ynni svo til eingöngu á nóttunni.


Einnig er algengt að forritarar sem hafa áunnið sér traust fái að vinna hluta sinnar vinnu að heiman. Á þeim tíma sem ég var hjá Fiskistofu var einn forritari teymisins staðsettur á Austfjörðum, við áttum með honum símafundi í gegnum okkar tölvur eða innra netið. Enginn fann til þess að hann væri fjarverandi. Starf hugbúnaðarmanna er þess eðlis að strangt til tekið geta þeir allir fjarunnið 90% til 98% af sínum störfum. Færist það ástand í vöxt hérlendis og víða um heim.

Á téðum fundi með starfsmannastjóra segir hún við mig „þú átt að mæta fyrr á morgnana og átt að skrá í viðverukerfi stofnunarinnar í hvert sinn sem þú stendur upp frá tölvunni og ferð út að reykja. ef einhver samstarfsmaður reynir að ná í þig í síma geti hann séð í viðverukerfi hvort þú sért við störf eða ekki.“

Ég kannaði málið meðal annarra starfsmanna sem reyktu. Í ljós kom að ég var sá eini sem ætti að skrá í viðveru þegra ég færi út að reykja. Ég fór að fundi loknum beint til míns yfirmanns, sviðsstjóra tölvusviðs, og spurði hann hvaða nýja stefna það væri að ég eini starfsmaður Fiskistofu ætti að tilkynna ef ég færi út að reykja. Hann horfði á mig og svaraði „þú ert að grínast?“

Ég sagði honum að ég kæmi beint af fundi með starfsmannastjóra þar sem hún hefði tilkynnt mér að ég skyldi skrá í viðveru í hvert sinn sem ég færi út að reykja. Hann horfði andartak á mig og svaraði „áttu líka að stimpla í viðveruna þegar þú ferð á klósettið?“

Á næstu dögum var gert góðlátlegt grín að starfsmannastjóra innan tölvusviðs. Vel kom fram í samræðum manna á millum, að tiktúrur hennar sem þann daginn snéru gegn einum okkar gætu hvenær sem er snúist gegn fleirum.



Ég ræddi mætingartíma minn við yfirmann tölvusviðs við þetta tækifæri. Eins og áður segir höfðum við margrætt það atriði og áréttaði hann að enn væri í gildi okkar fyrra samkomulag. Ég ákvað þó að fara að tilmælum starfsmannastýru varðandi mætingartíma. Kröfu hennar um viðveruskráningu fyrir reykingar virti ég að vettugi.

Þó vinnufélagar mínir gætu grínast með þetta mál, þá var mér alls ekki skemmt. Fleiri þættir voru í gangi sem greinilega voru sniðnir að því að gera mér erfitt fyrir á vinnustað. Það var augjóst að ég væri sérstaklega tekinn fyrir og vil því minnst á annað dæmi.

Fólk sem vinnur í nútíma fyrirtækjum notar tölvu við flest störf. Tölvupóstur er notaður í sívaxandi mæli í stað þess að hringja eða koma við hjá vinnustöð samstarfsmanns og ræða um vinnuþætti eða annað sem minna þarf á. Yfirleitt þykir viðeigandi í nútíma vinnuháttum að svara tölvuskeytum sem fyrst og í það minnsta láta vita að skeyti sé mótttekið eða á annan hátt eiga samskipti. Eins og fram kom hér á undan nota ég innhólfíð sem minnislista yfir smærri atriði sem sinna þarf. Með öðrum orðum er fólk meðvitað um kurteisisreglur og framkomu í gegnum þetta mikilvæga samskiptatæki. Ef eitthvað er fer þessi samskipta- og starfsmáti vaxandi.

Þegar fólk á í samræðum sín á milli kemur æ oftast upp setning á borð við „sendu mér tölvupóst um þetta“ því fólk vill fá skeyti inn í minnishólfíð. Tölvusamskipti er virkt verkfæri viðskiptalífsins og í almennum vinnubrögðum. Í þessu samskiptaformi gilda því kurteisisreglur, eins og í öðrum samskiptum og framkomu.

Fólk skrifar ekki tölvupóst í hástöfum. Það þykir dónaskapur og ófaglegt. Háskólamenntað fólk hefur vanist námi, oft árum saman, að nota tölvur við nám og síðar við störf. Starfsfólk sem



er vant tölvunotkun skrifar ekki óvart í hástöfum. Enginn lætur frá sér fara tölvupóst nema renna fyrst augum yfir það sem var skrifað áður en það er sent. Þetta er til að leita að ritvillum, faga orðalag og gæta virðingar, eða aðgæta hvaða upplýsingar eru settar inn. Þetta þekkir tölvulæis nútímamaður og einnig ómenntað starfsfólk sem notar tölvu við dagleg störf. Maður getur ekki tekið til baka tölvupóst sem hefur verið sendur og hann er hluti af framkomu.

Til gamans má nefna Facebook, sem notað er daglega af fólki sem ekki er tölvuvant. Fólk sneiðir hjá að lesa stöðulínur sem eru í hástöfum. Það þykir óvandað og jafngildir því að hrópa á almannaferi. Sá sem skrifar skilaboð og stöðulínur í hástöfum þykir óheflaður í framkomu og sýna yfirgang, eða kjánaskap, að hafa ekki yfirlesið textann áður en ýtt var á sendihnapp. Stundum er hástafapósti jafnvel líkt við athyglissýki.

Fólk er enn meira meðvitað um þetta við dagleg störf í fyrirtækjum. Reglan er yfirleitt sú að ef eitthvað er skrifað í hástöfum jafngildir það skömmum og jafnvel að öskrað sé á viðtakanda í reiðikasti. Ég hef séð afsökunarbeiðnir frá aðilum sem höfðu flýtt sér við að skrifa og óvart sent í hástöfum. Það hafði stutt á „Caps Lock“ hnapp án þess að taka eftir því. Fólk biðst yfirleitt afsökunar á því að „hafa óvart öskrað“ með þessum hætti.

Þetta gerðist ítrekað í skeytum frá starfsmannastýru í minn garð. Hún sendi mér ítrekað tölvuskeyti í hástöfum, jafnan með afriti til míns yfirmanns. Var þá um að ræða gagnrýni á mín störf, og jafnvel tölvusviðs með yfirlýsingum, á borð við að ekki gengi upp að vinna eins og unnið væri. Ég á afrit af þessum skeytum í Lotus Notes afriti sem ég tok þegar ég hætti hjá Fiskistofu.

Yfirmaður tölvusviðs gerði góðlátlegt grín að þessu og sagði fyrir framan aðra starfsmenn „það er verið að skrifa Elíasi tölvupóst í hástöfum.“

Fullt nafn mitt er Guðjón Elías og fólk notar bæði nöfnin jöfnum höndum, flestir á Fiskistofu notuðu þetta nafn. Ég leit á minn yfirmann og spurði „hvað er að því?“

„Það jafngildir því að hún öskri á þig frammi á gangi í vitna viðurvist. Sérstaklega þegar það er sent í afriti til annarra.“

Ég sat þetta af mér, en framkoma þessa yfirmanns íþyngdi verulega. Álag við störf mín var mikið og yfirstandandi barátta fyrir dómsstólum höfðu samlegðaráhrif. Var tilfinningalegt úthald mitt í takt við þær áhyggjur og óvissu sem hvoru tveggja skapaði.

Ég einbeitti mér því enn meir að störfum mínum. Oft er hjálp í því þegar maður er undir álagi að einblína á atriði sem eru utan við mann sjálfan. Ég vildi skila verkefnum mínum þannig af mér að ég gæti verið stoltur af þeim, ekki bara sáttur við þau heldur stoltur af þeim. Í öllum þeim ólgusjó sem tilveran var við þessar aðstæður var viss hugarfró að sjá árangur af starfi sínu.

Yfirleitt eru forritarar látnir í friði við störf sín. Starfsfólk hefur mest samband við þá varðandi villur eða notendapjónustu, eða annað nauðsynlegt. Yfirleitt eru þeir utarlega í félagshringjum og hafa sinn eigin félagshring þar sem þeir geta rætt sín áhugamál sem yfirleitt eru tæknilegs eðlis. Því var sú framkoma sem hér er lýst frekar áberandi, ekki bara frá mínum bæjardyrum heldur allra starfsmanna tölvusviðs.

Þetta er því grunnurinn á því hvernig starfsmannastýra og fólk í hennar félagsneti innan stofnunarinnar var farið að líta mig hornauga. Ég hafði í fortíð míns einkalífs beðið skipbrot og orðið

á í messunni. Ég vann úr því á þann hátt sem ég kunni best. Hver sá sem kann á Google getur flett þeim atburðum upp, hafi viðkomandi á annað borð meiri áhuga á mistökum í fortíð fólks en hvernig þeir vinna úr henni.

Átti ég því auðvelt með að skilja að *sumt fólk* kynni ef til vill að móta illa ígrundaða afstöðu til mín vegna þessa, enda um alvarlegan ofbeldisverknað að ræða. Ég hef aldrei reynt að fela þann atburð, aldrei reynt að réttlæta hegðun mína heldur þvert á móti axlað ábyrgð og sýnt hana í verki. Mér þótti því skiljanlegt þó sumt fólk myndaði persónulega afstöðu til mín á grundvelli einhvers sem það læsi um mig og mína sögu á Vefnum. Kom mér hins vegar á óvart að vel menntað og lífsreynt fólk á borð við Fiskistofustjóra og Mannauðsstjóra, létu persónulegar tilfinningar sínar yfirskyggja faglegu nálgun og mannlega virðingu, sérstaklega á opinberum vinnustað. Kom mér á óvart að Fiskistofustjóri tæki svo áhugaverða afstöðu sem síðar kom á daginn.

Sem fyrr segir er Árni Múli Jónasson fyrrum starfsmaður Umboðsmanns Alþingis, sérmenntaður í alþjóðalögum mannréttinda, í það minnsta tvívegis hefur hann starfað fyrir Rauða krossinn. Hann er almennt vel að sér um mannlega þætti lífsins, annars hefði hann ekki verið tækur sem Bæjarstjóri á Akranesi, en slík staða gerir miklar kröfur um innsæi í samfélag og mannlíf. Hann setur sig í forgrunn mannréttindamála á pólitískum vettvangi kosningavorið 2013. Hann eyðilagði minn starfsframa með virkum hætti og fótumtróð rétt minn sem opinbers starfsmanns á sínum tíma. Þetta er þvert á allt sem hann gefur sig út fyrir að vera, og þvert á þau gildi sem Ísland okkar samtíma er að byggja upp.

Þessi orð mín eru sögð án biturðar og reiði, en rétt er rétt og annaðhvort er heiður mikilvægur eða hugtak í sögubókum.

Ég var því fyrst og fremst undrandi á þeim skorti á yfirvegum sem ég varð vitni að. Vissulega var ég tilfinningalega sár um tíma eins og ætíð þegar maður er skotsþónn þungra og óverðskuldaðra spjóta. Ég hef þó gætt þess síðustu þrjú árin að vinna úr tilfinningum mínum og beðið með að segja sögu mína til að geta staðið við ofangreinda fullyrðingu. Ég geri mér fag um að koma faglega fram við allar aðstæður sem ég hef tök á, hverjar svo sem skoðanir mínar á fólki eru. Þannig hef ég lifað mínu lífi. Hvar væri Íslenskt viðskiptalíf og stjórnkerfi ef virðing og kurteisi, í það minnsta faglega, væri ekki í heiðri haft?

Ég er ekki eini Íslendingurinn sem hefur beðið skipbrot eða gert mistök í sinni fortíð. Ef við sem samfélag horfum eingöngu á mistök fólks og neitum því um tækfæri til að sýna hvernig það vinnur úr sínum mistökum eða hvernig það axlar á þeim ábyrgð, eða hvort það hafi ræktað sinni betri mann í kjölfarið, hvernig fer þá fyrir okkur þegar sá dómur snýst að okkur sjálfum? Hvernig viljum við stefna okkar samfélagi til jákvæðrar uppbyggingar? Umfram allt spyr ég hvort Fiskistofa sé eina ríkisstofnunin sem vinnur með þeim hætti að fagleg nálgun, eða skortur á henni, sé dulin undir yfirveguðu og innantómu orðagjálfi?

Það eru margir Íslendingar sem þykja leiðinlegt og óþægilegt fólk í viðkyrningu. Sjálfsagt þykir þó að fólk fái haldið og geti inn sín störf af hendi með virðingu og í jafnrétti. Það þykja einmitt vera hluti eðlilegra mannréttinda. Því mun ég í næsta kafla koma nánar að því hvernig fyrrgreindu eineltisástandi lauk, hvernig ég var með beinum hætti þvingaður til uppsagnar, hvernig stéttarfélag mitt brást tvívegis skyldum sínum, hvernig Vinnuálastofnun misbeitti valdi sínu í minn garð, og hví ég afréð að segja mína sögu. Þá mun ég segja frá því hvernig svipjuð aðferð hafði áður verið notuð til að bola burt einni starfskonu stofnunarinnar. Konu sem var vel metin af samstarfsfólki sínu.

Eitt af því sem gaf mér til kynna að eineltið væri komið á alvarlegt stig var þróun innri vefs Fiskistofu. Hálfu ári áður en upp úr sauð var send tilkynning til starfsmanna þess erindis að Fiskistofustjóri hefði skipað sérstakt teymi til að undirbúa þróun Innri vefs. Eins og fram hefur komið var þegar til Innri vefur en hann var lélegur og öllum starfsmönnum ljóst að gera þurfti nýjan.

Sé starfslýsing mín borin saman við starfslýsingu annarra forritara stofnunarinnar og þá sérstaklega eðli minna starfa var hverjum manni ljóst að vefforritari Fiskistofu væri mikilvægur aðili til að taka þátt í þróun innri vefs. Áður en eineltið hófs hafði starfsmannastýra fengið mig með sér á fundi hjá öðrum stofnunum til að skoða sambærilegar lausnir sem lið í undirbúningi þessarar þróunar. Skyndilega var gefin út tilkynning um að búið væri að skipa í teymi, að fyrirliði þess væri starfsmannastýra ásamt yfirkonu Upplýsingasviðs. Eini forritarinn í teyminu var forritari sem í engu kom nálægt vefsíðugerð heldur var sérhæfður í ákveðinni Oracle viðmótstækni. Var mér skyndilega og með áberandi hætti ýtt til hliðar og var öllu starfsfólki það ljóst.

Teymið hittist reglulega og téður forritari spurði mig öðru hvoru, undir fjögur augu, út í atriði sem ég þekkti til. Kom ég þá að í samtölum, við hann og aðra starfsmenn á tölvusvæði, þeim grun mínum að þær væru líklega búnar að ákveða fyrirfram að nota skyldi útvistun fyrir þróun innri vefs. Þegar síðar kom á daginn að grunur minn var á rökum reistur, kom upp reiði í teyminu og kom ýmsum á óvart að teymisvinnan var fyrirsláttur og að öll fundavinna þess var sniðgengin. Vissi ég á þeim tíma, og hafði útskýrt fyrir þessum konum í tengslum við önnur verkefni, að útvistun verkefna Fiskistofu myndi ekki ná fram sparnaði á tíma né fé eins og þá var unnið hjá stofnuninni. Veit ég fyrir víst að síðari þróun á innri vef sannaði mál mitt, en það er utan efnistaka þessarar bókar.

Einföld ástæða lá að baki þess að mig grunaði frá upphafi að útvistun yrði raunin. Ég hafði unnið náið með þeim yfirmönnum sem þarna báru ábyrgð og þekkti vinnubrögð þeirra og viðhorf vel. Mér þótti því augljóst hvert þær stefndu. Að sniðganga alla þá þekkingu og fagþróun sem tölvusvið hafði byggt upp, sýna aðal sérfræðingi stofnunarinnar fullkomna lítilsvirðingu og sóa almannafé auk þess að lítilsvirða faglega nálgun, var *því miður* nokkuð sem ekki kom á óvart.

## 9. Kafli. Einelti og ótti

Ég vildi óska að eðli sögunnar leyfði mér að láta einn kafla duga en þetta er stórt málefni. Flestir sem lenda í uppákomum af þessu tagi bíta á jaxlinn og bera harm sinn í hljóði. Þannig virkar þöggun. Valdafólk getur misbeitt valdi í trausti þess að hinn almenni maður kærir sig ekki um athygli og rjúfi því ekki þagnarmúrinn. Fólk óttast einnig að rugga bátnum sé það í atvinnuleit. Eðli míns starfs var af þeim toga að erfitt er að útskýra söguna með einföldu sniði. Þá er fólki sem lítinn áhuga hefur á tölvutækni erfitt að setja sig inn í sögu af því tagi þar sem tæknimál er ábrenni og því er maður ekki viss hvort taki því að skrifa hana, því skyldi fólk nenna að setja sig inn í það sem fjallað er um?



Sjálfur hef ég reynt að skilja þetta mál eftir í fortíðinni og reynt að láta kjurt liggja en nú þegar mitt fjórða ár í atvinnuleysi er að hefjast er mér ekki þögnin fær lengur. Ég er trúaður maður og trúí að breytni okkar skipti máli. Ég hef ígrundað þetta mál upp á síðkastið og komist að þeirri niðurstöðu að gildi minnar trúar krefjist þess af mér að standa með þeim gildum og leita leiða til að koma þessari sögu lengra. Treysti ég höfundu minnar trúar, sem verið hefur mér styrkur í dimmum dal, að leiði að endingu til góðs.

Eftir því sem á leið í starfi varð mér meira ágengt að þróa nýjan vef Fiskistofu og fasa gamla vefinn út. Ég hafði aflað mér virðingar minna vinnufélaga fyrir vel unnin störf. Vinnufélagar á tölvusviði vissu hve ókleifan vegg ég hafði klifið.

Yfirmaður Upplýsingasviðs sem ég hef áður vitnað í var bráðkvaddur á vinnustað okkar. Sem fyrr segir er hans minnst með hlýhug og virðingu. Yngri kona tók við hans starfi en hún hafði starfað áður hjá stofnuninni. Er hún skelegg, greind og dugandi manneskja sem er á hraðferð upp metorðastigann.

Rúmu ári áður en ég hætti, og nýr starfsmannastjóri hafði tekið til starfa kom upp áhugaverð staða hjá stofnuninni. Eins og hjá öllum fyrirtækjum kemur upp árlegt tímabil sumarleyfa. Þá er ráðið inn fólk til afleysingastarfa yfir það tímabil.

Þetta vor er ráðin inn manneskja til að sinna afleysingum. Eitt af því sem hún þurfti að sinna var símsvörun, skráningar í upplýsingakerfi og annað því skylt. Er ég ekki sérfræðingur í starfsemi stjórnunarsviðs sem bar ábyrgð á þessum starfshluta. Síðar um sumarið kemur ein af þeim manneskjum sem hún var að leysa af úr sumarleyfi og önnur fer í sumarleyfi í staðinn. Allt eftir vanabundnum starfsreglum.

Þá kemur upp sú staða að afleysingamanneskjan var látin gegna stærra ábyrgðarhlutverki í störfum sömu deildar sem hefur þær afleiðingar að sumarafleysingastúlkan var tekin framfyrir fastráðnu konuna sem hún hafði áður leyst af. Konan sem þarna kemur úr sumarleyfi lét sér líka illa þetta fyrirkomulag og láí henni hver sem vill. Hún hafði starfað á stofnuninni árum saman og sinnti starfi sínu á þann hátt sem hún best kunni. Vissi hún ekki betur en að ánægja ríkti með hennar störf. Þegar hún sýndi óánægju sína yfir að vera ýtt til hliðar vegna sumarafleysingakonu kallaði starfsmannastýra hana á fund og notaði starfslýsingu og ráðningarsamning hennar til að skikka hana til að gera eins og henni væri sagt.

Konunni þótti að sér vegið og sér ógnað. Það er í mannlegum veruleika að óttast um stöðu sína og starf við aðstæður sem þessar. Um leið kemur upp stolt þegar annað fólk beygir mann til undirgefni. Fyrir vikið var dálítill ólund í kringum hana í kjölfarið. Við sem unnum á stofnuninni vissum af þessu máli, og mörg okkar heyrðu starfsmannastýru réttlæta ofbeldi sitt í hennar garð. Við tókum öll hlutlausu afstöðu eins og venja er við slíkar aðstæður, því fáir vilja rugga bátnum og beina kastljósinu að

sjálfum sér. Fólk almennt skiptir sér ekki af því sem það *heldur* að komi sér ekki við. Menn voru þó almennt undrandi á hvernig sérmenntaður mannauðsstjóri tók á hinum mannlega þætti. Meðal annars tók hún sum okkar á eintal að fyrra bragði beinlínis til að réttlæta fyrir okkur sína afstöðu í þessu viðkvæma máli.

Konunni leið sífellt verr í starfi og hún var skikkuð til að sinna starfshlutfalli sem var í hennar augum skref niður virðingarstigann. Greinilegt var að henni þótti mjög að sér vegið enda afleysingastúlkan látin sinna áfram þeim störfum sem hún sjálf hafði hingað til sinnt. Hafa ber í huga að um störf voru að ræða sem ekki kröfðust sérstakrar menntunar og getur skipt máli fyrir ómenntað starfsfólk minnsta breyting á starfshögum og virðingarstiga innan stofnunar.

Var ólund hennar orðin áberandi og endaði með því að þáverandi Fiskistofustjóri, vafalítið eftir ábendingar frá starfsmannastýru, veitti konunni tital. Sagt var meðal starfsfólks að hann hafi veitt henni áminningu en það er óstaðfest – en opinber skrifleg áminning er næsta skref á eftir boðunarbréfi forstöðumanns í ferli uppsagnar.

Þegar konan fann aukinn kulda yfirstjórnar í sinn garð og frá svo valdamiklum aðilum sá hún sér þann kost vænstan að segja upp störfum. Þetta er sambærileg aðferð og var síðar beitt á mig. Ég fékk frá Fiskistofustjóra svokallað boðunarbréf þar sem ég mér er tilkynnt um yfirvofandi áminningu í starfi. Þá hafði ég legið undir því einelti sem áður hefur verið útskýrt í um það bil ár.

Starfshættir gera ráð fyrir því samkvæmt lögum og reglum um opinbera starfsmenn að áður en starfsmanni er sagt upp sé honum ritað boðunarbréf. Þar fær hann aðvörun um yfirvofandi áminningu og þar með gefið tækifæri til andmæla og að taka sig á í starfi þyki ástæða vera til.

Svo allt sé eftir kúnstarinnar og laganna reglum er þetta gert til að tryggja að yfirmenn stofnunar geti ekki látið persónulega afstöðu sína ráða ferðinni varðandi framgang sinn við starfsfólk. Er þetta fyrirkomulag ætlað til að vernda mann- og starfsréttindi starfsfólks.

Sem fyrr segir var starfandi Fiskistofustjóri sem nú beitti sér að mér menntaður lögfræðingur, með sérmenntun í mannréttindalögum frá Svíþjóð, og hefur meðal annars starfað sem lögfræðingur á skrifstofu Umboðsmanns Alþingis sem einmitt er einn helsti aðilinn sem opinberir starfsmenn *eiga að geta snúið sér til* telji þeir vera brotið á sér í starfi.

Ítreka ég þetta til að draga fram hve öflugur aðili var að bola mér úr starfi. Erfitt hefði reynst hverjum sem er, án utanaðkomandi stuðnings, að verjast þeim mótbyr. Eins og sagan hefur þegar dregið fram var ég aðfram kominn tilfinningalega þegar þarna var komið sögu og fékk engan faglegan né félagslegan stuðning, hvorki þá né síðar.

Í boðunarbréfi Fiskistofustjóra var mér tilkynnt að bréfið væri undanfari áminningar, sem aftur væri undanfari þess að mér yrði vikið úr starfi. Kemur fram í boðunarbréfinu að slíkt sé til íhugunar af hans hálfu. Allt mjög lög-faglega orðað.

Dregur hann sérstaklega fram að mér hafi orðið á trúnaðarrestur. Ég hafi ekki tilkynnt yfirmanni um að áður en ég hóf störf hafi ég gerst sekur um refsivert athæfi í mínu einkalífi. Ég hefði farið í gegnum réttarkerfið og fengið lokaniðurstöðu í dómsmáli án þess að gefa það til kynna við yfirmann. Væri þetta alvarlegur trúnaðarrestur í augum Fiskistofustjóra.

Þá tekur hann fram að *ýmsum starfskonum* stofnunarinnar þyki óþægilegt að vita til að þær starfi *með manni af mínu tagi*. Þá er

minnst á að uppi séu efasemdir um hvernig ég sinni mínu starfi og mínu faglega ábyrgðarhlutverki.

Undrar mig enn í dag að svo reyndur og vel menntaður maður hafi ekki fyrst valið leið viðtala í byrjun til að rýna svo stór og viðkvæm mál og leita leiða sem væri ásættanleg fyrir alla hlutaðeigandi og þá ekki síst stofnunina. Séu fullyrðingar mínar um faglega hætti tölvusviðs réttra, og sé lýsing mín á eigin framlagi rétt, hef ég án nokkurs vafa verið einn færasti forritari sem stofnunin hefur haft í starfi. Ég ekki aðeins fullyrði þetta heldur á ég rétt og að látið sé reyna á það, öll frásaga mín kallar eftir því að ég sé gerður ómerkur þessara orða ef hægt er. Furðar mig ennfremur að maður sem sannanlega hefur misnotað vald sitt á þann veg sem ég held fram, og misboðið þeim gildum sem hann gefur sig út fyrir, skuli á pólitískum vettvangi reyna að ávinna sér traust kjósenda.

Boðunarbréf er undanfari áminningar eða aðvörðun þess að yfirmaður sé að íhuga yfirvofandi áminningu. Þá fær starfsmaður í fyrsta lagi tækifæri til að svara ásökunarefnum og gefa yfirmanni færi á að endurmóta sína afstöðu. Ef starfsmaður sér að hann þurfi að taka sig á í starfi þá hefur hann færi á – eða svigrúm – til að gera það. Þannig er starfsmanni gefið svigrúm til að forðast áminningu eða bregðast við henni í tæka tíð meðal annars með því að skrifa svar við boðunarbréfi.

Eðlilega brást ég við boðunarbréfinu á þann eina veg er háttvísi býður, með andmælubréfi. Ritaði ég Fiskistofustjóra ítarlegt bréf þar sem ég rakti mitt sjónarmið varðandi hvert atriði sem bréf hans tiltók. Til dæmis leit ég á og geri enn, að þar sem refsibrot mitt úr fortíðinni væri á sviði heimilisofbeldis og gæfi engu gæfi til kynna ástæður til að efast um heilindi mín í starfi, auk þess sem dómskerfið var að vinna í mínum málum megnið af mínum starfsferli hjá stofnuninni, hefði mér þótt ótilhlýðilegt að rugga

bátnum að óþörfu þar til fullnaðardómur í mínu máli fengist, sem þá var reyndar nýkominn fram.

Rétt er að taka fram að boðunarbréf barst mér í sama mund og dóms- og afplánunarmál voru útkljáð. Var ég enn að melta með mér hvernig best væri að ræða þau við minn yfirmann, með tilliti til álags við smíði nýja vefsins. Útgáfa vefsins var komin yfir erfiðasta hjallann sem einmitt bar upp á sama tíma og boðunarbréfið barst. Í rauninni var Fiskistofustjóri degi á undan mér, því ég hafði ráðgert fund með yfirmanni mínum daginn eftir, en hvað um það.

Benti ég honum á að ég hafði geymt mér að ræða þessa hluti þar til allar staðreyndir málsins væru ljósar til fulls, í því skyni að eyða óvissu og þannig einfalda og skýra línur. Hefði ég viljað vita með vissu hve lengi ég yrði frá störfum vegna afplánunar *ef til hennar kæmi*. Bar þetta allt upp á sama tíma.

Það er erfitt að segja við yfirmann að maður fari einn daginn í afplánun, ef maður veit ekki hvort af henni verður, hvað þá ef ekki er ljóst hvort hún verður til lengri eða skemri tíma, né heldur ef óvíst er hvort hún verði með þeim nútímalega hætti að hægt sé að stunda vinnu samhliða.

Notaði ég því tækifærið í mínu bréfi og baðst formlega afsökunar á *þeirri yfirsjón* að hafa láðst að sýna yfirmönnum það traust að hafa þá með í ráðum. Sem er ein leið í kristlegu mannréttinda-samfélagi til að biðjast fyrirgefningar. Sumum kristnum einstaklingum þykir fyrirgefning og iðrun vera úrelt, því miður fer þeim fjölgandi.

Sama dag las ég lögin um opinbera starfsmenn og rak augun í að ýmsar leiðir eru þar tilgreindar til að geta sagt starfsmönnum upp ef yfirmenn vilja losna við þá. Trúnaðarbrestur er ein af

þeim ástæðum sem nota má, og sé ég við lestur þeirra laga að ég var ekki brotlegur við neinn þátt sem lögin tilgreina. Auk þess að trúnaðarbrestur er mjög víð skilgreining og á gráu svæði. Mat ég því boðunarbréf Fiskistofustjóra, ásamt því einelti sem ég hafði þolað undangengið ár, að öll spjót stæðu á mér og að yfirstjórnin væri ákveðin í að láta mig, *mann af mínu tagi*, hverfa frá störfum.

Hér er rétt að taka fram að eftir það mikla álag sem ég hafði starfað undir, við þróun nýja vefsins og hagræðingu gamla kerfisins, var ég orðinn úrvinda hið innra þegar þarna var komið. Eftir að hafa verið í um það bil ár skotsþónn eineltis af hálfu yfirmanns, sem ég hefði átt að geta leitað til á mér til liðsinnis vegna slíkst ástands hafði tekið sinn toll. Hafði ég reynt að þola eineltið því allir vissu hve náíð starfsmannastýra vann með Fiskistofustjóra og sá ég enga leið til umkvörtunar, enda leiddi boðunarbréf hans í ljós hvert það hefði leitt. Sú óvissa sem hafði ríkt í mínu lífi á þriðja ár um hversu þunga dóma ég hlyti, hversu lengi ég myndi þá afplána *ef til þess kæmi* og sú óvissa að vita ekki hvenær afplánun yrði eða hvað tæki við í kjölfarið hafði nagað sálarlífið að dýpstu rótum.

Það er auðvelt, fyrir þá sem taka þátt í dómstóli götunnar, að segja sem svo „þú átt bara skilið það sem yfir þig dundi.“ Hvað ef þú lentir í mínum sporum? Hver eru mörkin fyrir réttlæti, sanngirni og hver er réttur okkar til að geta sótt störf með mannsæmandi hætti? Er ekki einmitt tilurð dómstóla sú að tryggja *fólki af mínu tagi* tækifæri til að sýna iðrun í verki, taka út sína refsingu, og sýna sinn betri mann í kjölfarið?

Auk þeirra mála sem sagt er frá í þessari sögu þurfti ég að þola félagslegt áreiti á vettvangi míns áhugamáls, sem er þjálfun leitarhunda. Þáttakendur í þeim hópum sem ég æfði með fréttu eðlilega að ég hefði hlotið dóm fyrir ofbeldi. Svo einkennilegt

sem það er leggur fólk saman tvo og tvo og fær út fimm. Fjöldi fólks hefur fullyrt að ég stundi að berja hundinn minn og sumir jafnvel lagst svo langt að lýsa yfir að þeir hafi séð mig gera slíkt, fólk sem aldrei hefur haft tækifæri til að sjá slíkar aðfarir.

Félagslegt áreiti sem ég þoldi utan vinnustaðar er þessari frásögu kannski óviðkomandi. Það skýrir hins vegar fullyrðingu mína, að ég sagði ekki upp störfum til að finna nýjan starfsvettvang eða vegna launakrafna heldur til þess að komast undan óbærilegum þrýstingi. Þrýstingi sem bættist við samlegðaráhrif úr öðrum áttum.

Ég þekki vel til sálrænna þátta. Meðal annars hef ég fengið ítarlega samtalsmeðferð hjá sálfræðingi þar sem ég kynntist ýmsum hliðum sálarlífs. Því var ég að vissu marki stoltur af sjálfum mér að geta sinnt starfi mínu af samvirkusemi allan þann tíma sem ég stóð gegn þessari erfiðu félagslegu ágjöf.

Því notaði ég tækifærið í svari mínu til Fiskistofustjóra og óskaði formlega eftir faglegri úttekt á mínum störfum. Hvert ástand minna kerfa hefði verið þegar ég tók við þeim. Eftir hvaða aðferðum ég vann að þeim og hver staða þeirra væri á þessum tímamarki.

Varðandi það hvort einhverjum ónefndum starfskonum þætti *óþægilegt* að starfa í sömu byggingu, og ég eða ekki, eins og minnst er á í boðunarbréfinu, get ég ekki tekið afstöðu til. Segir það nóg um þann sem tilgreinir, að hann skuli taka mark á slíku. Fólk finnst líka óþægilegt að einhver tekur hægt af stað á grænu ljósi. Það má væla yfir ýmsu í lífinu. Þroskað fólk tekur mismikið mark á slíku.

Sjálfur vil ég nota tækifærið og koma eftirfarandi væli á framfæri, „Mér þótti óþægilegt að missa aleiguna“, svo minnumst við ekki meira á þær tilfinningar.

Ýmsir fyrrum samstarfslagar á Fiskistofu, menn og konur, hafa mætt mér á förnum vegi síðan þetta var og heilsað mér með virktum og jafnvel faðmlagi. Til er fólk sem þar vann sem þekkir mig félagslega og þykir það ekkert óþægilegt. Það hefur jafnvel gerst í einkasamtölum að ég fæ að heyra hvernig andrúmsloftið á staðnum hefur þróast ár frá ári, en þær samræður eiga ekki erindi í efni þessarar bókar.

Svarbréfi mínu til Fiskistofustjóra hefur enn ekki verið svarað. Beiðni mín um úttekt á mínum störfum og niðurstöðu þar um er enn ósvarað.

Ég nýtti næstu þrjá dagana eftir að ég ritaði svarbréfið og sinnti mínum störfum af sömu alúð og áður. Ekki áttaði ég mig á að margir yfirmanna stofnuninarinnar voru meðvitaður um hvað var að gerast. Ég hafði jafnframt samband við Fangelsismálastofnun og kannaði við hverju ég mætti búast varðandi afplánun. Komst ég að því að ég þyrfti einungis að afplána í þrjátíu daga – hefði ég atvinnu – og aðra sextíu daga gæti ég verið á svonefndri Vernd. Þar þyrfti ég að gista á næturnar en gæti sótt vinnu eins og ekkert hefði í skorist.

Ég ræddi jafnframt við yfirmann minn, forstöðumann tölvusviðs, sem tjáði mér að ef hann fengi að ráða væri það hans ósk að ég héldi áfram störfum við mín verkefni. Ég svaraði honum á þá leið að ég væri reiðubúinn að taka með mér fartölvu í afplánun og vinna dags daglega í mínum verkefnum. Ég áréttaði að ég vildi halda áfram störfum hjá Fiskistofu þegar ég kæmi út. Þar sem ég hafði hvort eð er verið hvattur til þess að safna upp orlofsdögum þá átti ég inni allt að tveim mánuðum í ótekið orlof. Sá ég enga



ástæðu til að taka tveggja mánaða frí, ef einn mánuður dygði því mig virkilega langaði til að halda áfram að vinna, og við þau verkefni sem ég var ráðinn til.

Því var ljóst að ég þyrfti enga undanþágu frá störfum til að afplána einn mánuð. Ég þyrfti ekki launalaust frí eða sérstakt svigrúm utan þess sem eðlilegt gæti talist. Eins og þú sérð lesandi góður, þá var mér efst í huga á þessum örlagatíma lífs míns að sinna mínum skyldum og ábyrgðum af kostgæfni.

Í þeim samskiptum við Fiskistofustjóra sem áttu sér stað á næstu dögum atyrðir hann mig. Svo ég noti hans eigin orð, að hafa „dirfst til að safna orlofsdögum eins og mér finndist ég geta meðhöndlað orlofsdaga og ráðstafað þeim að mínum geðþótta án tillits til hagsmuna stofnunarinnar.“ Mig langar svara þessu með mínu lagi hér, og benda á að taka beri tillits til hagsmuna stofnunarinnar þegar hæft starfsfólk sem leggur hart að sér fyrir hag hennar er látið hætta störfum gegn vilja sínum.

Sem fyrr segir var þetta mál orðið heyrinkunnugt innan stofnunarinnar. Fólk gerði sér ljóst að verið væri að taka mig fyrir. Ýmsir starfsmenn komu að máli við mig til að stappa í mig stálinu. Voru þó fleiri farnir að sniðganga mig á göngunum en ekki bara starfsmannastjóri og hennar félagshringur. Eins og allir vita þá tekur fólk afstöðu þegar yfirstjórnir fyrirtækja stilla einstökum starfsmönnum upp við vegg. Sumir styðja við málefnið en flestir fylkja sér í lið með yfirvaldinu, það er eðli hópsálar. Ég tiltek þetta því þegar yfirmenn leggja starfsmann í einelti eru þeir að gefa út veiðileyfi á hann.

Fleiri þættir snéru að eineltinu sem ég sé ekki ástæðu til að tiltaka en höfðu komið upp undangengið ár. Það var minn vilji að starfa þarna áfram, mér líkaði við verkefni mín og teymið sem ég var hluti af. Ég trúði að vinnuframlag mitt skipti máli samfélagslega,

enda var ég ekki bara að vinna með kvótakerfi Íslands heldur betrubæta það. Ég er að upplagi íhaldssamur og þjóðlega sinnaður.

*Ég er ennfremur áhugamaður um samfélagsmál. Eins og sést á áhuga mínum á þjálfun leitarhunda. Þó ég sé áhugamaður um hundþjálfun almennt stunda ég einungis þá þjálfun þar sem hundar geta orðið samfélagi að gagni. Leitarhundþjálfun snýst um að hundur geti bjargað mannlífi. Enn fremur leiðbeini ég vikulega á slíkum æfingum til að kenna öðrum það sem ég hef lært og hef ennfremur ferðast um landið þegar ég hef haft tök á og kennt hundþjálfun. Hvoru tveggja er gert í áhugamennsku til að stuðla að jákvæðri og uppbyggilegri hundamenningu fyrir menn og hunda.*

Mínir nánustu yfirmenn, forstöðumaður tölvusviðs og yfirkerfisstjóri lýstu yfir þeirri ósk í einkasamtölum við mig að ég yrði áfram við störf. Var vissulega styrkur í því en yfirmaður tölvusviðs tjáði mér þó tvívegis að honum hefði verið hótad brottvikningu ef hann tæki ekki þátt í að þrýsta mér til uppsagnar.

Hann kom að máli við mig á þeirri skrifstofu sem ég hafði til umráða. Þar segir hann mér undir fjögur augu að sér hafi verið tilkynnt að verði ég ekki þvingaður til að hætta þá sé sitt eigið starf í hættu. Þetta ítrekaði hann við mig síðar í þeirri sömu viku og í það sinnið inni á hans skrifstofu. Því var komin upp óþægileg staða. Ljóst var að annaðhvort myndi ég hætta sjálfur eða mér yrði sagt upp. Mulnings vélin var komin í gang og yrði ekki stöðvuð.



Í lok þeirrar viku – á föstudagsmorgni - sendi ég tölvupóst til Fiskistofustjóra og bið um einkafund. Vildi ég tjá honum hverju ég komst að hjá Fangelsismálastofnun og ennfremur ræða mín sjónarmið persónulega. Vonaði ég að hægt væri að milda stöðuna. Þetta var draumstarfið mitt, ég hafði lagt hart að mér í tvö ár. Ég vildi alls ekki missa það ef hægt væri að komast hjá því. Ef hinn hái herra gat ekki rætt málin hlyti *maður af mínu tagi* neyðast til þess?

Var ég tilbúinn að þola eineltisþrýsting starsmannastjóra enn um hríð ef því væri að skipta. Ekki má gleyma að eðli starfs míns vegna var hægt að lágmarka samskiptanúning minn við annað starfsfólk. Vildi ég ræða þessi mál við Árna Múla og leita sátta, áður en haldið væri áfram með formlegum hætti. Því rita ég tölvuskeyti og bið um fund. Svarar hann því um hæl og úthlutar mér tíma skömmu eftir hádegi.

Er þeim skeytasamskiptum varla lokið þegar tölvuskeyti berst í mitt innhólf. Þar ritar mér þáverandi forstöðumaður veiðiheimildasviðs. Ritar hann þar stór orð með gagnrýni í minn garð og á mín störf. Sést í innihaldi skeytisins að afrit þess er stílað á *alla sviðsstjóra stofnunarinnar* ásamt Fiskistofustjóra.

Ég las skeytið og eitthvað dó. Ég gat ekki meir. Ég var búinn með allt þrek. Ég skrifaði samstundis skeyti til Fiskistofustjóra þar sem ég með einni textalínu tilkynnti uppsögn mína úr starfi. Ég gat ekki verið þarna deginum lengur, gat ekki staðið lengur gegn þessu þrúgandi og erfiða afli sem hafði snúist gegn mér persónulega og skýldi sér á bak við grímu hins faglega.

Á þessum tímapunkti mundi ég ekki eftir því hvernig fyrrum starfskona Fiskistofu hafði verið þvinguð til uppsagnar, rúmu ári fyrr. Sumarafleysingakonan sem það mál snérist um varð síðar fastráðinn starfsmaður Fiskistofu, með meiri ábyrgð en á þeim

tíma þegar hún var í afleysingum. Í það minnsta um tíma vann hún náði með starfsmannastýru og undir hennar verndarvæng, sama aðila og hóf eineltið gegn hinni. Þriðji aðili hefur tjáð mér að umrædd stúlka sé uppeldissystir sviðsstjóra upplýsingasviðs, það hef ég eftir óstaðfest og veit ég ekki hvort satt er.

Fiskistofustjóri svarar uppsögn minni því sem næst samstundis. Tilkynnir hann samþykki sitt en áréttar að við eigum fund síðar þann dag. Túlkaði ég hraða hans til svara og orðalag svo að það væri hans vilji að ég hyrfi á brott. Hann hefði getað beðið þar til eftir boðaðan fund okkar og leitað lendingar á sama hátt og ég hafði sjálfur ætlað mér. Hann hefði getað rætt hlutina á mannlegum nótum og fundið lendingu í samræmi við þá menntun og reynslu sem hann býr yfir.

Nú snýr að öðrum þætti í þessu ferli. Þegar ég fékk boðunarbréfið skrifaði ég tölvuskeyti til verjanda míns í áðurnefndu dómsmáli, sendi honum afrit af boðunarbréfinu og spyr hann um ráðgjöf. Hann svaraði ekki. Ég hringdi því til hans og hann tjáði mér munnlega að lítið þýddi að verjast.

Ég var opinber starfsmaður hjá ríkisstofnun. Þegar ég hóf þar störf var ég gegn mínum vilja látinn skipta um stéttarfélag. Ég var áður meðlimur í VR. Ég mótmælti að þurfa að skipta um stéttarfélag. Ég hafði ég reynslu af að VR stendur með sínum félagsmönnum þegar á reynir. Vildi ég vera þar áfram.

Mér var tjáð við það tækifæri að ætlast væri til þess að allir ríkisstarfsmenn væru meðlimir í SFR, Stéttarfélagi starfsmanna ríkisins. Ég samþykkti, en með semíngi því ég var nýráðinn starfsmaður og *vildi ekki rugga bátum*. Til eru lög sem tilgreina að ekki megi þvinga fólk til að skipta um stéttarfélag. Þó eru þess dæmi að hægt sé að beina fólki inn á brautir annarra stéttarféлага vegna sérsamninga um kaup og kjör. Er ég ekki sérfræðingur í

þessu en tveimur árum síðar fékk ég að sjá eftir að hafa ekki staðið fastar á rétti mínum við ráðningu.

Þegar ég fékk umrætt boðunarbréf hringdi ég samstundis í þjónustuver SFR. Þar ræði ég við fulltrúa. Ég útskýri málsatvik, bið um að málið sé skráð og bið um aðstoð og ráðgjöf til að bregðast við þeim þrýstingi sem ég var beittur. Eðli málsins samkvæmt kemur fram í viðtalinu um minn refsídóm en reynslan er að hann vekur upp foróma í minn garð. Bað ég um stuðning til að bregðast við þrýstingi Fiskistofustjóra og starfsmannastjóra. Þetta er í nóvember 2009.

Starfsmaður SFR segir mér í téðu símaviðtali að hana skorti þekkingu til að ráðleggja mér en segir „ég skal skrá þetta mál inn í tölvukerfi okkar, ræða við manneskju sem veit meira um mál af þessu tagi, og hafa samband við þig innan tveggja daga.“ Láðist mér að skrifa hjá mér við hvern ég ræddi, enda treystir maður stéttarfélagi sínu að óreyndu, eða ætti að geta það.

Dagana sem í hönd fóru sinni ég mínu starfi. Viku síðar hringi ég aftur í SFR og spyr þjónustuverið hvort niðurstaða sé komin varðandi fyrirspurn mína. Kemur þá í ljós að erindið hafði ekki verið skráð og að ég þyrfti að hefja fyrirspurnarferlið að nýju. Þarna var ég nánast farinn á taugum, sem fyrr hefur fram komið. Ég treysti mér því ekki til þess þegar þarna var komið að standa gegn fordómum míns eigin stéttarfélags og þvinga það til að sinna sínu hlutverki.

Ég fékk þó trúnaðarmann stéttarfélagsins hjá Fiskistofu til að vera áheyrnarfulltrúi á fundum sem í kjölfarið áttu sér stað milli mín og Fiskistofustjóra. Hún talaði við SFR og fékk það staðfest að fyrirspurnir mínar voru óskráðar. Hún styrkti mig með ráðum og dáð eftir því sem hennar geta og staða leyfði og kann ég henni góðar þakkir fyrir þann félagslega stuðning.

Daginn sem ég skrifa uppsagnarbréfið fer ég því á fund Fiskistofustjóra í fylgd trúnaðarmanns. Hann hrósar mér fyrir að „taka málin í eigin hendur“ hvað sem það merkti. Óskaði hann mér velfarnaðar í framtíðinni. Þá segir hann að ég eigi þriggja mánaða uppsagnarfrest, og býður hann mér fjórða mánuðinn. Enn fremur að ég þurfi ekki að vinna uppsagnarfrest, nema hálfan mánuð frá þeim degi sem fundurinn er haldinn. Þær tvær vikur skuli ég aðstoða arftaka við innsetningu í verkefni mín og gangi það vel fái ég fjórða mánuðinn greiddan.

Ég vann þennan hálfan mánuð og síðasta daginn sem ég var starfandi var vissu fargi af mér létt að ganga þaðan út. Var ég of þreyttur til að íhuga hve alvarleg staða mín í samfélaginu var þar með orðin. Var þó hryggur því ég stóð upp frá óklárðu verki. Það hefði tekið sex mánuði til viðbótar að klára útfösun gamla vefsins og ganga frá þeim nýja eins og upp var lagt með.

Síðan ég gekk úr starfi hjá Fiskistofu eru liðin rúm þrjú ár. Ég hef sótt um yfir tvö hundruð störf í upplýsingatækni þegar þetta er ritað. Ég hef verið svo heppinn að fá allt að sextíu viðtöl. Að fá viðtal að meðaltali fyrir fjórða hvert starf sem sótt er um segir mikið um mína ferilskrá. Svo ég vitni aftur í starfsmann á skrifstofu Vinnumálastofnunar, sem þekkir til þessarar sögu, „haltu áfram að sækja um þar til þú ert dottinn út af sakaskrá, þegar það gerist færðu fljótt vinnu aftur.“ Ef hún veit hvernig vinnumarkaðurinn hugsar, þá veit Árni Múli það ekki síður. Hann vissi það einnig þegar hann svipti gerði atlögu að starfsframa mínum.

Þegar ég lauk störfum hjá Fiskistofu var ég langt kominn að borga af bílaláni hjá Lýsingu. Ég hafði keypt mér jeppa, áður en ég hóf þar störf, gagngert til að geta sinnt leitarhundþjálfun árið um kring og geta ferðast um landið í mínum fríum. Ég var lengi að velja rétta bílinn og valdi hann gagngert frá þessu sjónarmiði. Þetta segi ég því ég tók ekki þátt í 2007 ævintýrinu og hef engan

áhuga á *flottum jepum*. Ég valdi mér bíl sem ég gæti nýtt til tveggja áhugamála sem eru innanlandsferðalög og hundþjálfun. Bíllinn átti að endast mér að lágmarki í tíu ár eða langt umfram þann tíma sem lánið tiltók og ég veitti bílnum viðhald með þetta í huga enda keypti ég bíl í þannig ástandi að líklegt væri að þetta tækist. Þegar hann var hirtur var hann enn í margfalt betra ástandi en bílar janf mikið eknir eða á svipuðum aldri.

Rúmu ári eftir að mér var ýtt út af Fiskistofu tók Lýsing bílinn, en ég hafði þó náð að greiða 60% af láninu. Ég hafði einnig á þessum tíma verið að kaupa íbúð með systur minni sem nú er flutt til Danmerkur. Okkar samkomulag var gott varðandi íbúðina, ég greiddi ákveðið hlutfall í henni og höfðum við systkynin samkomulag okkar á milli sem var þekkt og viðurkennt innan fjölskyldunnar. Sú íbúð er nú eign íbúðalánasjóðs.

Ég er ekki á bíl í dag, ég á reyndar 100.000 króna bíl sem mér áskotnaðist fyrir tilviljun en hann er númerslaus, enda hef ég hvorki efni á bifreiðagjöldum né tryggingum. Ég keypti mér síðast fatnað fyrir fjórtán mánuðum, tvennar ódýrar jogging buxur. Ég hef ekki keypt mér skyrtuból í rúm þrjú ár. Hver króna fer í lágmarks framfærslu heimilisins. Ég rétt svo næ að endurnýja nærfatnað. Fyrir hefur komið fyrir þessi rúmu þrjú ár að varla var til fyrir matarinnkaupum. Sem betur fer hef ég verið lánsamur varðandi stuðning úr mínu félagsneti, enda á ég góða vini þrátt fyrir að vera *maður af mínu tagi*.

Það gefur auga leið að ég hef ekki efni á að endurnýja skófatnað. Ég á eitt par af strigaskóm og annað gamalt par af gönguskóm. Strigaskórnir misstu sólann í haust en skósmiður tjaslaði þeim saman og lengdi endingu þeirra. Gönguskórnir eru í sömu stöðu en þeir bíða þess að ég geti önglað saman fyrir viðgerð.

Ég stunda engin félagsmál því ég kemst sjaldan á stjá. Ég hef því takmarkaða getu til að stunda félagslíf. Ég get ekki greitt neinn kostnað af félagslífi, og hef í raun ekki efni á strætókorti. Svo ég geng til allra útréttinga.

Ég hef verið lánsamur varðandi skilning leigusala á aðstæðum, en þó munaði tæpu fyrir hálfu ári. Þá var útburðarferli að hefjast en það náðist að laga þá stöðu. Þegar ég endanlega lendi á götunni (en það er fyrirsjáanlegt aftur) verða góð ráð dýr. *Auðvitað á ég þetta skilið, ég sagði upp sjálfur og ég kom að konu minni með manni um miðja nótt, ég lofa að hvorugt gerist aftur.*

Hefðbundinn síma og aðgang að neti hef ég ekki haft í á annað ár. Hef þó getað bjargað mér um lágmarks netsamskipti með 3G tæki sem ég eignaðist meðan ég hafði vinnu. Hef þannig getað keypt stöku netfrelsi og þó ég hafi ekki efni á að nota GSM síma hef ég opið símanúmer í Nova frelsi. Það merkir að hægt er að hringja í mig og ég get hringt í þá vini sem einnig eru í Nova. Það er skopleg hlið á því dæmi, þegar fólk gefur mér upp númerið sitt spyr ég hjá hvaða símafyrirtæki það sé. Þeir sem ekki eru í Nova heyra svo ekki aftur í mér. Sért þú einn þeirra þá veistu núna hvers vegna, og einnig að ég læt í mér heyra finni ég vinnu.

Fyrstu tvo mánuðina sem ég var atvinnulaus fékk ég ekki rétt til atvinnuleysisbóta því ég hafði sagt upp sjálfur. Einnig missti ég réttinn til tekjutengdra bóta af þeim sökum. Þegar ég rökstuddi beiðni mína skilning Vinnumálastofnunar á aðstæðum, því ég sagði upp tilneyddur var því hafnað. Í dag er ég ekki lengur á atvinnuleysisrá heldur á framfærslu Félagsþjónustunnar í Hafnarfirði, enda misst bótarétt.

Blöndunartækin á baðinu heima eru biluð. Það kostar á þriðja tug þúsunda að gera við þau. Það er því framkvæmt með þvottapoka. Þar sem atvinnulausum Hafnfirðingum býðst sundkort sér að

kostnaðarlausu hef nýtti ég mér þann kost allt síðasta ár að fara í laugar annan hvern dag. Biluð sturta hefur því litlu máli skipt þar til nú því að atvinnulausir á framfærslu Féló fá ekki sundkort, svo þvottapokinn dugur þessa dagana.

Ég gæti skrifað lengri lýsingu úr dýrðardal atvinnuleysis, en til hvers? Framangreint er ekki skrifað af neinni vælu, heldur beinhörð staðreynd. Minn veruleiki er þessi og dreg ég sumt undan. Ég læt duga að segja hér, að þetta ástand hefur tekið á og verið góður skóli. Enginn fer út í svona örlög ótilneyddur. Það kostar allar þínar verldlegu eigur og einnig sjálfsvirðingu að vera langtíma atvinnulaus. Einnig eyðileggur það félagslega þáttöku og einangrar.

Haustið 2012 ræddi ég við SFR að nýju og staðfesti þar starfsmaður að nafni Alma og síðar framkvæmdastjóri Þórarinn Eyfjörð, að starfsfólk félagsins rekur minni til beiðni minnar um aðstoð við að mín mál. Viðhorf félagsins er þó þetta „um leið og þú sagðir upp kom þetta mál okkur ekki lengur við“ svo ég vitni til orða Þórarins. Ennfremur hef ég tölvuskeyti þar sem hann þvær hendur félagsins af allri ábyrgð á þessu máli með mjög fallegu og stofnanalegu orðagjálfrí sem sómt hefði hvaða Pontíusi sem væri.

Ég hvet þig lesandi góður að gæta að þínu eigin stéttarfélagi. Veldu þér félag eftir því sem það hefur verið reynt að stuðningi við sína félagsmenn og ekki láta þvinga þig í eitt félag umfram annað. Umfram allt láttu ekki orðagjálfrí og loforð slá ryki í augu þér heldur skoðaðu verk þíns félags.

Téðir starfsmenn SFR sögðu mér að á sínum tíma hefði ég getað leitað til Umboðsmanns Alþingis. SFR var beðið um stuðning á sínum tíma m.a. til að ropa þessum upplýsingum upp í tæka tíð. Það hefði þó litlu skipt. Frami minn var aflífaður af fyrrum

starfsmanni Umboðsmanns Alþingis. Heiður er ekki bundinn í faglegt orðagjálfur né lagabókstaf.

Ég man vel eftir einu atviki. Daginn sem ég hafði lokið tilskildum tveggja vikna vinnufresti bað Árni Múli mig að líta við á skrifstofu sinni á leið minni út. Ekki man ég hvert erindi hans var, enda leit hann vart upp frá tölvuskjánum. Ég man að ég sagði honum í samtalinu að sumu fólki væri heiður meira virði en fagurt orðalag. Þegar hann kvaddi mig spurði hann mig hvað ég myndi gera þá helgi, en þetta var á föstudegi. Þótti mér spurningin einkennileg en sagði honum að ég og kærasta mín ætluðum saman út á land ásamt dóttur hennar. Ég gleymi ekki svipnum sem kom á hann um leið og hann spurði „bíddu, ertu með barn á framfæri?“ Ég svaraði því játandi.

Las ég í svip hans að hann hafði ekki íhugað hver áhrif aðgerða sinna yrðu á fleiri aðila en mig sjálfan. Ég hef ekki spurt systur mína hvað henni finnst um að þessar aðgerðir kostuðu hana sinn hlut í íbúðinni, en hún var meirihluta eigandi hennar og hafði lagt hart að sér árum saman til að hún yrði keypt. Kannski er ekki kennt í mannréttindalögfræði að hugsa út fyrir nánasta hring, en ég veit ekkert um lögfræðináms. Ég veit þó að lögfræðingar hafa einstakan skilning á stöðu fólks sem minna má sín svo sem þeirra sem lenda í vanskilum. Nóg um það.

Refsiglæpur minn á sínum tíma snérist um að ég kom að minni þáverandi sambýliskonu með öðrum manni þegar áliðið var nætur. Við höfðum þá verið í fjarbúð um hríð en vorum að klára samningagerð um leigu á húsnæði sem leyfði virkri sambúð að hefjast. Ég sló hana nokkrum sinnum í því rifrildi sem í kjölfarið fór. Við réttarhöldin kom fram að ég hafði aldrei fyrr slegið hana.

Ég var í sömu réttarhöldum dæmdur fyrir að snerta hana ósæmilega (kynferðisafbrot). Sjálf kannaðist hún ekki við að ég hefði gerst brotlegur. Var sá hluti dómsins byggður á framburði sem ég hafði gefið, í hálfkæringi undir áhrifum áfengis, við rannsóknarlögregluþjón. Dómarinn kaus að líta svo á að sá framburður væri gildur og er það hennar lögmæta afstaða hver svo sem sannleikur málsins er. Kannski þykir henni að *menn af mínu tagi* eigi skilið grimmileg örlög. Hæstiréttur komst að sömu niðurstöðu. Hæstiréttur hefur eins og þjóð veit, dæmt ungt fólk fyrir morð sem síðar reyndist vera saklaust.

Dómurinn lítur mun harðar út á dv.is en hin raunverulega saga er. Hvort umfjöllun DV um mín mál sé raunhæfari en hlutlaus rýni í sögu mína, skal ósagt látið. Sumum þykir DV vera *áhugaverður* miðill. Aðrir vilja vita alla söguna og sumir hafa fengið að vita hana.

Síðan ég lauk afplánun hef ég nýtt mér 12 spora kerfi Al-Anon og CoDA til að vinna úr mörgum tilfinninga flækjum minnar fortíðar, bæði æsku minnar sem fullorðinsára. Ég hef sótt í farveg heilunar og bata hvar sem ég hef getað, gagngert til að uppræta þann hluta af sjálfs mín sem missti stjórn á skapi sínu á ögurstund. Mín afstaða hefur verið frá upphafi sú að afmá skapofsa og drama úr minni sál.

Ég hef leitað til sálfræðings með stuðningi Félagsþjónustunnar. Ég hef nokkuð reynt að skrifa mig frá þeirri æsku sem mótaði mig, svo sem sjá má á sjálfshvatningar kerfi sem ég samdi og nefnist *Ferli jákvæða viljans* og er öllum aðgengilegt á [www.ferlid.is](http://www.ferlid.is).

Ég féll í þungbært þunglyndi, og fylgdu því ágengar sjálfsvígs hugsanir. Varði það ástand vel á annað ár. Þegar ég var tíu ára gamall fyrirfór faðir minn sér vegna samskonar þunglyndis á tímum svartnættis í sínu lífi. Stundum þakka ég hundinum mínum



að ég stóðst þessa raun. Oft var það hans augnaráð sem stöðvaði fyrrgreinda hvöt því hann er mér háður og ég get ekki skilið hann eftir umkomulausan.

Sem fyrr hefur komið fram hef ég stundað þjálfun leitarhunda árum saman. Þegar refsidómur minn komst í almannatal á vettvangi félagslífs í hundabjálfun varð ég einnig fyrir einelti og útskúfun á þeim vettvangi, eins og áður hefur komið fram. Í kjölfarið stofnaði ég til félagsskapar um hundabjálfun undir nafninu Hundasport. Þar hef ég verið virkur við leiðsögn slíkrar þjálfunar frá vorinu 2008. Ég er þó ekki eini leiðbeinandinn þar. Upplýsingar um þessa þjálfun má finna á [www.hundasport.is](http://www.hundasport.is)

Ég á sjálfur sök á því að ég framdi glæp þegar ég kom að konu minni með manni, og ég átti skilið að afplána fyrir það. Einnig er það ég sjálfur sem sagði starfi mínu lausu, en í það skipti barðist ég gegn þrýstingi til að ég segði upp og það vita allir sem mig umgengust á þeim tíma, bæði samstarfsfélagar og vinir. Ég lét undan gífurlegum þrýstingi til að segja upp, á tímabili sem ég hafði lítinn sálarstyrk til að verjast og engan félagslegan stuðning. Þeir sem beittu mig þessum þrýstingi vissu hvaða afleiðingar það myndi hafa og þau misnotuðu það vald sem þeim er falið sem opinberir starfsmenn.

Ég hef reynt þessi þrjú örfoka ár að vera eins virkur andlega og félagslega og mér hefur verið fært. Hugsun mín á rætur í Íslenskri menningu, ég er stoltur af að vera Íslendingur og ég hef neitað að láta buga mig. Ég hef unnið ólaunaða forritun undir nafninu [www.nalgun.is](http://www.nalgun.is) og gert þar virka vefi, suma með félagslegu ívfai, og smíðað þar ýmis tölvukerfi s.s. kerfi til verkefnastjórnunar sem er frítt þeim sem nota vilja. Þannig hef ég haldið mér virkum og sýnt baráttuhug minn og hugarstyrk í verki.

Fjölmiðlar hrópa upp ef einelti kemur upp í skóla eða konu þykir óþægilegt að fara í vinnuna. Það má hins vegar leggja fullorðna karlmenn í einelti. Sérstaklega menn sem eiga þannig félagslegar aðstæður eða fortíð að þeir geta ekki svarað fyrir sig? Vald er vandmeðfarið, og við höfum öll vald til að taka afstöðu og móta samfélag okkar með virkum hætti.

Má rústa lífi fólks og nota þá sem blóraböggul fyrir mistök yfirmanna? Hvernig er hin faglega nálgun hins opinbera? Er rýnt í hana? Þolir hún rýni? *Fiskisaga af einelti* er þess virði að vera sögð verði hún til að í það minnsta ein manneskja öðlist frelsi frá kúgun.

Ég hef verið margvaraður við því að rugga bátnum og segja söguna. Ég er hinsvegar sokkinn djúpt eftir rúmlega þrjú ár í atvinnuleysi. Starfsrfami minn er í rúst og mér er sama hverjar afleiðingarnar hvað mig snertir. Þó ég hefði haldið starfi mínu tæki það tíu til fimmtán ár að greiða úr þeim fjárhags byrðum sem dómsmálin höfðu.

Umfram allt er ein höfuð spurning sem ég vil að bók mín vekji. Hvert er ástand tölvumála hjá hinu opinbera? Eru til skilgreiningar um hvernig hið opinbera skuli nýta upplýsingatækni? Er einhver ástæða fyrir að eitt fyrirtæki (Skýrr, síðar Advania) fær áberandi flest þeirra verkefna sem úthýst er. Hvers vegna fjalla fjölmiðlar ekki um þennan risastóra en falda lið sem skattgreiðendur kaupa? Eru einhver að forðast að ræða hið tæknilega því kannski vill enginn lesa um hið tæknilega? Eru Íslendingar hættir að krefja hið opinbera um ábyrgð?

Kæri lesandi, ég hæli þér fyrir þolinmæði við lesturinn. Skrifi ég fleiri bækur lofa ég því að þær verða á léttari nótum og skrifaðar af löngun til skrifta en ekki nauð.

Guðjón E. Hreinberg,  
Hafnarfirði, apríl 2013.



ISBN 978-9979-72-362-2